



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

8. janúar 2007 — 7. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR

Með puttana á púlsinum

Einar Már Guðmundsson heiðrar átrúnaðar-góðið Bowie.

TÍMAMÓT 20

Fær blindnar viðtökur

Ásgeir Davíðsson snýr aftur í hundrað og einn.

FÓLK 34

Með sorgarrendur á Sigurhæðum

„Hvernig skáld hefði Jochumsson orðið hefði hann notið nútíma-starfslauna og verið frjáls af guðsorði og erfiljóðaframleiðslu?“ spyr Hallgrímur Helgason.


Í DAG 18

Jafnt gegn Dönum

Íslenska landsliðið glutraði unn-um leik gegn Dönum niður í jafntefli.

ÍÞRÓTTIR 30

VEÐRIÐ Í DAG



KALT OG KÓLNAR - Í dag verða norðaustan 5-13 m/s, hvassast norðvestan, vestan og suðaustan til. Eljagangur á norðurhluta landsins og hætt við snjómuggu allra syðst. Frost 3-12 stig, kaldast til landsins.

VEÐUR 4



PÁFAMESSA Benedikt XVI páfi messar við skírnarathöfn í Sixtínsku kapellunni í Páfagarði í gær, á jóladegi Austurkirkjunnar, sem heldur sig við júlíanska tímatalið í stað hins gregoríska sem Vesturkirkjan og Vesturlönd almennt hafa notað frá því á sextánda öld. Páfi féllst í gær á afsögn Stanislaus Wielgus, sem fyrir skömmu var útnefndur erkibiskup af Varsjá. **Sjá síðu 4.**

MYND/AP

Sjómenn á leið úr ASÍ

Nýtt sameinað stéttarfélag Sjómannafélags Reykjavíkur og Matsveinafélags Íslands hyggur á úrsögn úr Sjómannasambandinu til að losna úr ASÍ. Framkvæmdastjórinn segir forystu ASÍ hafa fjarlægst grasrótina.

FÉLAGSMÁL Sjómannafélag Íslands er á leið út úr Sjómannasambandi Íslands – heildarsamtökum sjómannafélaga.

Að Sjómannafélaginu standa Sjómannafélag Reykjavíkur og Matsveinafélag Íslands sem sameinuðust undir nýju nafni fyrir fáum dögum.

Ástæða úrsagnar úr Sjómannasambandinu er óánægja með starfshætti forystu Alþýðusambandsins sem Sjómannasambandið á aðild að.

Einstök stéttarfélög geta ekki sagt sig úr ASÍ og starfað áfram innan vébanda aðildarsamtaka ASÍ. Því telja félagar í Sjómannafélagi Íslands sig eiga þann kost einan að segja sig úr Sjómannasambandinu.

Eftir á að greiða atkvæði um úrsögnina en að sögn Birgis Hólms Björgvinssonar, framkvæmdastjóra félagsins, liggur fyrir samþykkt fjölmenns aðalfundar. Hann telur atkvæðagreiðsluna, sem hefst á framhaldsaðalfundi næsta fimmtudag og lýkur daginn eftir, aðeins formsatriði.

Birgir segir óánægju með starfshætti ASÍ búa að baki fyrirhugaðri uppsögn. „Okkur hefur fundist anda köldu til okkar. Þetta er orðið eintómt hagfræðinga- og lögfræðingalið sem mér finnst fjarlægast grasrótina.“

Um leið sé þeim peningum sem félagið þarf að greiða árlega til ASÍ betur varið í fórum félagsmanna. „Þetta eru nokkrir hund-

að þúsund kallar,“ segir Birgir en vill ekki gefa upp nákvæma fjárhæð.

Birgir segir óánægju hafa gætt um nokkurra ára skeið og úrsögn blundað undir niðri. Hann rekur upphafið fimmtán ár aftur í tímann. „Þeir hlógu að okkur þegar við börðumst gegn útlandingaflæðinu í fraktinni. Við sögðum að útlandingar myndu flæða hér um bryggjurnar og höfum nú misst fleiri hundruð farmannastörf úr landi.“

Í gagnrýni sinni á ASÍ-forystuna undanskilur Birgir Grétar Þorsteinsson forseta. Hann segir það líka hið versta mein að til úrsagnar úr Sjómannasambandinu þurfi að koma enda ekkert upp á það að klagja. Þá kveður hann formann þess, Sævar Gunnarsson, hafa staðið sig vel. Vonast hann jafnframt til að Sjómannafélag Íslands muni eiga gott samstarf við Sjómannasamband Íslands.

Flest skip eru á sjó og því viðbúið að kjörsókn verði í lágmarki. Birgir segir það verra en hafi ekki áhrif á kosninguna þar sem gildi hennar er ekki háð mörkum um þátttöku.

„Ég tjái mig ekkert um þessa úrsögn fyrr en hún er orðin að veruleika,“ segir Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambands Íslands. „Það er engin ástæða til þess að nuddast í þessu fyrr en þetta er komið á hreint.“

Ljóst er að meðlimum Sjómannasambands Íslands mun fækka töluvert verði af úrsögninni, en í Sjómannafélagi Íslands eru um sjö hundruð manns. Samkvæmt Sævari voru um 3.500 manns í Sjómannasambandinu þegar hann síðast vissi. - bþs / sps



BIRGIR HÓLM
BJÖRGVINSSON

Íhuga stórlækkun félagsgjalda í VR í kjölfar aukinna tekna vegna fjölgunar félaga:

Tækifæri til að lækka gjöldin

ATVINNA „Starfsemin hefur náttúrulega aukist með meiri fjölda en afkoman hefur verið mjög góð þannig að væntanlega styttest í að menn fari að ræða um að lækka félagsgjöld,“ segir Gunnar Páll Pálsson, formaður VR.

Eins og gildir um mörg önnur stéttarfélög hefur félagsmönnum fjölgað ört í VR á undanförnum árum. Þannig fjölgaði í VR úr tuttugu þúsund félagsmönnum árið 2001 í nærri 26 þúsund félagsmenn árið 2005. Þessum fjölda fylgja aukin félagsgjöld.

Gunnar segir mikla umræðu hafi verið um það í fyrra að lækka félagsgjöldin í VR um 20 til 30 prósent. Í dag greiða félagsmenn



GUNNAR PÁLL PÁLSSON Formaður VR segir rætt um að lækka félagsgjöld um 20 til 30 prósent.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

eitt prósent launa sinna í félagsgjald til VR. Þess utan greiða vinnuveitendur þeirra 1 prósent í sjúkrasjóð félagsins og 0,25 prósent í orlofssjóð. Gunnar Páll segir að ekki sé rætt um það að sinni að

gera breytingar á framlaginu í sjúkrasjóð og orlofssjóð.

Búast má við því að lækkun félagsgjaldsins verði á dagskrá aðalfundar VR í lok mars. „Við þurfum að taka þessa umræðu fyrir aðalfundinn. Það verður trúnaðarmannafundur í lok janúar þar sem við munum ræða þetta mál,“ segir Gunnar Páll.

Samkvæmt síðustu launakönnun VR námu meðallaun félagsmanna 320 þúsundum króna á mánuði. Af slíkum launum eru greiddar 38.400 krónur á ári í félagsgjald til VR. Ef sú upphæð yrði lækkuð um fimmtung eins og rætt er um myndi ársgreiðslan lækka um 7.680 krónur.

- gar

Betra seint en aldrei:

Skilaði bók 47 árum of seint

BANDARÍKIN, AP Robert Nuranen, íbúi í Michigan-ríki Bandaríkja-anna, skilaði bók á hverfisbókasafn sitt á dögunum, fjórutíu og sjö árum of seint. Skilafresturinn á bókinni, Prince of Egypt, rann út þann 2. júní árið 1960. Ávísun upp á 171 bandaríkjadál fylgdi með bókinni þegar henni var skilað.

Nuranen segist hafa rekist reglulega á bókina í tiltektum, og einn daginn ákveðið að láta til skarar skríða og skila henni.


Bókasafnið hafði löngu týnt öllum skráum um tilvist bókarinnar. „Þetta sýnir að það er aldrei of seint að skila bókum,“ segir bókasafnsvörður.

- sps

LESTUR MEDAL 12-49 ÁRA

höfuðborgarsvæðið

Mánudagur



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í nóvember 2006.

SPURNING DAGSINS



Ragnar, eiga ekki öll dýrin í skóginum að vera vinir?

„Til að allir geti orðið vinir í skóginum þurfa menn að geta hist án þess að þess að stofna sér í hættu uppi á háum hálsum.“

Nýr Vestfjarðavegur á að liggja um Teigs-skóg í Þorskafríði, náttúruverndarmönn-um til mikilla rauna. Ragnar Jörundsson er bæjarstjóri í Vesturbýggð.



KJARNORKUSTÖÐIN Í NATANZ Hér eru Íranar sagðir auðga úran. NORDICPHOTOS/AFP

Stjórn Ísraels vísar frétt á bug: Ísraelar sagðir æfa árás á Íran

ÍSRAEL, AP Talsmenn Ísraelsstjórnar harðneituðu í gær að nokkuð væri hæft í því sem fram kom í frétt breska dagblaðsins The Sunday Times í gær um að ísraelskir hermenn væru nú þegar að æfa hugsanlega árás með kjarnorkuvopnum á kjarnorkustöðvar Írana suður af Teheran. Blaðið hefur það eftir „mörgum ónafngreindum heimildarmönnum innan Ísraelshers“ að árásaráformin miðuðu að því að stöðva kjarnorkuáætlun Írana, einkum og sér í lagi getu þeirra til að auðga úran, en úr auðguðu úrani er bæði hægt að knýja raforkuframléiðslu í kjarnorkuverum og búa til efni í kjarnorkusprengjur. Til þessa yrðu notaðar svokallaðar „byrgjasprengjur“ – enska heitið er „bunker busters“ – en þær eru búnar litlum kjarnaoddi og hannaðar til að granda niðurgröfnum mannvirkjum sem hefðbundnar sprengjur bíta lítið á.

- aa

LÖGREGLUMÁL

Stal úlpu og sandölum

Brotist var inn í bifreið við Breiðholtslaug í gærkvöld og stolið þaðan grænni dúnúlpu, farsíma, sandölum og leðurhönskum. Þá hurfu skráningarnúmerin AZ-092 af bifreið í borginni um kvöldamatarleytið.

Ráðist á 15 ára stúlku í Keflavík með hafnaboltakylfu og hnefahöggum:

Árásarmennirnir voru 13 og 14 ára

LÖGREGLUMÁL Tvær táningsstúlkur, 13 og 14 ára gamlar, réðust að 15 ára stúlku með hafnaboltakylfu á leikvelli í Keflavík um tíu leytið á laugardagskvöld. Að sögn vakthafandi varðstjóra kom fórnarlambið sjálft á lögreglustöð og tilkynnti um verknadini. Sagði hún að stúlkurnar hefðu slegið sig með kylfunni í hnakkann og í kjölfarið barið hana tvívegis með krepptum hnefa í andlitid.

Stúlkan hlaut skurð á hnakkann við aðfarirnar. Hún gat gefið lögreglu upplýsingar um hverjir árásarmenn hennar voru og kom þá í ljós að um yngri stúlkurnar tvær var að ræða. Lögreglan hafði í kjölfarið uppi á þeim og játuðu þær verknadinið við yfirheyrslur. Rannsókn málsins er þó enn ekki lokið að fullu.

Aðfaranótt sunnudagsins veittu síðan lögreglumenn karlmanni athygli þar sem hann gekk eftir Hafnargötunni í Keflavík allblóðugur í framan og með skurð á höfði. Við nánari eftirgrennslan kom í ljós að ráðist



HAFNABOLTAKYLFA Fórnarlambið var slegið með kylfunni í hnakkann og í kjölfarið barið tvívegis í andlitid með krepptum hnefa. Árásarmennirnir hafa gengist við verknadinið.

hafði verið að honum inni á skemmtistað í götunni og hann laminn með fyrrgreindum afleiðingum. Maðurinn var færður til aðhlynningar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja en áverkar hans reyndust minniháttar. Ekki er vitað hver eða hverjir það voru sem réðust á manninn og því er málið enn í rannsókn.

- þsj

Skipaðir sendiherrar fyrir hærri eftirlaun

Utanríkisráðuneytið gerði tvo starfsmenn sína að sendiherrum gagnert til að þeir fengju hærri eftirlaun við starfslok. Þeir báðust lausnar daginn eftir. Rýma þurfti æðri stöður vegna fjölgunar sendiherra á árinu 2005.

STJÓRNSÝSLA Tveir sendifulltrúar utanríkisráðuneytisins voru skipaðir sendiherrar til að hækka eftirlaunarétt þeirra svo þeir sættust á að hætta störfum fyrir aldur fram.

Sendifulltrúarnir Helgi Gíslason og Sveinn Á. Björnsson áttu langan feril að baki í utanríkisþjónustunni þegar sú staða koma upp á árinu 2005 að sendiherrum hjá ráðuneytið hafði fjölgað talsvert. Vildi ráðuneytið rýma ábyrgðarstöður meðal æðstu manna svo finna mætti nýju sendiherrunum verkefni við hæfi.

Helgi og Sveinn höfðu báðir á árinu 2005 áunnið sér rétt til að fara á eftirlaun samkvæmt 95 ára reglunni svokölluðu, það er að segja samanlagður lífaldur og starfsaldur náði 95 árum. Á hinn bóginn bar þeim ekki skylda til að láta af störfum fyrr en þeir yrðu sjötugir; Helgi árið 2010 og Sveinn árið 2012.



DAVÍÐ ODDSSON Fjölgun sendiherra í utanríkisráðherratið Davíðs Oddssonar leiddi til þess að rýma þurfti æðri stöður til að finna verðug verkefni fyrir nýju sendiherrana.

Sveinn jatar því að þeir Helgi hafi verið skipaðir sem sendiherrar til að tryggja þeim hærri eftirlaun. „Hjá ríkinu fer þetta allt eftir því hvaða stöðu fólk skipar; launin fara eftir því og þar með eftirlaun,“ segir Sveinn sem vill



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ Að sögn utanríkisráðuneytisins hefur það rétt til að skipa menn í há embætti rétt fyrir starfslok til að hækka eftirlaun þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL

ekki úttala sig um þá hækkun sem varð á eftirlaunum hans við það að vera skipaður sendiherra.

Eins og áður segir hefðu Sveinn og Helgi getað haldið áfram störfum í nokkur ár og safnað meiri lífeyrisréttindum en þeir höfðu þegar náð árið 2005.

„En það liggur í augum uppi að það er hagkvæmara að hækka í stöðu og hætta en að vera áfram í sömu stöðu þótt maður hefði safnað punktum,“ útskýrir Sveinn.

Starfslokasamningar utanríkisráðuneytisins við Helga og Svein byggðust því á því að skipa þá báða sem sendiherra frá 1. júní 2005 gegn því að þeir bæðust lausnar strax daginn eftir. Þannig myndu þeir ná fram verulega bættum eftirlaunaréttindum og

myndu hætta hjá ráðuneytinu áður en árið yrði á enda.

Utanríkisráðuneytið telur þessa aðferð rúmast innan ramma stjórnunarréttar ráðuneytisins sem vinnuveitanda. Þess utan hafi Sveinn og Helgi verið vel að stöðu-hækkunum komnir enda hafi þeir gegnt ábyrgðar- og tignarstöðum sem sé hefðbundinn undanfari þess að hljóta sendiherranafnbót. Starfslokasamningarnir hafi byggst á þörf ráðuneytisins til að geta skipulagt betur mannahald og úthlutun verkefna til æðstu yfirmanna.

Utanríkisráðherra á þessum tíma var Davíð Oddsson. Ráðuneytisstjóri var Gunnar Snorri Gunnarsson sem nú er sendiherra í Kína.

gar@frettabladid.is

Potan sem hvarf í Indónesíu:

Enn fjölgað í leitarliðinu

INDÓNESÍA, AP Stjórnvöld í Indónesíu settu í gær enn fleiri hermenn í að leita að flaki farþegaþotunnar sem týndist á nýárðag á flugi milli eyjanna Jövu og Sulawesi með 102 manns innanborðs. Hvorki hefur fundist tangur né tetur af flugvélinni, sem hvarf af ratsjám án þess að gefa frá sér neyðarkall um klukkustund eftir flugtak.

Nærri þrjú þúsund liðsmenn hers og lögreglu auk sjálfbóðaliða hafa kembt skógin í fjalllendi Sulawesi og þyrllur og hljóðsjárútbúin skip flotans leita skipulega á hafsvæðinu í kring. Leitarsvæðið hefur ítrekað verið stækkað og er nú á stærð við Ísland.

- aa



KÖNGULÓIN GRÆNA Köngulóin var gömuð í glerkrukku áður en hún komst í frekari könnunarleiðangur um eldhúsbörðið.

Óboðinn kvöldverðargestur:

Græn könguló í spergilkálinu

LÍFRÍKI Ingþór Ingólfsson, íbúi í austurbæ Reykjavíkur, fékk óboðinn gest í kvöldmat í gærkvöldi. Græn og ófrýnileg könguló skaut upp kollinum þegar elda átti spergilkál með matnum. Spergilkálið, sem var keypt í Hagkaupum í Smáralind, kom frá Spáni.

„Við vorum bara að setja spergilkálið í salatið þegar eitthvað fór að hreyfast í pokanum. Skyndilega sprettur hún svo bara út,“ segir Ingþór. Hann segist ekki hafa ákveðið hvað hann ætli að gera við köngulóna. „Ætli ég reyni ekki að komast að því hvaða tegund þetta er.“

- sps

Blair og Brown um aftöku:

Skammarlega staðið að verki

BRETLAND, AP Skrifstofa Tonys Blair, forsætisráðherra Bretlands, lét þá skoðun í ljós í gær að það hvernig staðið var að því að taka Saddam Hussein, fyrrverandi Íraksforseta, af lífi hefði verið „algerlega rangt“. Þessi yfirlýsing kom í kjölfar harðrar gagnrýni Gordons Brown, fjármálaráðherra og væntanlegs arftaka Blairs á forsætisráðherrastólnum, frá því á laugardag á aftökuna og upptökuna sem gerð var af henni og birt var úti um allan heim.

- aa

Mörður Árnason sendi formanni menntamálanefndar bréf með ósk um gögn:

Fer fram á að fá öll ESA-gögn

STJÓRNMÁL Mörður Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar og einn fulltrúa í menntamálanefnd, hefur farið fram á fá öll gögn um samskipti eftirlitsstofnunar EFTA, ESA, við íslensk stjórnvöld vegna málefna Ríkisútvarpsins. „Samkvæmt frétt í Fréttablaðinu hefur fjármálaráðuneytið í fórum sínum gögn um samskipti stjórnsvalda hér við ESA vegna Ríkisútvarpsmálsins, umfram þau sem þegar hafa verið afhent menntamálanefnd. Ég fer fram á að við fáum þessi gögn hið fyrsta, á sama hátt og fyrri gögn samsskonar, og að gert verði ráð fyrir fundi í nefndinni eftir að við höfum kynnt okkur þau,“ segir Mörður í bréfi til Sigurðar Kára Kristjánssonar, formanns menntamálanefndar.



MÖRÐUR ÁRNASON Krefst þess að fá að skoða öll gögnin.



SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON Stýrir starfi menntamálanefndar.

upplýsingamál, á grundvelli þess að málið sé „enn til meðferðar hjá stofnuninni“, það er ESA.

Næsti fundur menntamálanefndar, þar sem frumvarp um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins verður til umræðu, er áætlaður í dag.

- mh

BÍLL DAGSINS

TOYOTA AVENSIS 2.0 DIESEL

Nýskr. 12.05 - Beinskiptur - Ekinn 29 þús. km. - Allt að 100% lán.



Verð áður: 2.920.000,-
Tilboð: 2.780.000,-

Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Óskabyrjun **Toyota**

Við störtum nýju ári með sjaldgæfum sértíloðum



Avensis
á sértíloði

RAV4
á sértíloði

RAV4 og Avensis – gefa þér fljúgandi start

Við hjá Toyota erum í skýjunum yfir frábæru gengi á síðasta ári. Þess vegna störtum við nýju ári með sjaldgæfum sértíloðum á Avensis og RAV4. Gríptu tækifærið og fáðu sannkallaða óskabyrjun á árinu.

Komdu og reynsluaktu Avensis og RAV4 – þeir eru á tilboði sem þú sérð kannski aldrei aftur.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjaneshæ
Njarðarbraut 19
Reykjaneshæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

GENGIÐ 05.01. 2007			
GJALDMIÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	70,29	70,63
	Sterlingspund	136,42	137,08
	Evra	92,05	92,57
	Dönsk króna	12,348	12,420
	Norsk króna	11,103	11,169
	Sænsk króna	10,127	10,187
	Japanskt jen	0,5945	0,5979
SDR		105,39	106,01
GENGISVÍSITALA KRÓUNUNNAR			
		126,1028	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			

Höfuðborgarsvæðið: 14 ára stöðvað- ur á rúntinum

LÖGREGLUMÁL Lögreglan stöðvaði 14 ára ökumann á Breiðsholtsbraut aðfaranótt sunnudags. Við nánari eftirgrennslan kom í ljós að drengurinn hafði tekið bíl móður sinnar ófrjálsri hendi. Þá voru sex ökumenn teknir á laugardagskvöldið vegna ölvunaraksturs.

Á sunnudaginn varð síðan umferðaróhapp við Ógurhvarf í Kópavogi þar sem tveir bílar keyrðu saman. Ökumaður annarrar bifreiðarinnar festist í henni við áreksturinn en meiðsli hans voru talin minniháttar. - þsj



SAMKOMULAG Birgir Rafn Práinsson (t.v.), og Árni Pétur Jónsson, forstjóri Vodafone.

Vodafone og Orkuveitan: Veita þjónustu um ljósleiðara

FIARSKIPTI Vodafone mun framvegis veita þjónustu við heimili yfir ljósleiðaranet Gagnaveitu Reykjavíkur.

Samningurinn felur einnig í sér stækkun á dreifisvæði Vodafone. Gagnaveita Reykjavíkur er hlutfélag í eigu Orkuveitu Reykjavíkur.

„Þetta hefur þá merkingu fyrir hinn almenna notanda að hann mun hafa aðgang að allri okkar þjónustu í gegnum ljósleiðara. Allt fer í gegnum hann hvort sem það er sími, sjónvarp eða internet,“ segir Gestur G. Gestsson, framkvæmdastjóri tæknisviðs Vodafone. - sps

Kona á sextugsaldri slaðaðist töluvert þegar skotterta sprakk í heilu lagi á hátíðarhöldum í Eyjum:

Stóð tíu metrum frá skottertu sem sprakk

VESTMANNAEYJAR Kona á sextugsaldri slasaðist töluvert í Vestmannaeyjum á laugardagskvöld þegar skoteldaterta sprakk í heilu lagi með þeim afleiðingum að innihald hennar skaust í andlit konunnar.

Talið er að konan sé kinnbeinsbrotin auk þess sem sauma þurfti nokkur spor í andlit hennar. Í gær stóð til að senda hana til Reykjavíkur til frekari rannsóknar þar sem ekkert sneiðmyndatæki er til á heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja.

Konan var að halda þrettándann hátíðlegan með eiginmanni sínum, börnum og barnabörnum þegar slysið varð, rétt fyrir klukkan tíu á laugardagskvöld. Fjölskyldan var búin að skjóta upp þó nokkrum tertum og var sú sem sprakk sú síðasta sem til stóð að kveikja í. Konan stóð

í um tíu metra fjarlægð frá tertunni og í meiri fjarlægð en nokkurt hinna sem fylgdust með. Mikil mildi þykir að ekki fór verr því meðal þeirra sem horfðu á sýninguna var fólk með eins árs gamalt barn í fanginu.

Að sögn vakthafandi varðstjóra lögreglunnar í Vestmannaeyjum virðist sem fólkið hafi farið í einu og öllu eftir settum reglum um meðferð skotelda. Líklegast þykir að galli hafi verið í tertunni sem hafi valdið því að hún sprakk í heilu lagi þegar kveikt var í henni.

- þsj

BLYSFÖR Mikil mildi þykir að ekki fór verr þar sem fjöldi fólks var samankomin í kringum skottertuna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRÍÐRIKSSON



ÓSÁTTIR STUÐNINGSMENN Stuðningsfólk Wielgus hvatti hann til að hætta við að hætta.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Harmar leynilögreglutengsl

Nýskipaður erkibiskup Póllands sagði af sér í gær í kjölfar uppljóstrana um að hann hefði á sínum tíma gert leynisamkomulag um samstarf við öryggislögreglu kommúnistastjórnarinnar, sem missti völdin árið 1989.

PÓLLAND, AP Nýskipaður erkibiskup Póllands, Stanislaw Wielgus, sagði af sér í gær vegna upplýsinga um að hann hefði sýnt hinni hötuðu öryggislögreglu kommúnistastjórnarinnar í landinu samstarfsvilja á sínum tíma.

Wielgus tilkynnti um afsögn sína í Jóhannesardómkirkjunni í Varsjá, í messu sem annars átti að marka erkibiskupsvígslu hans. Lech Kaczynski Póllandsforseti og fleiri kirkjugestir klöppuðu ákaft að loknu stuttu ávarpi Wielgus, þar sem hann las upp úr bréfi sínu til páfa þar sem hann baðst lausnar frá embætti, en hópur stuðningsmanna hans inni í og utan við kirkjuna hröpuðu að hann ætti að „vera áfram með okkur“ og hörmuðu ákvörðun hans.

Um miðjan desember kom upp úr kafinu að Wielgus hafði árið 1978 undirritað leynilegt sam-

komulag við öryggislögregluna um að hann myndi sýna henni samstarfsvilja gegn því að hann fengi leyfi til að fara í nám til Vestur-Þýskalands.

Eftir að þetta var grafið upp neitaði hann í fyrstu, en sendi síðan frá sér yfirlýsingu þar sem hann viðurkenni að hafa skrifað undir slíkt samkomulag, en hann hefði aftur á móti aldrei látið öryggislögreglunni neinar upplýsingar í té sem skaðað hefðu getað nokkurn mann. Hann baðst afsökunar bæði á að hafa gengist inn á að skrifa undir slíkt samkomulag og að hafa reynt að afneita því.

Mál Wielgus er Pólverjum mikið áfall, enda nýtur hann mikillar virðingar í landinu fyrir farsælan feril sem kirkjunnar maður í heimalandi Jóhannesar Páls II páfa. Kirkjunnar menn áttu virkan þátt í að fella kommúnismann í

VILJA HREINSA ÚT SAMVERKAMENN KOMMÚNISTA ÚR OPINBERRI ÞJÓNUSTU

Frá því íhaldsflokkurinn Lög og réttlæti, sem tvíburarnir Lech og Jaroslaw Kaczynski-tvíburarnir fara fyrir – Lech er forseti og Jaroslaw forsætisráðherra – komst til valda fyrir hálfu öðru ári hefur ríkisstjórnin rekið heilt ráðuneyti sem hefur það hlutverk eitt að grafa upp hvort embættismenn, þingmenn og aðrir opinberir starfsmenn í landinu hafi í stjórnartíð kommúnista gert sig seka um samstarf við þá eða öryggislögregluna.

Sumum Pólverjum þykir hér óþarflaga langt gengið, einkum með

tiliti til þess að nú er meira en hálfur annar áratugur síðan kommúnistar hrökkluðust frá völdum.

Federico Lombardi, talsmaður Páfagarðs, sagði í yfirlýsingu sem lesin var í Útvarpi Páfagarðs að „mál Monsignor Wielgus er ekki fyrsta, og verður væntanlega ekki síðasta atlagan gegn frammámanni í kirkjunni á grundvelli skjala leynilögreglu fyrri valdhafa. Þetta er endalaust gagnauppspretta ... og við megum ekki gleyma að þessi gögn voru búin til af fulltrúum kúgunarstjórnar.“

landinu, en fyrir vikið beindist athygli öryggislögreglunnar þeim mun meira að starfsemi hennar.

Fyrrverandi erkibiskup, Jozef

Glemp kardináli, mun gegna erkibiskupsembættinu til bráðabirgða uns nýr verður skipaður.

audunn@frettabladid.is





20%
afsláttur af
öllum Windmill
vítáminum*

Windmill Acidophilus
bætir meltinguna

Windmill Zink
fyrir bein og sjón

Glucosamine
styrkir liðamat



-lyf á lægra verði!

Nóatúni 17 • Smiðjuvegi • Akureyri • Mjódd

* Gildir út janúar 2007



Sigurður P. Ragnarsson,
veðurfræðingur


KULDALEG KORT
Spámar hafa lítið hlýnað eftir því sem nær hefur liðið þessu kuldakasti. Má kannski segja að þær séu ekki alveg eins sveilkaldar og þær voru í lok síðustu viku en á hinn bóginn verður þetta heldur langvinnara kuldakast en í fyrstu leit út fyrir. Reyndar dregur úr frosti á miðvikudag með suður- og suðvesturströndinni en um eiginleg hlýindi verður vart að ræða.

VEÐURHORFUR Í BORGinni Í DAG
Norðaustan 5-8 m/s.
Fremur bjart veður. Frost 4-9 stig.

um hádegi »


Kaupmannahöfn	7°C	skúrir	London	11°C	léttskýjað
Þórshöfn	5°C	skúrir	Paris	12°C	skúrir
Oslo	4°C	rigning	Frankfurt	11°C	rigning
Stokkhólmur	6°C	skúrir	Friedrichshafen	4°C	skúrir
Gautaborg	8°C	rigning	Berlin	8°C	skúrir

» á morgun



5-10 m/s suðaustan til, annars hæg norðlæg átt.

» miðvikudagur



Snýst í skammvinnu en fremur hæg suðlæg átt.

um hádegi »

Alicante	19°C	hálfskýjað
Mallorca	15°C	léttskýjað
Algarve	17°C	hálfskýjað
Krit	17°C	hálfskýjað
Las Palmas	21°C	hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Spennandi salatbar

Veldu úr yfir 40 spennandi tegundum
og settu saman þína máltíð á aðeins

399_{kr}

til dæmis...



Sesar salat

Kjúklingur, parmesan, romain salat
brauðteningar og paprika



Ítalskt salat

Tagliatelle, ætíðistlar, skinka,
kjúklingabollur og veislusalat



Ávaxtasalat

Melónur, rúsínur, hnetur og
klettusalat



Núðlusalat

Eggjanúðlur, mini maís, kjúklingur,
paprika og salat



Grískt fetasalat

Klettusalat, fetaostur, sólþurrkaðir
tómatar og olía



Spínatsalat

Spínat, tortellini með engiferfyllingu,
maís, hummus og paprika



Speltpasta salat

Speltpasta, romain salat, fetaostur,
paprika og túnfiskur



Franskt pastasalat

Hvítlaukspasta, kús kús, veislusalat
og salami



Mexíkanskt baunasalat

Nýrnabaunir, fetaostur,
kjúklingabaunir, salami, veislusalat
og kjúklingabollur



Heilsusalat

Klettusalat, kjúklingur, kotasæla
og maís



Salamisalat

Salami, hvítlaukur, kús kús,
brauðteningar og spínat



Skinkusalat

Skinka, fetaostur, romain salat,
hnetur og rúsínur



Agúrkusalat

Agúrkur, ætíðistlar, kotasæla,
kjúklingur og melónur



Túnfisksalat

Túnfiskur, skinka, agúrkur, fetaostur
og veislusalat



Maísbaunasalat

Maís, kotasæla, paprika, sólþurrkaðir
tómatar, spínat og paprika



Hummus salat

Hummus, speltpasta, romain salat,
brauðteningar, nýrnabaunir, fetaostur
og paprika

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

KJÖRKASSINN

Först þú á áramótabrennu?

Já

16%

Nei

84%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Finnst þér að banna ætti spila-kassa á Íslandi?

Segðu skoðun þína á [visir.is](#)

SPENNA Í MOGADISHU Hermaður bráðabirgðastjórnarinnar þungvopnaður á götu í sómólsku höfuðborginni í gær.

FRÉTTABLAÐID/AP

Átökin í Sómalíu:

Mótmæli gegn Eþíópíuher

SÓMALÍA, AP Mótmæli gegn veru Eþíópíuhers í landinu færðust í vöxt í Mogadishu, höfuðborg Sómalíu, í gær og til statts skotbardaga kom milli andstæðinga og stuðningsmanna bráðabirgðastjórnarinnar, sem fyrir skemmstu náði borginni aftur af skæruliðum herskára múslima, með aðstoð eþíópískis herliðs.

Mogadishu er hálf í rúst eftir sextán ára upplausn og borgarastrið. Margir Sómalar, sem flestir eru múslimar, líta veru eþíópískis herliðs í landinu miklu hornauga. Stór hluti Eþíópíumanna eru kristnir og löndin tvö hafa tvisvar háð strið sín í milli, síðast árið 1977.

- aa

Frönsku námskeið

Námskeið hefst 15. janúar

Innritun í síma 552 38 70, 8.-13. janúar

- Námskeið fyrir byrjendur og lengra komna
- Taltímar - einkatímar
- Námskeið fyrir börn
- Kennum í fyrirtækjum

Tryggvogata 8, sími: 552-3870. Fax: 562-3820.

Netfang : alliance@af.is

veffang : www.af.is

Hollur skyndibiti!

www.culiacan.is

nú á tveimur stöðum

Faxafeni 9 og Hlíðasmára 15

6

FRÉTTABLAÐID

8. janúar 2007 MÁNUDAGUR

Jólahátíð Austurkirkjunnar: Pútín heldur jól í klaustri

RÚSSLAND, AP Vladímír Pútín Rússlandsforseti hélt í gær Austurkirkjujólna hátíðleg í klaustri skammt utan við Moskvu. Í höfuðborginni sóttu önnur tignarmenni landsins hátíðarmessu í endurreistri Frelsara-dómkirkjunni.

Frá því Sovétríkin liðu undir lok fyrir fimmtán árum hefur rússneska rétttrúnaðarkirkjan hröðum skrefum endurheimt fyrri sess í rússnesku samfélagi. Forsvarsmenn hennar fullyrða að nú tilheyri henni tveir af hverjum þremur hinna 144 milljóna manna sem landið byggja.

FORSETI SIGNIR SIG Pútín Rússlandsforseti í jólaguðsþjónustu í klaustrinu Nýja Jerúsalem austur af Moskvu. Austurkirkjan heldur sig við júlíanska tímatalið.

MYND/AP

- aa

Fyrsta skóflustungan:

Hríseyingar fá íþróttahús

ÍÞRÓTTIR Fyrsta skóflustungan að fjölnota íþróttahúsi í Hrísey var tekin á laugardag. Húsið verður allt hið fullkomnasta, að því er segir á vefsetri Akureyrarbæjar.

Húsið er sagt svara brýnni þörf og er kostnaður við gerð þess auk endurbóta á sundlauginni í Hrísey talinn vera rúmar þrjú hundruð milljónir króna.

Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, tók skóflustunguna í fállegu vetrarveðri. Börn úr Hrísey sungu við athöfnina. Áætlað er að framkvæmdunum ljúki í júní 2008.

- gar

Líkamsárásarmál of lengi í kerfinu segir ríkissaksóknari

Rúmlega þrír fjórðu allra líkamsárásarmála á árinu 2005 voru lengur en 70 daga í málsmeðferð sem er hámarkstími samkvæmt fyrirmælum ríkissaksóknara. Þriðjungur líkamsárásarmála var lengur en hálf tónn í málsmeðferð. Bogi Nilsson hvetur ákærendur til að stytta þennan tíma og fjallar um málið í febrúar.

DÓMSMÁL Málsmeðferðartími líkamsárásarmála hjá lögreglunni á árinu 2005 er langt umfram þau fyrirmæli um hámarkstíma sem ríkissaksóknari hefur gefið lögreglustjórum að því er kemur fram í ársskýrslu ríkissaksóknara fyrir árið 2005 sem var gefin út núna í desemberlok.

Í fyrirmælum ríkissaksóknara, sem eru frá árinu 2001, segir að frá kæru megi málsmeðferðartími ekki vera lengri en 70 dagar nema í sérstökum aðstæðum. Þá þurfi að taka ákvörðun um saksókn innan 15 daga frá lokum rannsóknar.

Aðeins 24,2 prósent mála voru afgreidd með ákæru eða send ríkissaksóknara innan 70 daga árið 2005. Rúmlega helmingur mála var meira en 150 daga í málsmeðferð og þriðjungur mála var meira en hálf tónn í málsmeðferð.

„Þetta hefur því miður alls ekki tekist hjá okkur,“ sagði Bogi

Nilsson ríkissaksóknari. Embætti ríkissaksóknara hefur engin vopn eða ráð til að beita þegar ákærendur virða ekki þessi fyrirmæli að sögn Boga. „Við bara hvetjum ákærendur til að stytta þennan málsmeðferðartíma eins og mögulegt er.“ Þetta mál verður meðal annars tekið fyrir á fundi ríkissaksóknara með öllum ákærendum í landinu í lok febrúar.

Ástæða þess að sjónum var sérstaklega beint að líkamsárásarmálum er sögð annars vegar að niðurstæða í þeim ræðst oft eingöngu af framburðum málsaðila og sjónarvotta, og hins vegar af því að fyrirbyggjandi gögn þóttu bera með sér að mikilvægt væri að stytta þann tíma sem meðferð mála hjá lögreglustjórum tæki. Afar mikilvægt sé að skýrslutökur hefjist strax eftir atburð eða um leið og kæra um líkamsárás berst og að þeim sé haldið sleitulaust áfram.

DÓMSALUR Lögreglustjórum ber að viðhalda skipulegu verklagi í sínu umdæmi sem tryggir að unnt sé að ljúka málum innan marka tímafrests og hafa eftirlit með að það standist samkvæmt fyrirmælum ríkissaksóknara frá 2001.

FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

Af þeim 502 málum sem afgreidd voru af ákærvaldinu í flokknum manndráp og líkamsmeðferð voru tæplega 40 prósent mála felld niður.

sdg@frettabladid.is

AFA er óhressst með seinagang í uppbyggingu hjúkrunarheimila fyrir aldraða:

Afleitlega að uppbyggingu staðið

HEILBRIGÐISMÁL Félag aðstandenda aldraðra (AFA) er mjög óhressst með þann gang sem er á uppbyggingu hjúkrunarheimila aldraðra á höfuðborgarsvæðinu.

Reynir Ingibergsson, formaður félagsins, segir að sér virðist sem framkvæmdir við heimilin ætli að taka óratíma. „Það er náttúrulega afleitlega að þessu staðið. Í Sóltúni er til dæmis tilbúin lóð fyrir viðbyggingu sem myndi bæta fjölda hjúkrunarýma við og það er búið að leggja umsókn fyrir um byggingu hennar hjá heilbrigðisráðuneytinu í rúm tvö ár. Ef um þetta hefði verið samið á sínum tíma þá væri

SÓLTÚN Hjúkrunarrýmum myndi fjölga um nánast helming ef samningar næðust um viðbyggingu við hjúkrunarheimilið í Sóltúni.

viðbyggingin þegar komin í gagníð og búin að leysa mikinn vanda.“

Reynir segir að félaginu hafi ekki borist neinar skýringar frá heilbrigðisráðuneytinu á þeim

Þjóðverjar berjast gegn fólksfækkun:

Barneignastyrkir hækkaðir til muna

BERLÍN, AP Þýsk stjórnvöld hafa ákveðið að grípa til aðgerða vegna lækkandi fæðingartíðni í landinu sem er nú 1,4 börn á hverja konu og ein hin lægsta í Evrópu og reyndar heiminum öllum.

Frá og með áramótum fá þýskir foreldrar heilt ár í fæðingarorlof á allt að 67 prósent launum í stað átta vikna áður með tæpar 28 þúsund krónur á mánuði. Þeir lægst launuðu geta jafnvel verið á fullum launum í fæðingarorlofinu.

Kjósir báðir foreldrar að nýta sér þennan rétt lengist tíminn í fjórtán mánuði sem er hugsað til þess að hvetja fleiri feður til að taka þátt.

Nýlega spáðu stjórnvöld því að fólksfjöldi í Þýskalandi muni hafa dregist saman um allt að sextán prósent árið 2050, úr núverandi 82,4 milljónum manns í 69 milljónum. Þetta hefði mikil efnahagsleg áhrif í fækkun vinnuafis og græfi undan lífeyriskerfinu.

- sdg

Lág fæðingartíðni

Þýska ríkið veitir foreldrum fjárhagslega aðstoð frá ára- mótum til þess að auðvelda vinnandi konum að eignast börn.

Fæðingartíðni á konu

* Meðaltal innan ESB

Þjóðverjar berjast gegn fólksfækkun:

Sumarið er tíminn

„GKG hefur tekist að hámarka gæði flata, brauta og teiga með fullkomnustu tækjum sem völ er á. Með aðstoð Lýsingar höfum við tengt afborganir vegna tækjakaupa við sumarmánuðina. Þessi sveigjanleiki ásamt hlýju og óþvinguðu viðhorfi starfsmanna Lýsingar er til fyrirmyndar.“

Jóhann Gunnar Stefánsson,
framkvæmdastjóri GKG



Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir



VEISTU SVARIÐ?



1. Áhöfn hvaða uppsjávar-frystiskips hefur verið sagt upp störfum?

2. Hverja sigraði íslenska handknattleikslandsliðið á æfingamóti í Danmörku á laugardag?

3. Hvaða bræður segjast fegnir því að vera einhleypir?

SVÖRIN ERU Á BLS. 34

Parkinsonsamtökin fá styrk:
Úthlutun úr minningarsjóði

STYRKUR Parkinsonsamtökin hafa fengið úthlutað þriggja milljóna króna styrk úr Minningarsjóði Margrétar Björgólfsdóttur. Foreldrar Margrétar, Þóra Hallgrímsson og Björgólfur Guðmundsson, tilkynntu um úthlutunina. Sjóðurinn var stofnaður árið 2005 og var stofnfé hans 500 milljónir króna. Markmið sjóðsins er að stuðla að heilbrigðu lífinni, bættu mannlífi og að efla menntir, menningu og íþróttir. Talið er að um 500 Íslendingar séu með sjúkdóminn en helstu einkenni hans eru skjálfti, stirðleiki, hægir hreyfingar og skert jafnvægi.

Reykjavíkurborg:
Tveir sækja um borgarbókara

REYKJAVÍK Tveir höfðu sótt um starf borgarbókara þegar umsóknarfrestur rann út 28. desember. Birgir Finnbogason, sviðsstjóri fjármálasviðs hjá Reykjavíkurborg, segir að ekki verði gefið upp hverjir umsækjendurnir séu fyrr en umsóknirnar hafi verið metnar. Birgir segir að fyrirvari sé settur á aðra þeirra og því verði nöfn umsækjenda ekki gefin upp fyrr en nú eftir helgi.

ÍSRAEL
Barak snýr aftur
Ehud Barak, fyrrverandi forsætisráðherra Ísraels, tilkynnti í gær að hann hygðist sækjast aftur eftir formennsku í Verkamannaflokknum og hljóti hann brautargengi til þess vonist hann til að geta leitt flokkinn aftur til ríkisstjórnarforystu.

8 FRÉTTABLAÐIÐ 8. janúar 2007 MÁNUDAGUR

Ekki gert ráð fyrir frágangi utanhúss í samningi um byggingu Akraneshallarinnar:
Kostnaður hátt í 500 milljónir

AKRANES Kostnaður við byggingu fjölnota íþróttahúss á Akranesi, Akraneshallarinnar, er nú kominn hátt í hálfan milljarð króna. Upphaflega var samið við verktaka um kostnað upp á tæpar fjögur hundruð milljónir króna, samkvæmt yfirliti yfir kostnað við bygginguna, sem lagt var fram í bæjarráði nýverið. Jón Pálmi Pálsson, bæjarritari Akranesbæjar, segir að við hafi bæst ýmis kostnaður sem ekki hafi verið innifalinn í upphaflegum samningnum við verktakann sem reisti húsið. Í samningnum hafi til dæmis ekki verið gert ráð fyrir frágangi utanhúss, lagningu bílastæða og kostnaði við tæki og tól inni í húsinu. Þá segir Jón Pálmi að gerðar hafi verið ýmsar breytingar á upphaflegum samningi, til dæmis hafi verið ákveðið að notast við aðra tegund af gervigrasi, stækka hlaupabrautir, fjölga áhorfendabekkjum og fleira. Eins og staðan er í dag er því kostnaður við

AKRANESHÖLL Upphaflegur samningur við verktaka gerði ráð fyrir um fjögur hundruð milljóna króna kostnaði.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERÍKUR KRISTÓFERSSON

Akraneshöllina kominn í 498 milljónir króna. Að auki eru vandræði með geymslupláss og salerni, sem gert er ráð fyrir í tengibyggingu við íþróttahúsið, sem enn hefur ekki verið reist, og gæti kostnaður bæst við vegna þessa.

IÐNAÐUR Ríkið leggur iðnaðarmálagjald á öll fyrirtæki sem starfa í iðnaði. Féó rennur svo til Samtaka iðnadarins. Í raun er því um nokkurs konar skyldu-aðild að samtökunum að ræða.

Vill láta afnema iðnaðarmálagjald

Pétur Blöndal hefur lagt fram frumvarp um afnám iðnaðarmálagjalds. Gjaldið er lagt á iðnaðarfyrirtæki og rennur til Samtaka iðnadarins. „Ómálefnaleg rök,“ segir framkvæmdastjóri samtakanna. „Kominn tími til,“ segir lögfræðingur Viðskiptaráðs.

IÐNAÐUR Frumvarp um afnám iðnaðarmálagjalds hefur verið lagt fram á Alþingi. Gjaldið er lagt á fyrirtæki sem starfa í iðnaði og rennur til Samtaka iðnadarins. Pétur H. Blöndal, alþingismaður Sjálfstæðisflokks, leggur frumvarpið fram. Iðnaðarmálagjald er gjald sem ríkið leggur á öll fyrirtæki sem starfa í iðnaði, innheimtir og veitir til Samtaka iðnadarins. Í raun er því um nokkurs konar skylduáðild að samtökunum að ræða. Í greinargerð frumvarpsins um afnám gjaldsins segir meðal annars að félagaafrelsi sé meginregla á Íslandi og samkvæmt stjórnarskránni megi engan skylda til aðildar að félagi nema sérstakur aðstæður krefjist þess. Þar segir einnig að skoðanaafrelsi sé nátengt félagaafrelsinu vegna þess að félög eins og Samtök iðnadarins hafi haft uppi mjög ákveðnar skoðanir um ýmis pólitísk álitamál

DAVÍÐ ÞORLÁKSSON

SVEINN HANNESSON

eins og aðild að Evrópusambandinu og upptöku evrunnar. Skylduáðild að slíkum samtökum geti ekki verið í samræmi við ákvæði stjórnarskrár um skoðanaafrelsi. „Mér finnst þetta frumvarp bera keim af því að Samtök iðnadarins séu of miklir Evrópusambandssinnar og því þurfi að túska þau aðeins til,“ segir Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnadarins. „Mér finnst þetta ómálefnaleg rök.“ Hann segir gjaldið hafa tvisvar verið dæmt löglegt í Hæstarétti og því sé með ólíkindum að frumvarp

um afnám þess sé lagt fram nú. „Við höfum ekkert við það að athuga að þetta mál sé skoðað en þá viljum við að gjaldtaka af þessu tagi sé endurskoðuð í heild að frumkvæði stjórnvalda, ekki bara þetta sérstaklega. Það er langt í frá að þetta gjald sé einsdæmi,“ segir Sveinn. „Það er kominn tími til að breyta þessu,“ segir Davíð Þorláksson, lögfræðingur Viðskiptaráðs. „Það er með eindæmum að ríkið leggi sérstakan skatt á fyrirtæki sem síðan er veitt til samtaka sem félagsgjald.“ Hann segist ekki skilja hvers vegna lögunum hafi ekki þegar verið breytt, en lög um iðnaðarmálagjald voru sett árið 1993. „Þetta mál hefur kannski ekki vakið næga athygli en þetta getur verið mjög íþyngjandi fyrir fjölda iðnaðarfyrirtækja,“ segir hann. „Við erum mjög ánægðir með þetta frumvarp.“

salvar@frettabladid.is

Vinnuslys á Kárahnjúkum:
Rak höfuðið upp undir loft

SLYS Verkamaður var fluttur með sjúkraflugi á slyshadeild Landspítalans í Fossvogi eftir vinnuslys á Kárahnjúkum aðfaranótt sunnudags. Hann rak höfuðið í loft í aðrennslisgöngum. Maðurinn fór í aðgerð við komuna á spítalann. Að sögn vakthafandi læknis fór betur en á horfðist og er hann kominn úr öndunarvél. Líðan hans er góð eftir atvikum. Óskar Bjartmarz, yfirlögregluþjónn á Egilsstöðum, segir manninn hafa verið að hækka vinnulyftu þegar hann rak höfuðið upp undir loftið.

Átta mánaða fangelsisdómur:
Tíu dómar á þremur árum

DÓMSMÁL Danskur karlmaður var á föstudag dæmdur í átta mánaða fangelsi og sviptur ökuréttindum ævilangt vegna síendurtekins ölvunaraksturs og fleiri afbrota. Maðurinn keyrði meðal annars án ökuréttinda og dældi bensín á bifreið sína án þess að greiða fyrir. Þá velti hann bifreið sem hann ók undir áhrifum áfengis skammt frá Laugarvatni síðastliðið sumar. Hann og tveir farþegar sem voru með honum í bifreiðinni létu það þó ekki stöðva sig heldur réttu bifreiðina við og héldu för sinni áfram þar til lögregla hafði afskipti af þeim skömmu síðar. Þetta var tíundi dómur mannsins á síðastliðnum þremur árum.

SÝNILEG LÖGGÆSLA Sögd auka öryggi.
Vilja varðstofu í Sandgerði:
Myndi auka öryggi íbúa

SANDGERÐI Bæjaryfirvöld í Sandgerði ætla að óska eftir því við lögreglustjórn á Suðurnesjum að opnuð verði varðstofa fyrir lögreglu í Sandgerði, og mögulega að einn lögregluþjónn sinni bæjarfélaginu. Málið var rætt í bæjarstjórn í vikunni, og var bæjarstjóra falið að ræða við lögreglustjórn á næstunni. Sigurður Valur Ásbjarnarson bæjarstjóri segir að full þörf sé fyrir meiri sýnileika lögreglu í Sandgerði en hafi verið, lögreglubílar aki þar í gegn öðru hverju. Sýnileikinn auki öryggi og þjónustu við íbúa bæjarins, sem eru um 1.660.

Frí blóðþrýstingsmæling í Lyf & heilsu*

Í apóteki Lyf & heilsu í JL-húsinu og Hamraborg er einnig boðið upp á blóðfitu (kólesteróls)- og blóðsykursmælingar sem segja til um líkamsástand þitt.

Við hlustum!

* Gildir út janúar 2007

HEROES

VINSÆLASTA ÞÁTTARÖÐIN VESTANHAFS

Í þúsundir ára hefur sama blóðið runnið í æðum okkar allra. En það er að breytast. Óvenjulegir hlutir koma fyrir venjulegt fólk. Ný kynslóð er að verða til og örlög þeirra eru ráðin. Heimurinn þarfnast þeirra og stundin er runnin upp.

Heroes er vinsælasta nýja þáttaröðin í bandarísku sjónvarpi í vetur. Þættirnir eru tilnefndir til tveggja Golden Globe verðlauna.

**HEFST Á SKJÁEINUM
Í KVÖLD KL. 21**



Arctic Trucks jeppa- og ferðalagaskólinn

Námskeið

● GPS-námskeið

11. janúar frá kl. 20-22. Ríkarður Sigmundsson, hjá R. Sigmundssyni ehf. Allar helstu og mikilvægustu skipanir, taka punkta og gerð ferla auk yfirfærslu í tölvu og skoðun í Google Earth. Sjón er sögu ríkari.

● Stafræn ljósmyndun

18. janúar frá kl. 20-22. Ragnar Th. Sigurðsson ljósmyndari. Helstu möguleikar og stillingar algengustu stafrænu myndavélanna útskýrðir ásamt fræðslu um það sem hafa ber í huga og helst ber að varast við náttúruljósmyndun.

● Jeppanámskeið

25. janúar frá kl. 20-22. Vilhjálmur Freyr Jónsson tækniþæðingur. Námskeiðið tekur yfir flesta þætti jeppaferðamennsku. Fjallað verður um kosti og eiginleika jeppans og viðbrögð við mismunandi aðstæðum. Þátttakendur fá afhenta Jeppabók Arctic Trucks sem er 120 síðna hafsjór af fróðleik.

● OziExplorerer-námskeið

1. febrúar frá kl. 20-22. Björn Erlingsson tæknimaður. OziExplorerer er mikið notað GPS-forrit fyrir fartölvur, einfalt og þægilegt í notkun – segja þeir sem kunna. Lærðu á OziExplorerer í eitt skipti fyrir öll.

● Flugvélaflök – fræðsla og dagsferð

8. febrúar frá kl. 20-22. Ómar Smári Ármannsson lögreglumáður. Víða um landið er að finna flök flugvéla sem farist hafa og er suðvesturhornið þar síst undantekning. Ómar segir í máli og myndum frá ýmsum áhugaverðum nálægum flökum og sögu þeirra. Námskeiðinu lýkur formlega með því að við heppilegt tækifæri verður efnt til dagsferðar að einu sögufrægasta flugvélaflaki landsins.

● Sandaferð

Maí - Farið verður í ferð um sanda Suðurlands við hentugt tækifæri í maí.

Skráning á jeppar.is og í síma 540 4900



Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is | jeppar.is

07-0011 KC



GULL BYLGJAN 909



Náttúrufræðistofnun heldur í gamlar hefðir:

Árleg fuglatalning

FUGLAR Árleg vetrarfuglatalning Náttúrufræðistofnunar fór fram í gær. Yfir eitt hundrað manns tóku þátt í talningunni um land allt, bæði fuglafræðingar og áhugamenn. Fuglar hafa verið taldir á þessum árstíma hérlandis allt síðan 1952.

Markmið vetrarfuglatalninga er að safna upplýsingum um fjölda og dreifingu fugla hér á landi að vetrarlagi og jafnframt um mikilvæg svæði fyrir fugla á þeim tíma. Einnig má nýta niðurstöður þeirra til að fylgjast með stofnbreytingum margra tegunda.

- sps



FUGLAR Vanir menn eiga ekki í vandræðum með að telja þá.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRÉDRÍKSSON



MIKIL ÞÁTTAKA Þrettándinn var haldinn með hefðbundnu sniði í Vestmannaeyjum í gær. Mátti sjá ýmsar verur á ferli og stemning var almennt góð.

Jólahátíðin kvödd með veglegum hætti í Eyjum:

Fjölmenni í blysför

VESTMANNAEYJAR Þrettándinn hefur um margra ára skeið verið mikill hátíðisdagur í Vestmannaeyjum og í ár var engin breyting þar á.

Hátíðarhöldin hófust með blysför jólasveina ofan við Há, en þaðan var haldið upp á malarvöllinn í Löngulág þar sem Grýla,

Leppalúði, púkar og álfar bættust í hópinn. Þar fylgdist síðan fjöldi manns með furðuverunum dansa í kringum álfabrennu sem þar hafði verið kveikt. Skemmtuninni lauk síðan með veglegri flugeldasýningu að hætti Eyjamanna.

- þsj

Niðurgreiðslur til dagforeldra í Reykjavík auknar:

Gagnrýna skilyrðislauslausa hækkun

BÖRN Niðurgreiðslur til dagforeldra í Reykjavík voru auknar um rúm þrjátíu prósent um áramótin. Hækkunin kostar Reykjavíkurborg um 85 milljónir á ári. Niðurgreiðslur til dagforeldra hafa aldrei aukist jafnmikið í einu.

Oddný Sturludóttir, fulltrúi Samfylkingar í leikskólaráði, gagnrýnir þá ákvörðun meirihluta leikskólaráðs að láta engin skilyrði fylgja upphæðinni sem gætu bætt þjónustuna.

„Mér finnst mjög gagnrýnisvert að auka niðurgreiðsluna þetta mikið án þess að nokkrar kvaðir fylgi með og án þess að það liggi ljóst fyrir hvort foreldrar njóti góðs af henni,“ segir hún.

„Til dæmis væri hægt að setja verðþak á gjöld dagforeldra eins og hefur verið gert á Akureyri. Verðmunurinn á þjónustunni er allt að 140 prósent og margir foreldrar eru óánægðir með ógagnsæi kerfisins.“

„Markmiðið með hækkuninni er tvíþætt,“ segir Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður leikskólaráðs. „Við viljum með þessu lækka gjöld til foreldra og einnig treysta þessa þjónustu sem hefur verið á undanhaldi.“

Hún segir kerfið ekki bjóða upp á skilyrta lækkan gjalda hjá dagforeldrum, því hafi aðeins verið beint til þeirra að lækka gjöld sín til foreldra.

- sps

TILBOÐ

**20%
AFSLATTUR**



EVNEDAL / GÖG / MEGALIS



ATHVCL-0007/02

Orkan virkjuð

Með sameiningu VGK hf. og Hönnunar hf. um nýliðin áramót er starfsorka 240 sérfræðinga virkjuð til hins ítrasta í stærsta verkfræðifyrirtæki landsins.

Meðal verkefna VGK Hönnunar má nefna rannsóknir á jarðhita og jarðfræði, hönnun jarðvarma- og vatnsaflsvirkjana, gerð háspennulína og annarra orkuvirkja og umhverfisráðgjöf er varðar orkufrekan iðnað.

Þar sem verk er að vinna erum við til þjónustu reiðubúin!



Grensásvegi 1 - 108 Reykjavík - Laugavegi 178 - 105 Reykjavík - Sími 422 3000 - www.vgkhonnun.is

VEISTU SVARIÐ?



FRJÁLS Jamie Razuri, ljósmyndari AFP-fréttastofunnar frá Perú sem rænt var í Gaza-borg á nýársdag, sést hér frelsinu feginn eftir að hafa verið látinn laus úr haldi fangara sinna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



KEPPINAUTAR Sarkozy (t.v.) og de Villepin á ríkisstjórnarbekknum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsetakosningar í Frakklandi:
De Villepin situr hjá í prófkjöri

FRÁKKLAND, AP Dominique de Villepin, forsætisráðherra Frakklands, sagðist í gær ekki myndu taka þátt í prófkjöri stjórnarflokksins fyrir forseta- kosningarnar í vor. Var þessi yfirlýsing strax túlkuð sem vantraustsyfirlýsing af hans hálfu við innanríkisráðherrann Nicolas Sarkozy, sem er einn í framboði í prófkjörinu. De Villepin sagðist myndu sitja hjá í prófkjörinu þar sem Jacques Chirac forseti hefði enn ekki tilkynnt hvort hann hygðist gefa aftur kost á sér til endur- kjörs. De Villepin og Sarkozy hafa lengi eldað grátt silfur saman þótt flokksbræður séu. - aa

12FRÉTTABLAÐIÐ8. janúar 2007MÁNUÐAGUR

Ósátt við að greiða fyrir heimsendingarþjónustu á pökkum hjá Íslandspósti:
Gert að greiða 1.100 krónur



PÖKKUM DREIFT Íslandspóstur fer eina ferð með pakka til viðtakanda á kostnað sendanda. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

verði tjáð að það kostaði 1.100 krónur.

Anna Katrín Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri markaðs- og sölusviðs Íslandspósts, segir að nýlega sé farið að bjóða upp á þá þjónustu að senda pakka heim með sendli ef viðtakandi hafi ekki verið heima þegar pakinn var borinn út, og verðið fyrir þjónustuna sé 1.100 krónur. „Við erum að sjálfsögðu að þróa þetta kerfi, og munum endurskoðað það þegar fram líða stundir,“ segir Anna. Hún segir að það sé óhagkvæmt að setja pakkana aftur í dreifikerfið, þar sem þá þurfi að flokka þá aftur, sem hafi svipaðan kostnað í för með sér og að senda þá með sendli. - bj

Rætt um Urriðafossvirkjun:
Eitt hundrað funda við foss

FUNDUR Um eitt hundrað Sunnlendingar mættu á útifund sem haldinn var við Urriðafoss í Þjórsá í fyrradag. Umræðuefnið var fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir við fossinn, sem er sá vatnsmesti á landinu. Bjarni Harðarson, blaðamaður og frambjóðandi Framsóknarflokksins, skipulagði fundinn. Með honum vildi hann kveikja umræðu um framkvæmdirnar og áhrif þeirra. Urriðafossvirkjun er ein þriggja virkjana sem verðið er að undirbúa í Neðri-Þjórsá. Markmiðið með fundinum var að kynna þessa fyrirætlan. - sps

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga:
Hækkar framlög um einn milljarð

STJÓRNSÝSLA Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra hefur samþykkt tillögu um hækkun á framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga um tæpan milljarð. Ráðgjafanefnd Jöfnunarsjóðs lagði tillöguna fram. Framlögin hækka í takt við auknar skatttekjur ríkisins og munu nema rúmum fjórtán milljörðum króna á þessu ári. Auk þess greiðir Jöfnunarsjóður út 700 milljóna aukaframlag til sveitarfélaga sem eru í mestri þörf fyrir slíkt framlag vegna þróunar í rekstarumhverfi og erfiðra ytri aðstæðna. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá félagsmálaráðuneytinu. Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er ætlað að jafna þann mun sem myndast á milli sveitarfélaga vegna stærðar þeirra og fjölda. - þs



MAGNÚS STEFÁNSSON

Styttist í ákvörðun um lagningu raflína

Reisa þarf mikil línumannvirki vegna stækkunar álversins í Straumsvík. Hafnarfjarðarbær og Landsnet munu senda tillögur um mannvirkin til Skipulagsstofnunar. Talsmaður Sólar í Straumi segir að leggja þurfi raflínurnar í jörðu.



LÍNUMANNVIRKI VIÐ ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK Ef kemur til stækkunar álversins mun þurfa að reisa mikil línumannvirki sem munu flytja raforku til verksmiðjunnar. Tillagan sem er líklegust gerir ráð fyrir að byggðar verði háspennulínur sem liggja að mestu í gegnum iðnaðarsvæði. KORTIÐ ER BIRT MÍÐ LEYFI LANDSNETS.

Skrifstofuvörur á janúartilboði



Á tilboði í janúar 2007 Bréfabindi, ljósrítunarpappír, merkipennar, töflutússar og veggklukka

148 kr.



Bréfabindi A4, 5cm og 8cm kjölur.

898 kr. pk.



Merkipennar, bláir, svartir, rauðir og grænir, 12 stk í pk.

1.240 kr. ks.



Mopak ljósrítunarpappír, 5x500 blöð í ks.

Rekstrarvörur - vinna með þér Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665 sala@rv.is • www.rv.is

inu verði grafnar í jörðu meðfram byggðinni. Jafnframt mun tengivirki við Hellnahraun verða minnkað og nýtt tengivirki verða reist við Hrauntungur, sem er utan skipulagðra svæða. Árni Stefánsson hjá Landsneti segir að fyrirtækið hafi haft valkostina til skoðunar og að í samráði við Hafnarfjarðarbæ verði fjórir þeirra sendir til Skipulagsstofnunar á mánuðaginn sem tillögur að matsáætlun. Skipulagsstofnun mun svo gera matsáætlun

Viðskiptavinir hvattir til að leyfa banka að skanna skilríki inn í tölvukerfi:
Berjast gegn peningaþvætti

PERSÓNUVERNÐ Viðskiptavinir Landsbankans eru í bæklingi sem nú er verið að dreifa hvattir til að koma sem allra fyrst í næsta útibú með ökuskírteini, vega-bréf eða nafnskírteini til að bankinn geti skannað skilríkin inn í tölvukerfi. Þetta er liður í baráttunni gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, segir Kristinn Arnar Stefánsson, ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningaþvætti hjá bankanum. Hann segir nauðsynlegt að hafa þessar upplýsingar til að tryggja öryggi viðskiptavina. „Afbrotamenn geta notað stolnar kennitölur til að opna bankareikninga eða stofna til annarra viðskipta. Þeir geta notað stolnu kennitölurnar til peningaþvættis, sem gerir stjórnvöldum erfitt fyrir. Við erum bara að reyna að liðsinna í þeirri baráttu,“ segir Kristinn. Afritin sem tekin eru af skilríkjum viðskiptavina eru geymd á gagnagrunni sem fáir starfsmenn hafa aðgang að, segir Kristinn, en hann vill ekki fara nánar út í hvernig þessar upplýsingar eru notaðar þar sem það gæti gagnast þeim sem hyggist stunda peningaþvætti.




SKILRÍKI Gild persónuskilríki í viðskiptum við banka eru vega-bréf, ökuskírteini og nafnskírteini. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

Pétur Þorsteinn Óskarsson, talsmaður Glitnis, segir að þeir sem þegar séu í viðskiptum verði ekki beðnir um að koma með skilríki, en nýir viðskiptavinir þurfi þess. Ekki fengust svör um áform Kaupþings banka þegar eftir því var leitað. - bj



BÖRNIN FERÐAST FYRIR AÐEINS 1.000 VILDARPUNKTA!

EINSTAKT TILBOÐ FRÁ VILDARKLÚBBI ICELANDAIR
Fyrir börn að 12 ára aldri þarf aðeins að greiða 1.000 Vildarpunkta fyrir flugsæti til allra áfangastaða Icelandair í fylgd með fullorðnum. Sölutímabil er 8. og 9. janúar og ferðatímabil til 31. mars (síðasta heimkoma).

TRYGGÐU BARNINU SÆTI Á ÞESSUM VILDARKJÖRUM
Hafðu samband við söluskrifstofu Icelandair eða við fjarsölu Icelandair í síma 5050 100. Ekki er hægt að panta og greiða fyrir sæti á þessu tilboði á netinu. Flugvallarskattar ekki innifaldir.

+ Sjá skilmála inn á www.vildarklubbur.is



Vildarklúbbur

„ORÐRÉTT“

Ekki vera hrædd

„Það þarf enginn að óttast DV.“

SIGURJÓN M. EGILSSON, RITSTJÓRI DV, KYNNIR BREYTTAR ÁHERSLUR BLAÐSINS, SEM BRÁTT VERÐUR DAGBLAÐ.

DV, 5. janúar

Blaðið brotið

„Í dag brjótum við blað í sögunni. Í dag breytum við stefnu þjóðarinnar.“

NANCY PELOSI VAR KJÖRIN FORSETI FULLTRÚAÐEILDAR BANDARÍKJAPINGS Á FIMMTUDAG. HÚN ER FYRSTA KONAN Í SÖGUNNI TIL AÐ GEGNA ÞESSU EMBÆTTI.

Fréttablaðið, 5. janúar

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? EYVINDUR EIRÍKSSON RITHÖFUNDUR

Framtíðarsaga að verða tilbúin

„Áramótin voru að liða og ég hef verið latur, jölin rugla fyrir manni kerfið. Tveir af krökkunum mínum voru í heimsókn, annar frá Spáni og hinn frá Danmörku,“ segir Eyvindur Eiríksson rithöfundur. „Annars er ég að fara að halda áfram að vinna í skriftum. Ég er á þriðja ári af sex ára áætlun um að klára ýmis verk áður en ég verð of kalkaður,“ segir hinn 71 árs gamli Eyvindur. „Svo hef ég verið að heimsækja karl föður minn á Vestfjörðum sem er orðinn 98 ára.“ Eyvindur gaf út tvær bækur á síðasta ári, 3xást og Örfok, og stefnir að því að



gefa út fleiri á þessu ári. „Þetta er eins og að steypa sér í Atlantshafið og synda til Færeyja. Ég er búinn að vera að vinna að framtíðarsögu undanfarin fimm ár sem ég tel vera tilbúna, hún er frekar grimm því eins og í flestum framtíðarsögum fer eitthvað úrskeiðis. Svo er ég að vinna að stærri sögu sem ég vonast til að klára eftir tvö ár. Þegar ég fer að kalka einbeiti ég mér svo líklega að minni verkum.“

TÖLUSTAFIRNIR

ARABÍSKU TÖLURNAR KOMA FRÁ INDLANDI

■Tölustafirnir frá einum og upp í níu voru fundnir upp á Indlandi aldirnar í kringum Krists burð. Núllið birtist fyrst á 9. öld eftir Krist, og á svipuðum tíma barst talnakerfið til arabaheimsins. Þaðan barst það um öld síðar til Evrópu. Það var þó ekki fyrir en rúmum 500 árum síðar með uppfinningu prentvélarinnar að það náði almennri útbreiðslu.

nær og fjær
tilveran

SJÓNARHÓLL

ÁRAMÓTASKAUPIÐ

Verði endursýnt á nýársdag!

„Ég skemmti mér konunglega en ég tók eftir því að eldri kynslóðin var ekki alveg með á nótunum. Þetta er fyrsta áramótaskaupið sem var miðað algjörlega við yngra fólk,“ segir Hulda Björk Garðarsdóttir söngkona. Hulda segir gaman að sjá gamlar hefðir brotnar upp og er hissa á neikvæðum viðbrögðum. „Ég neita því ekki að þarna voru hlutir sem ég var ekki inni í, enda hef ég ekki verið að lesa blöðin gaumgæfilega undanfarna mánuði. En mér fannst það brjáðsnjallt og vel gert og gjörólikt þeim gömlu. Það var ekkert fyrirsjáanlegt í því. En ég vil setja upphröpunarmerki við að það ætti að vera skylda að sýna skaupið aftur á nýársdag. Mér finnst ennþá skemmtilegra að horfa á svona í annað sinn“

HULDA BJÖRK
GARÐARSDÓTTIR
Söngkona

Norðmenn á nýrri öld

Það er lítill sveitarbragur á Ósló þessa dagana með hátt í milljón íbúa, séu úthverfin talin með. En samt sem áður er meiri ró yfir fólki þar en í Reykjavík.

Börnum undir 16 ára aldri er bannað að halda á stjörnuljósum eða leigja sér videóspólu. Blöðin slá því upp að prinsarnir norsku hafi farið í siglingu án björgunarvesta og að krókar á skipi geti hugsanlega skaðað máva verði ekkert að gert.

Ef Íslendingar eru heimsmeistarar í yfirvinnu, þá kunna Norðmenn að meta frítíma sinn og vinna sjaldnast mínútunni lengur en nauð-

synlegt er. Þessi mótun byrjar strax í barnaskóla þar sem verkefnum vikunnar er skilað á föstudögum og ný ekki afhent fyrr en mánudaginn eftir.

Norðmennirnir kalla sinn kvöldmat „middag,“ og borða hann klukkan fimm á daginn strax að vinnu lokinni til að fullnýta frítímann, meðan Íslendingar bíða fram eftir kvöldi með matinn, líklega til að gefa meiri tíma fyrir yfirvinnuna.

- vg

KARL JOHAN VERSLUNARGATAN Skautasvell er sett upp á hvert meðfram helstu verslunargötu Noregs.



„Það er bara ekki vit í neinu öðru. Ég þarf að fara Djúpið, skilurðu?“



Styrkir fólk í Mongólíu

Guðjón Sigurðsson, formaður MND-félagsins, stendur fyrir söfnun á hjálpartækjum sem geta nýst sjúklingum með MND. Tækin ætla hann svo að senda til Mongólíu en þar eru aðstæður fólks með þennan sjúkdóm mjög bágbornar.

Mikið magn nothæfra hjálpartækja er til fyrir sjúklinga sem þjást af MND, sem ekki nýstast neinum á Íslandi. Þau eru talin úrelt hér en á mörgum öðrum stöðum í heiminum eru þau gulls ígildi. Þetta segir Guðjón Sigurðsson, formaður MND-félagsins á Íslandi. Hann, ásamt öðrum meðlimum og velunnurum félagsins, hefur að undanfögnu unnið að því að safna hjálpartækjum fyrir MND-sjúklinga sem ekki eru í notkun. Ætlunin er svo að senda þau til Mongólíu í lok febrúar. Tíðrög þessarar söfnunar eru þau að fyrir skömmu fór Guðjón á alþjóðlega ráðstefnu um MND sem haldin var í Japan. Á ráðstefnunni kynntist Guðjón ungum manni sem tengdur var formanni MND-samtaka í Mongólíu.

Eftir að hafa heyrt lýsingar mannsins af aðstæðum MND-sjúklinga í Mongólíu ákvað Guðjón að gera það sem hann gæti til að bæta hag fólks, sem þjáist af sama sjúkdómi og hann, þar í landi. „Mér fannst ég verða að gera eitthvað,“ segir Guðjón. „Hér er til mikill fjöldi heilla tækja í geymslum sjúkrastofnana og hjá heildsölum. Þau eru ekki af því tagi sem maður kallar nýjasta nýtt en öll eru þau í góðu ásigkomulagi og sum hver ónotuð.“ Ekki er vitað um orsök sjúkdómsins MND en hann veldur því að boð hætta að komast á milli hreyfitauga líkamans þannig að vöðvar hætta að svara kalli líkamans. Smám saman deyr líkami sjúklingsins þótt vitsmunir hans haldi sér að fullu. Líftími sjúklinga sem greinast með þennan sjúkdóm er oftast á bilinu eitt til sex ár. Sjúkdómur-



GUÐJÓN SIGURÐSSON Formanni MND-félagsins fannst hann verða að gera eitthvað eftir að hafa heyrt af aðstæðum sjúklinga í Mongólíu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

inn er ólæknandi en góð hjálpartæki geta létt líf sjúklingsins verulega. „Við njótum velvilja margra til þess að koma þessum tækjum til þeirra sem þurfa á þeim að halda. Eimskip ætla meðal annars að koma þeim til skila endurgjaldslaust,“ segir Guðjón. Hann bendir á að til þess að tryggja að gripirnir komist örugglega í réttar hendur fari fagfólk með á staðinn sem einnig mun sjá um að kenna á þau. „Við njótum aðstoðar Landspítalans í þessum efnum. Hann mun veita iðjuþjálfna og hjúkrunarfræðingi leyfi á launum til að veita fólki þar úti kennslu í notkun tækjanna,“ segir Guðjón.

karen@frettabladid.is

Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni



Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ

- Vel lesið

*Gallup maí 2006



„Ég á ættingja út um allt land þannig að maður er oft á ferðinni. Vegirnir geta verið svakalegir, ekki síst í janúar og febrúar. Ég vil vera við öllu búinn.“

Þeir sem kaupa sér Subaru einu sinni, halda áfram að kaupa sér Subaru. Þeir vita að hann er allt öðruvísi en aðrir bílar.

Boxer vélin liggur lárétt í vélarrýminu svo þyngdarpunktur bílsins er mjög lágur sem gerir hann miklu stöðugari í öllum akstri. AWD sídrífið tryggir það að aflið dreifist jafnt og örugglega til hjólanna. „Ég vil hafa eins mikla stjórn á aðstæðum og hægt er. Maður ræður bara við svo margt á Subaru.“

Subaru hefur verið seldur á Íslandi í yfir 30 ár. Reynslan af bílnum við þær erfiðu og óvenjulegu aðstæður sem hér eru hefur gert Subaru að samnefnara fyrir endingu, hörku og úthald. Raunar er hvergi selt meira af Subaru miðað við höfðatölu en einmitt á Íslandi.

Það ætti enginn að kaupa sér bíl án þess að koma fyrst og reynsluaka Subaru. Spyrdú bara Subarueigendur. Þeir vita af hverju Subaru eru sennilega gáfu- legustu bílakaup sem þú gerir:

„Hey, þetta er Ísland!“

Subaru er á sérlega góðu verði þessa dagana og að sjálfsögðu fylgja frí vetrardekk með. Komdu og reynsluaktu Subaru í dag!


Sedan verð frá 2.490.000,- Wagon verð frá 2.640.000,- Cross Wagon verð frá 2.760.000,-

Ingvar Helgason	Sævarhöfða 2 Simi 525-8000	Opíð: Mán. - fös. kl. 9:00 - 18:00. Lau. 12:00 - 16:00.		
Umboðsmenn um land allt	Akureyri 464-7940	Njarðvík 421-8808	Höfn í Hornafirði 478-1990	Reyðarfirði 474-1453

SYMMETRICAL AWD

Svona erum við

> Fjöldi smáskilaboða (SMS) í farsímakerfinu



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: FORSETI FULLTRÚAÐEILDAR BANDARÍKJAPINGS

Fyrsta konan kjörin eftir 217 ár

Kona var í fyrsta skipti kjörin forseti fulltrúa-deildar Bandaríkjaþings í vikunni. Nancy Pelosi, þingmaður Demókrataflokksins, fékk 223 af 435 atkvæðum í kosningu um embættið á 110. þingi Bandaríkjaþings.

Hvert er hlutverk forseta fulltrúa-deildarinnar?

Hann situr í æðsta embætti fulltrúa-deildarinnar, sem er neðri deild Bandaríkjaþings, og er annar í röðinni sem staðgengill forseta á eftir varaforsetanum.

Kveðið er á um embætti forseta fulltrúa-deildarinnar í stjórnskrá Bandaríkjaþings og samkvæmt hefð kemur hann alltaf úr flokknum sem hefur meirihluta í fulltrúa-deildinni þótt lagalega séð þurfi hann ekki að eiga sæti á þingi.

Áhrif og sýnileiki forseta fulltrúa-deildarinnar er venjulega meiri þegar hann kemur úr öðrum flokki en forseti Bandaríkjaþings. Séu þeir úr sama flokki ber venjulega minna á forseta fulltrúa-deildarinnar. Auk þess að sinna skyldum sem fylgja því að stýra fulltrúa-deildinni og meirihlutanum fylgja ýmsar formlegar skyldur embætti forseta fulltrúa-deildarinnar. Einnig er hann áfram fulltrúi síns kjördæmis.



Hver er saga embættisins?

Fyrsti forseti fulltrúa-deildarinnar þegar fulltrúa-deildin kom fyrst saman árið 1789.

Framan af fólust yfirleitt ekki mikil áhrif í því að vera forseti fulltrúa-deildarinnar en í lok 19. aldar varð embættið mjög valdamikið. Náði það hámarki í byrjun 20. aldarinnar í valdatíð Joseph Gurney Cannon sem hafði gífurleg áhrif á lagasetningarvald þingsins og beitti því óspart í þágu síns flokks, Repúblikanaflokksins. Cannon ákvað dagskrá þingsins, skipaði alla nefndarformenn auk nefndarmanna og ákvað hvaða nefnd færi yfir hvaða lög.

Dregið var úr völdum embættisins í kjölfarið en nokkrir forsetar fulltrúa-deildarinnar voru mjög áhrifamiklir á 20. öldinni.

Vonir glæðast um frið í Sómalíu

Hermenn hollir bráðabirgðastjórninni í Sómalíu hafa hrakið, með dyggri aðstoð herliðs frá grannríkinu Eþíópíu, skæruliða íslamskra öfgamanna frá höfuðborginni Mogadishu og öðrum borgum og bæjum í suðurhluta landsins, sem þeir höfðu haft á valdi sínu í nokkur misseri.

Um helgina sat herliðið um síðasta vígi skæruliðanna, bæinn Ras Kamboni syðst í Sómalíu, rétt við landamærin að Kenýa. „Þeir hafa grafið sig niður í skotgrafir í kringum Ras Kamboni, en hafa aðeins tvo kosti: að drukka í sjónum eða að berjast og deyja,“ sagði varnarmálaráðherrann í bráðabirgðastjórninni, Barre „Hirale“ Adan Shire, á föstudag.

Stríðsgæfan hefur þannig á skömmum tíma snúið bráðabirgðastjórninni í vil, en fjúka tók í flest skjól fyrir henni er skæruliðar náðu Mogadishu á sitt vald í haust sem leið.

Árangurinn sem her bráðabirgðastjórnarinnar hefur náð á síðustu vikum gegn skæruliðum er fyrst og fremst að þakka skriðdrekum, orrustuþotum og þýrlum Eþíópíuhers. Hann hyggst hins vegar ekki dvelja lengi; Eþíópíustjórn segist ekki hafa efni á því að halda hernum uppteknum í friðargæzlu utan landamæranna.

Sjaldgæft tækifæri

Forseti Sómalíu, Abdullahi Yusuf, tjáði erlendum erindrekum á fundi í Naíróbí í Kenýa á föstudag að nú gæfist sjaldgæft tækifæri til að binda enda á fimmtán ára upplausn og hjaðningavíg í Sómalíu, en aðstoðar alþjóðasamfélagsins væri þörf ef takast ætti að nýta það tækifæri.

Fulltrúar stjórnvalda frá Bandaríkjunum, Evrópu, Afríku og Miðausturlöndum komu saman í Naíróbí til að ræða möguleika á að hjálpa sómölku bráðabirgðastjórninni að endurreisa stofnanir ríkisins eftir ósigur íslamistahreyfingarinnar Rád íslamskra dómstóla, en hún barðist fyrir því að koma á sjaríalögum og klerkastjórn í landinu. Meðal leiðtoga hreyfingarinnar eru menn sem eru eftirlýstir fyrir meinta aðild að hryðjuverka-sprengingunum í sendiráðum Bandaríkjaþings í Naíróbí og Dar es Salaam árið 1998.

Sextán ára upplausnarástand

Upplausnarástand hefur verið í landinu allt frá því einræðisherranum Mohamed Siad Barre var steypt árið 1991. Raðir uppreisnarmanna klofnuðu fljótt er ættbálkahöfðingjar sem fóru fyrir uppreisninni gátu ekki komið sér saman um það hvernig völdunum skyldi skipt og sneru þá vopnunum gegn hver öðrum.

Jendayi Frazer, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjaþings með mál-efni Afríku á sinni könnu, sagði fyrir helgi, eftir fund með Yoweri Museweni Úgandaforseta, að Úganda myndi leggja til eitt til tvö þúsund hermenn til að sinna friðargæzlu í Sómalíu á vegum Afríku-

Tækifæri til að reisa Sómalíu úr rústum borgarastríðs

SÓMALÍA

Mohammed Gedi: Forsetisráðherra bráðabirgðastjórnar (TFG) sem nýtur stuðnings SP og Vesturlanda, með bækistöðvar í Baidoa.

Sjeik Hassan Dahir Aweys: Wahhabi-bókstafstrúarklerkur og leiðtogi Ráðs íslamskra dómstóla (UIC). Aweys er á lista Bandaríkjaþings yfir eftirlýsta hryðjuverkamenn fyrir að hafa skotið skjólshúsi yfir liðsmenn al-Kaída eftir sprengjuárásir á sendiráð Bandaríkjaþings í Kenýa og Tansaníu árið 1998.

Abdi Hassan Awale Qedid: Áhrifamesti fyrrverandi stríðsherrann í Mogadishu. Gekkt til liðs við UIC í júní 2006.

9. 10. EGYPTALAND, LÍBÝA

Hozni Mubarak Egyptalandsforseti og Muammar Gaddafi Líbýuleiðtogi styðja friðargæsu á vegum Afríkubandalags, Sádi-Arabar og Súðanar ekki.

11. SÚÐAN

Omar el Bashir forseti, yfirmaður Arababandalagsins, reyndi að miðla málum milli TFG og UIC.

1. EÞÍÓPÍA

Land með 77 milljónir íbúa - helmingur þeirra eru múslimar. Eþíópíustjórn, undir forystu Meles Zenawi, gat ekki hugsað sér að grannríkið Sómalía yrði að íslömsku klerkaveldi og sendi herinn til að hjálpa veikburða bráðabirgðastjórninni til að ná yfirhöndinni í glímunni við skæruliða.

2. ERÍTREA

Svarinn óvinur Eþíopíu, en löndin tvö hafa lengi átt í harðri landamæradeilu. Stjórnvöld grunuð um að smygja vopnum til skæruliða UIC í Sómalíu.

3. DJÍBÚTÍ

Hæli um 25.000 sómalskra flóttamanna. Hefur boðið að gegna sáttasemjara hlutverki. Herstöð Frönsku útlendingahersveitarinnar og bandarískra landgönguliða.

4. JEMEN

Stjórnin sökuð um að selja stríðandi fylkingum vopn. Hæli um 84.000 sómalskra flóttamanna.

5. SAF

Fjármálamiðstöð UIC.

6. SÁDÍ-ARABÍA

Opinberlega engin tengsl við skæruliða UIC, en wahhabistofnanir sagðar stunda ýmsa greiðastarfsemi fyrir UIC.

7. ÚGANDA

Heitir minnst 1.000 friðargæsluliðum.

8. KENÝA

Minnst 30.000 flóttamenn, flestir bantúmenn, flúðu yfir landamærin á liðnu ári, og var heildarfjöldi sómalskra flóttafólks í Kenýa þar með kominn í 160.000. Kenýastjórn styður TFG.

12. TANSANÍA

Stýður 600.000 bantú-menn í Sómalíu, en þeir eru afkomendur þræla sem fluttir voru frá Tansaníu á nýlendutímanum. Þeir sæta ofsóknum af hendi sómalskra arababandamanna.

BANDARÍKIN OG ESB

Styðja að afrískt friðargæslulið verði sent á vettvang og heita drjúgum fjárstuðningi. Bandaríkjamenn vilja hafa hendur í hári nokkurra leiðtoga UIC sem þeir saka um tengsl við al-Kaída.

Sources: AP og skýrsla bandaríska utanríkisráðuneytisins um Sómalíu frá því í október 2006.

© GRAPHIC NEWS

sambandsins. Hægt væri að senda fyrstu gæzluliðana á vettvang strax fyrir janúarlök.

Talsmenn íslamistahreyfingarinnar hafa svarið að heyja skæruhernað í stíl við þann sem þekktur er frá Írak. Í þessu felst hótun um að erlendri friðargæzluliðar verði teknir sérstaklega fyrir og verði hvergi óhultir fyrir sjálfsmorðsárásum og öðrum skærum.

Innanríkisráðherra bráðabirgðastjórnarinnar sagði fyrir helgi að á að gízka 3.500 skæruliðar væru í felum í Mogadishu.

Yfirvöld í Kenýa lokuðu landamærunum til að hindra að fleiri skæruliðar flýðu yfir þau frá Sómalíu. Samkvæmt upplýsingum Flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna hafast þúsundir flóttamanna einnig við næst landamærunum, sem þeir komast ekki yfir til að leita hælís í grannríkinu. Á undanliðnum upplausnarárum hafa hundruð þúsunda Sómala flúið land, en flestir þeirra dvelja í grannríkj-

unum, einkum Eþíópíu, Kenýa, Jemen og Djíbútí.

Íbúar Mogadishu hafa verið á nálum síðan borgin komst aftur undir yfirráð bráðabirgðastjórnarinnar. Gnægð vopna er enn í hálfrústaðri borginni, og vitað er að nokkrir gömlu stríðsherranna eru komnir þangað aftur.

Erlent friðargæzlulið?

Síðan í janúar 2005 hefur svonefnd Milliríkjanefnd um þróun, sem sjö lönd í heimshlutanum eiga aðild að, boðizt til að senda fjölbjóðlegt friðargæzlulið til Sómalíu. Ekkert hefur orðið af því, meðal annars vegna vopnasóðubanns SP, sem verið hefur í gildi síðan árið 1992. Öryggisráð SP aflétti banninu að hluta í desember, með það fyrir augum að gera slíka friðargæzlu mögulega.

Saga erlendrar friðargæzlu í Sómalíu er svört. Friðargæzlulið á vegum Sameinuðu þjóðanna, sem bandarískt herlið átti aðild að, kom

til landsins árið 1992. Árið eftir var bandarísk herþýrla skotin niður og átján hermenn felldir af skæruliðum, hollum stríðsherranum Mohamed Farah Aided. Bandaríkjaher kallaði allt sitt lið á brott skömmu síðar og botninn datt úr friðargæzluverkefni SP.

Sænski utanríkisráðherrann Carl Bildt sagði eftir viðræður ráðherra ESB-ríkja og Noregs um mál Sómalíu í liðinni viku að Evrópuríki væru mjög hikandi að bjóða fram lið til friðargæzlu þar, af ötta við að endurtaka fyrri mistök við uppbyggingu eftir borgarastríð. „Komi til þess að fjölbjóðlegt friðargæzlulið verði sent til Sómalíu verður það að vera frá öðrum Afríkuríkjum,“ sagði Frank-Walter Steinmeier, utanríkisráðherra Þýskalands sem nú gegnir formennskunni í ESB.



FRÉTTASKÝRING

AUDUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

VÍSIR

FYRSTUR
MEÐ
FRÉTTIRNAR
www.visir.is

Gefðu
vatn

Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

Tölvunám vorið 2007

Menntun sem gefur þér forskot



Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðipjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa yfir 34.300 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á rúmum 20 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.



Veldu stutt og hnitmiðuð námskeið:

● Byrjendanámskeið

Windows, Word og Internetið • 22 stundir/verð 24.500
Internetið og tölvupóstur • 9 stundir/verð 10.900
Windows XP fyrir byrjendur • 9 stundir/verð 10.900
Fingrasetning - tölvuvérlitun • 6 stundir/verð: 6.900

● Access

Access I: Almenn gagnagrunnsgerð • 22 stundir/25.900
Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð • 18 stundir/34.900
Access III: Fjölvar og forritun með VBA • 36 stundir/52.900

● Word

Word1a: Grunnur ritvinnslu • 9 stundir/verð 10.900
Word1b: Betri ritvinnsla • 13 stundir/verð 16.900
Word I: Grunnur og betri ritvinnsla • 22 stundir/verð 24.500
Word II: Framhald • 22 stundir/verð 26.900
Töflur og eyðublað í Word • 4 stundir/verð 6.900
Vinnsla langra skjala í Word • 13 stundir/verð 16.900
Dreifibréf og markpóstur í Word • 4 stundir/verð 6.900

● Excel

Excel I: Almenn töflureiknisnotkun • 22 stundir/verð 22.500
Excel II: Sérhæfð notkun • 18 stundir/verð 29.900
Excel II: Fjármál, bókhald og endursk. • 18 st./verð 34.500
Excel III: Fjölvar og forritun með VBA • 32 st./verð 45.900

● PowerPoint

PowerPoint I: Glærur og kynningar • 13 stundir/verð 16.900
PowerPoint II: Hreyfimyndir og hljóð • 9 stundir/verð 13.900
PowerPoint I + II • 22 stundir/verð 24.500

● Outlook og OneNote

Outlook: póstur, tímareiða og verkefni • 13 st./verð 16.900
OneNote: Hugmyndavinna og glósur • 9 st./verð 10.900

● Publisher

Publisher: Bæklingar og kynningar • 13 st./verð 16.900

● Vefsíðugerð

FrontPage 2003 vefsíðugerð • 22 stundir/verð 24.500
DreamWeaver MX vefsíðugerð • 27 stundir/verð 29.900
Flash: Gerð hreyfimynda og mynda • 18 st/verð 24.900

● Myndvinnsla og grafík

Ljósmyndavinnsla með Picasa • 9 stundir/verð 12.900
Stafræn ljósmyndun • 13 stundir/verð 15.900
Photosho: Ljósmyndir og grafík • 22 stundir/verð 26.900
Photoshop Elements • 13 stundir/verð 16.900
Visio: Viðskiptagrafík og teikning • 18 stundir/verð 24.900

● FileMaker

FileMaker notendanámskeið • 18 stundir/verð 26.500
FileMaker 7.0/8.0: Forritun og notkun • 27 st./54.900

● Windows XP

Windows XP fyrir venjulega notendur • 9 st./verð 12.900

● Verkefna- og tímastjórnun

PRINCE2 verkefnastjórnun • 22 stundir/verð 49.900
Microsoft Project verkefnastjórnun • 22 st./verð 39.900
Tímastjórnun með Outlook • 6 stundir/verð 14.900

MCSA og MCP nám

► Netumsjón MCP

Þetta er besta námið fyrir þig ef þú vilt sjá um netrekstur í fyrirtækjum og skapa þér ný tækifæri á vinnumarkaði. Lærðu grunnfræði netkerfa, Windows XP Professional (70-270) og Windows 2003 Server (70-290). Tvö MCP próf innifalin.
Lengd: 121 stund/81 klst. **Verð:** 159.900

► MCSA netstjórnun

Taktu MCSA (Microsoft Certified Systems Administrator) gráðu og vertu í hópi þeirra eftirsóttustu. Fáðu yfirburða þekkingu á netstjórnun og Exchange.

Þú lærir netfræði, TCP/IP, Windows XP Professional (70-270), Windows 2003 Server MCP (70-290), stjórnun Windows neta og netumhverfi Windows 2003 (70-291) og Exchange Server 2003 (70-284). Öll (4) nauðsynleg próf innifalin.

Lengd: 225 stundir/150 klst. **Verð:** 299.900

► Annað MCP nám

- Windows XP Pro SP2 (70-270)
Lengd: 60 st./39 klst. Verð: 89.900
- Windows Server 2003 R2 (70-290)
Lengd: 60 st./39 klst. Verð: 89.900
- Exchange Server 2003 (70-284)
Lengd: 49 st./33 klst. Verð: 89.900
- Netw. Infrastr. Win 2003 (70-291)
Lengd: 49 st./33 klst. Verð: 89.900

.NET forritun

► Visual C# .NET (+ASP) forritun

Lærðu forritun með forritunarmáli sem hefur slegið í gegn með því að sækja þetta hnitmiðaða og yfirgrípsmikla nám.

Krafist er góðrar tölvuþekkingar.

Lengd: 130 stundir/87 klst. kvöldnám
Verð: 169.900 • Allt að 5 ára lán

► ASP .NET vefforritun

Taktu þátt í byltingu í vefsíðugerð og lærðu ASP .NET vefforritun. Allt sem þú þarft er grunnur í forritun og góð tölvukunnátta.

Lengd: 50 stundir/33 klst. kvöldnám
Verð: 79.900 • Allt að 3 ára lán

► Visual C# .NET forritun

Frábært námskeið til að læra á það forritunarmál sem flestir nota. Hnitmiðað og yfirgrípsmikið mál sem undirbýr þig fyrir krefjandi forritunarverkefni.

Krafist er góðrar tölvuþekkingar.

Lengd: 130 stundir/87 klst. kvöldnám
Verð: 119.900 • Allt að 3 ára lán

Skrifstofunám

► Hagnýtt bókhaldsnám

Bókhaldsnám sem borgar sig strax. Námið er fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á bókhaldi, t.d. sjálfstæða atvinnurekendur og þá sem vinna við bókhald.

Kennt er meðal annars fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisauka-skatti, grunnur launaútreikninga, afstemmingar, undirbúningur uppgjörs og fleira
*Vandað bókhaldskerfi innifalið í verði! **

Lengd: 94 stundir/63 klukkust. **Verð:** 99.900

► Skrifstofu- og tölvunám

Ef þú vilt verða liðtæk(ur) við margskonar skrifstofustörf og vinnu við tölvu þá er þetta hnitmiðaða skrifstofunám það rétta.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Access og Excel.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur

Lengd: 200 stundir/133 klst. **Verð:** 159.900

► Skrifstofu- og bókhaldsnám

Þú verður í hópi eftirsóttustu starfskrafta ef þú menntar þig í bókhaldi, rekstri og skrifstofustörfum.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Excel og Access.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur.
- Hagnýtt bókhald

*Vandað bókhaldskerfi innifalið í verði! **

Lengd: 300 stundir/200 klst. **Verð:** 229.900

Allt skrifstofunám er í boði á morgnana (9:00-12:00) eða á kvöldin (19:30-22:30)

** Leyfið er takmarkað við eitt ár og einn notanda.*

Verkefnastjórnun

► Hagnýt verkefnastjórnun

Vertu betri verkefnisstjóri. Lærðu grundvallaratriði góðrar verkefnastjórnunar, PRINCE2 aðferðafræðina og notkun Microsoft Project við gerð verkáætlana og stjórnun verkefna.

Lengd: 50 stundir/33 klst. **Verð:** 89.900

► PRINCE2 verkefnastjórnun

Lærðu PRINCE2 aðferðafræðina við verkefnastjórnun, fáðu betri yfirsýn og stjórnaðu verkefnunum óáfinnanlega.

Lengd: 22 stundir/15 klst. **Verð:** 49.900

Góð byrjun

► Almenn tölvunám

Ef þú hefur litla reynslu af tölvunotkun eða vilt fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum þá er þetta frábæra námskeið fyrir þig.

Helstu kennslugreinar:

- Windows, Word og Excel
- PowerPoint, Outlook og Internetið

Lengd: 90 stundir/60 klst. dag eða kvöld
Verð: 69.990 • Allt að 3 ára lán

► Tölvuþekking fyrir konur

Námskeið sem hefur slegið í gegn, ætlað þeim konum sem vilja ná færni í notkun tölvu við margvísleg verkefni hvort sem er í vinnu eða heima.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur

Lengd: 60 stnd./40 klst. morgun eða kvöld
Verð: 47.900 • Allt að 3 ára lán

► Tölvunám fyrir 50+

Ef þú hefur ekki ennþá lært á tölvu og ert komin(n) yfir fimmtugt er þetta rétta námskeiðið fyrir þig.

Þægilegur hraði, spennandi efni og frábær kennsla gerir þig að öflugum tölvunotanda.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur
- Stafræn ljósmyndun og vinnsla

Lengd: 72 stnd./48 klst. dag eða síðdegis
Verð: 59.900 • Allt að 3 ára lán

Vefsíðugerð

► Vefhönnun og myndvinnsla

Þetta nám er ætlað þeim sem vilja ná þeirri færni sem þarf til þess að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík.

Kennd er HTML forritun og notkun Flash, DreamWeaver og Photoshop forritanna.

Lengd: 90 stundir/60 klst. 16:15-19:15
Verð: 99.900 • Allt að 5 ára lán

► FrontPage 2003 og Photoshop

Allt það sem þú þarft að kunna til þess að búa til og viðhalda heimasíðu samkvæmt nútímakröfum um útlit og innihald.

Lengd: 45 stundir/30 klst, **Verð:** 45.900

► DreamWeaver og Photoshop

Frábær samsetning af öflugum forritum og skemmtilegri kennslu gera það að verkum að vefsíðugerð verður leikur einn.

Lengd: 49 stundir/33 klst, **Verð:** 49.900

Tölvunám TV til betri verka

– hringdu núna í síma 520 9000

– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar

– eða komdu í heimsókn, þú ert alltaf velkomin(n)!



TÖLVU- OG
VERKFRÆÐIPJÓNUSTAN

Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi

Grensásvegi 16 • 108 Reykjavík • Sími 520 9000 • tv@tv.is • www.tv.is

Mikilvægar vegabætur á döfinni:

Jarðgöng um Hjallaháls

KÁRI JÓNASSON SKRIFAR

Miklar framfarir hafa orðið í vegagerð hér á undanförnum árum, jafnframt því sem bílafjöldi og umferð hefur aukist gífurlega. Vegagerðin hefur þó hvergi nærri haldið í við þá miklu aukningu sem orðið hefur, ekki aðeins í og við höfuðborgarsvæðið, heldur um land allt svo að segja.

Sá landshluti sem hefur einna helst orðið útundan hvað varðar bættar samgöngur á landi eru Vestfirðir, þótt þar hafi töluvert verið unnið á undanförnum árum, einkum þó í Ísafjarðardjúpi og í kringum Patreksfjörð. En betur má ef duga skal. Það hlýtur að vera brýnt framtíðarverkefni að koma á heilsárshringvegi um Vestfirði og að stytta leiðina á milli höfuðborgarsvæðisins og Ísafjarðar svo sem unnt er. Einnig að tryggja umferðaröryggi í þessum landshluta, eins og með gangagerð milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar. Margvíslegar tillögur hafa verið lagðar fram í þessum efnum, og sumar þeirra eru nú þegar komnar á framkvæmdaáætlun hjá Vegagerðinni.

Patreksfirðingar og nágrannar þeirra hafa löngum búið við slæmt vegasamband í allar áttir, ef svo má að orði komast, og það eru ekki mörg ár síðan þeir urðu nær algjörlega að treysta á ferðir Baldurs yfir Breiðafjörð að vetrarlagi til þess að komast til og frá höfuðborgarsvæðinu. Þótt nú sé kominn nýr og stærri Baldur er skiljanlegt að þeir leggi áherslu á bættar vegasamgöngur í austurhluta Barðastrandarsýslu, auk þess að komast í heilsárssamband við Ísafjörð.

Í tillögum Vegagerðarinnar var lítið sem ekkert fjallað um jarðgöng um Hjallaháls og Gufudalsháls, og má það merkilegt heita.

Bætt vegasamband vestan Þorskafjarðar hefur lengi verið á döfinni og loksins í síðustu viku sendi umhverfisráðherra frá sér úrskurð um vegstæði á þessum slóðum. Vegagerðin hafði fyrir löngu lagt fram kosti um nýjan veg og Skipulagsstofnun úrskurðað um vegstæðið fyrir nærri tíu mánuðum. Nú gerist það að umhverfisráðherra gengur gegn álit Skipulagsstofnunar og úrskurðar að vegurinn skuli lagður samkvæmt svokallaðri B leið, í gegnum mesta skóglendi á Vestfjörðum. Umferðaröryggis-sjónarmið voru þar í fyrirrúmi.

Í tillögum Vegagerðarinnar var lítið sem ekkert fjallað um jarðgöng um Hjallaháls og Gufudalsháls, og má það merkilegt heita. Göng undir þessa hálsa myndu að vísu líklega vera dýrari en aðrir kostir, en á móti myndu þau leysa ýmis önnur vandamál, sem erfitt er að meta í krónum og aukum. Þá myndu göng líklega seinka eitthvað úrbótum á þessu svæði, en vera miklu varanlegri og náttúruvænni. Patreksfirðingar, Barðstrendingar og aðrir þeir sem eiga mestra hagsmuna að gæta myndu áreiðanlega sætta sig við einhverja bið, og allir yrðu miklu sáttari fyrir bragðið.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson ADSTODARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. issn 1670-3871

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu

fengið Fréttablaðið. En til vonar

og vara skaltu klippa þetta símanúmer

út og hringja ef blaðið berst ekki.

550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

FRÁ DEGI TIL DAGS

Reiði guðanna

Í nýjasta tölublaði Kirkjublaðsins segir séra Gunnar Björnsson að hversdagsklæðnaður prestastéttarinnar hafi tekið talsverðum breytingum. Sú hefði verið tíð að kennimenn klæddust dökkum jakkafötum og hvíttri milliskyrtu og báru hálstau. Um miðja síðustu öld vék skyrtan og hálsbindið hjá sumum fyrir svartri prestaskyrtu með hundagjörð. „Núna sjást prestar sjaldnast þannig búnir, nema helst þeir séu á leiðinni til eða frá embættisverkum. Algengara er að þær klæðist nankinsbuxum og mislitri skyrtu, opinni í hálsinn, einstaka litur út eins og hún hafi sloppið út af einslags stofnun,“ segir Gunnar. Á þessi gagnrýni hans sem sagt bara við um kvenkyns presta?

Jón bombaður

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra skaut bombum á Jón Ólafsson sagnfræðing á Bifröst í miðopnu Morgunblaðsins á laugardaginn. Gagnrýnir hann Morgunblaðið fyrir að láta Jón gagnrýna bókina Óvini ríkisins. „Morgunblaðið mundi aldrei fela fræðimanni, sem dregið hefði hlut nasista með álíka rangfærslum og afneitað alræðiseðli Þriðja ríkisins þýska, að dæma bækur um viðhorf stjórnvalda til hættu af starfsemi nasista hér á Íslandi á tímabilinu fram til hernáms landsins,“ segir Björn, sem lætur Jón ekki „eiga neitt inni hjá sér“, svo notað sé orðalag sem virðist fara í taugarnar á „réttfrúðum“.

Leynd merking

Sagt var frá því í vikunni sem leið að Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, hefði fengið Subaru Legacy bíl afhentan til að sinna embættisverkum. Það væri liður í stefnu lögreglustjórans í að gera löggæslustörfin sýnilegri. Stefán byrjar frábærlega fyrstu dagana í embætti. Subaru bílar eru auðvitað ágætir en sjálfsagt hefði hann getað valið sér einhvern lúxusbílinn, látið sérútbúa hann í takt við titil og borða og merkt lögreglunni. Það hefur til dæmis þekkt hjá embætti ríkislögreglustjóra. En ætli þetta sé ekki besti vitnisburðurinn um þá ráðdeild sem hann ætla að fylgja? bjorgvin@frettabladid.is

Með sorgarrendur á Sigurhæðum

Ný ævisaga Matthíasar Jochumssonar eftir Þórunni Valdimarsdóttur hefst á vísu: „Hér var ég fæddur/er haustið að dró/úr óminni slæddur/sem otur úr sjó.“ Og lesandinn er sleginn flatur. Eða man einhver eftir frumlegri lýsingu á lífskveikjunni? Matti Jökki er þarna mættur í Þorskafjörðinn á ný, lítur fæðingarstað sinn 77 ára að aldri, og kastar fram vísu. Öldungur kveður um upphaf sitt: Snjöll byrjun á ævisögu.

Fram að þessu hafði lesandi haft efasemdir um skáldið, fordóma sprotna af hátimbruðum þjóðsöng sem og prestshempu: Gat vígður maður verið mikið skáld? Var MJ ekki bara sálmaskáld? „Ó faðir gjör mig lítið ljós.“ En upphafsvisan slær á allan efa og maður leggur af stað yfir 600 blaðsíðna sögu manns sem, þegar upp er staðið, reynist einn okkar mesti andi. Við verðum að þakka Þórunni Vald fyrir að færa okkur Mattann í öllu sínu veldi. Á undirföðulegan hátt tekst henni að halda áhuga okkar vakandi í hverjum kafla, hvort sem rakinn er harmþrungin andlát eigin-kvenna eða rennt yfir innkaupalista skáldsins. Stíll höfundar er skryttinn og skemmtilegur og nálgunin nýstárleg því hún er í senn persónuleg og kvenleg. Það síðarnefnda ljær bókinni aukavidd því 19. öldin var karlaöld og lesandi man ekki til þess að hafa látið konu leiða sig inn í þann neftóbaksheim. Lykillinn að vel heppnuðu verki er þó líklega hið mikla erindi höfundar sem notar textanum stöðugt að lesanda: Þórunni þykir ofurvænt um skáldið og vill láta það ljóma.

Segja má að „Upp á Sigurhæðir“ sé lýsing á sigurgöngu en sigurinn er súrsætur. Tíminn vildi ei tengja sig við Jónas en Matthías tengdist honum um of. Jochumsson var fórnarlamb tímans. Líf hans var soun á hæfileikum.

Innfirðir og eyjar Breiðafjarðar (þetta stórkostlega en gleymda svæði Íslands) lifna dásamlega



HALLGRÍMUR HELGASON Í DAG | Kveðskapur

Hvernig skáld hefði Jochumsson orðið hefði hann notið nútímasterfslauna og verið frjáls af guðsorði og erfljóðaframleiðslu? Stór spurning.

Við í lýsingum á bernsku skáldsins en gamnið fer að kárna þegar mesti efnispiltur sinnar kynslóðar er fastur í hlutverki búðarlöku í Flatey fram eftir aldri: Jochumsson kemst ekki á menntó fyrr en 24 ára. Og aldrei í háskólanám. Ég varð víst aldrei það sem ég hefði getað orðið, harmar skáldið. Hin latínustaglandi og lúsuga helgisleppa sem 19. öldin var á Íslandi lék margan grátt og neyddi eitt af stórskáldum okkar í hempu. Nær þrítugur nýstúdent átti Matthías aðeins tvo slæma kosti: Púlið eða prestinn, eina starfið á Íslandi sem gaf mönnum tíma til að hugsa. Sálstraríð söguhetjunnar morguninn sem hann er vígður er sorgleg lesning og síðar á ævinni viðurkennir Matthías að hann hafi einungis orðið prestur til að sjá sér og sínum farborða.

Hvernig skáld hefði Jochumsson orðið hefði hann notið nútímasterfslauna og verið frjáls af guðsorði og erfljóðaframleiðslu? Stór spurning.

Í leikhúslausu landi tekur skólapiptur sig til og skrifar í jólafrí fyrsta íslenska leikverkið; verk sem síðan verður okkar vinsælasta þótt síðustu kynslóðum hafi aldrei verið sýnt það á sviði. (Er Skugga-Sveinn virkilega svona slæmur?) En síðan verður ekkert framhald á. Í stað þess að

Matthías gerist leikskáld þjóðarinnar sveiflar sagan honum upp á Kjalarnes þar sem hann er látinn kuldrast í krónísku roki og andlegri kröm. Hann nær þó að orna sér við klassíkina: Í frítíma frá volaðisverkum (fjórutíu jarðarfarir einn mánuðinn!) þýðir Matti Byron og Shakespeare.

Og yrkir. Hversdagskveðskapur hans er jarðbundinn og stórskemmtilegur (séra Matthías var hómorísti!) en himnaferðir hans geta orðið full E. Ben-legar („þú tilbýst vort forlaga-hjól“). Þó dettur hann alltaf reglulega niður á rímandi snilli.

„Aldrei er svo bjart/yfir öðlingsmanni/að eigi geti syrt/eins sviplega og nú/og aldrei er svo svart/yfir sorgarranni/að eigi geti birt/fyrir eilífa trú!“

Hér fyrirgefst ófullkomin stuðlasetning vegna fullkomleika ríms: Bjart/svart. Öðlingsmanni/sorgarranni. Syrt/birt. Symmetríá ljóðsins endurspeglar andstæður á djúpan hátt svo úr verður snilli sem gæti jafnvel sómt sér í safni Shakespeares.

Þetta er mögnuð bók. Lýsingin á konungskomu 1874 er holl lesning fyrir Íslending á öllum tímum. (Kóngur biður kór að syngja íslensk lag og menn kyrja „Eldgamla Ísafold“ (lag: enski þjóðsöngurinn)). Fyrirsjáanleg er öfund kollega í skáldheimi sem og útskúfun Matta af smáfuglum í Reykjavík en skáldið kemur okkur í opna skjöldu þegar það skeiðar á fund heimsfrægðarmanna. Matthías klofar beint úr fjósinu í Odda yfir í stofu H.C. Andersens. Að auki hittir hann Brandes og Íbsen. (!) Sá síðastnefndi þurfti að flýja forheimskun föðurlandsins til að verða heimsskáld. Lesandi spyr sig bölvandi af hverju Matti gerði það ekki líka.

Í stað þess að yrkja eigið talent plægði hann almúgans sendinn svörð og sofnaði svo á Sigurhæðum með sorgarrendur á höndum.

Í boði álbræðslu

UMRÆÐAN

Stækkun álversins í Straumsvík

Alcan í Straumsvík er að berjast fyrir stækkun. Þetta eru orð Rannveigar Rist, forstjóra Alcan, við afhendingu Íslensku bjartsýnisverðlaunanna seint á síðasta ári. Að þessu sinni var það Álverk-smiðjan í Straumsvík sem kostaði verðlaunin og notaði Rannveig Rist, forstjóri fyrirtækisins, tækifærið og flutti ræðu sem fjallaði nær eingöngu um það að Alcan væri að berjast fyrir stækkun.

Liðin í þessari baráttu eru annars vegar fólk í samtökunum Sól í Straumi, sem vinnur í sjálfbodavinnu að því að safna saman efni, halda fundi og reyna að koma á framfæri upplýsingum um afleiðingar þess að samþykkja stækkun álversins.

Hins vegar er það svo álbræðslan í Straumsvík sem er með fólk, hjá almannatengsla- og auglýsingafyrirtæki, á kafi í vinnu við allt annað en afleiðingar sem verða ef af stækkun verður. Álbræðslan virðist eiga ómælt fjármagn til notkunar í ímyndar-




GUÐRÚN ÁGÚSTA GUÐMUNDSDÓTTIR

baráttu sinni. Ímyndarbaráttu sem Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi fyrirtækisins, kallar grímulausa þátttöku í upplýstri umræðu.

Þessi grímulausa ímyndarbaráttu felst í því að bæjarbúum er boðið á kappleiki, tónleika og stjórnmálaumræðu. Síðustu útspil eru DVD-diskur frá tónleikunum og í vikunni kom enn ein grímulausa gjöfin frá álbræðslunni í pósti. Dagatal fyrir árið 2007 með myndum eftir hafnfirskt listafólk.

Á síðustu mánuðum hefur álbræðslan í Straumsvík gert í því að reyna að endurskapa sig í hugum bæjarbúa og notar ómælt fé til þess að grænþvo sig og draga upp mynd af sér sem umhverfisvænu og alltumvefjandi hugsjónafyrirtæki sem er að berjast á móti ósanngjörnum árásarðilum. Sem betur fer er það þó svo að það er sama hvað tröll reyna að þykjast vera dvergar, þau halda alltaf áfram að vera tröll.

Höfundur er bæjarfulltrúi vinstri grænna í Hafnarfirði.



HEITT Á HEIMILINU
Margt þarf að hafa í
huga við val á ofnum

HÚS 4

allt fasteignir

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNASÖLUR	
Ás	20
Árborgir	22
Búmenn	8
Búseti	22
Dómus	5
Draumahús	13-17
Eignamiðlun Suðurn.	10
Eignastýring	8
Húsið	23
Lundur	7
Lyngvík	11
Lögmenn Suðurlandi	6
Múli	19
Nýtt	9
Stórborg	12
Valhöll	18
Viðskiptahúsið	6

GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn
8. janúar, 8. dagur ársins
2007.



Sólarupprás	Hádegis Sólarlag		
Reykjavík	11.09	13.34	16.00
Akureyri	11.19	13.19	15.20

Heimild: Almanak Háskólans



Sannkölluð miðbæjarstemning er yfir þessari mynd og mætti halda að maður væri horfinn til gamalla tíma. Í baksýn er Aðalstræti 2 sem var krambúð Konungsverslunarinnar frá 1780.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Byggð í landi Grjóta

Grjótaþorp er svæðið sem afmarkast af Aðalstræti, Túngötu, Garðastræti og Vesturgötu.

Grjótaþorpið vestan við Aðalstræti er eitt mest heillandi hverfi í Reykjavík. Þar myndaðist fyrsta íbúðabyggðin þegar innréttingarnar voru stofnaðar árið 1752 til að efla atvinnuvegi landsmanna en aðalvatnsból bæjarins var við götuna.

Í Grjótaþorpinu eru timburhús frá öllum tímabilum og mörg þeirra hafa verið endurgerð í upphaflegri mynd. Þegar rölt er um

þröngar en fallegar göturnar sést hvert húsið á fætur öðru sem fengið hefur verðlaun fyrir fallega endurbyggingu.

Að Aðalstræti 2 sem sést á myndinni var krambúð Konungsverslunarinnar frá 1780. Þetta er því elsta verslunarlóðin í Reykjavík. Núverandi hús var byggt árið 1855 þar sem nú eru til húsa veitingastaður og upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn.

Við fornleifauppgröf við suðurenda Aðalstrætis hafa komið í ljós leifar frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar.

Fleiri fallegar myndir úr Grjótaþorpinu má sjá á síðu 2-3.

solveig@frettabladid.is

Ný hús rísa

FYRIRTÆKIÐ NÝTT HÚS Í REYKJANESBÆ ÆTLAR AÐ FRAMLEIÐA 50 EININGAHÚS HANDA REYÐFIRÐINGUM OG 24 ÍBÚÐAEININGAR HANDA HVERGERÐINGUM Á NÆSTU TVEIMUR ÁRUM.

Jöklar ehf. hefur samið við Nýtt hús um byggingu á 50 eininga-húsum til að reisa á Reyðarfirði og ætlar að selja þau þar á almennum markaði. Í Hveragerði er það verktakafyrirtækið BKR sem kaupir 24 íbúðaeiningar af Nýju húsi og hyggst nota í raðhús sem það reisir sjálft. Þau eiga að verða tilbúin á þessu ári.

Heimild/Vikurfréttir



Reyðarfjörður fær fimmtíu ný hús frá Nýjum húsum á næstu tveimur árum.

Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Lánstími
allt að
40 ár

FASTEIGNALÁN
Í MYNTKÖRFU

FRJÁLSI

Nánari upplýsingar hjá lánafulltrúum Frjálsa og á www.frjalsi.is, þar sem einnig er hægt að reikna greiðslubyrði.

VEXTIR FRÁ
AÐEINS

3,4%

Miðað við myntkörfu 3, Libor vextir 21.09.2006

Frjálsi








GLÖFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236


BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

Gólfhitakerfi
Ekkert brot ekkert flot



flooré
GÓLFHITI



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límðar beint á gólf
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) • 200 Kópavogur
Sími 567 1330 • Fax 567 1345 • www.hringas.is



Hringas ehf.



Í Grjótáporpinu er fallegar og þröngar götur.

Elsta hverfi Reykjavíkur

Grjótáporpið er það hverfi sem einna fyrst byggðist í Reykjavík.

Grjótáporpið er kennt við eina af hinum fornu hjáleigum Reykjavíkur, sem hét Grjóti. Bæjarhúsin eru talin hafa staðið þar sem Grjótagata 14 og 14b eru. Upp úr miðri 18. öld, eftir að Innréttingar fóru að starfa, byggðust upp nokkur tómthúsbýli í landi Grjóta og er það upphaf Grjótáporpsins. Í landi býlisins var mikið grjót og var það notað við byggingu Dómkirkjunnar síðast á 18. öld og ónýttist þannig túnið.

Mörg þekkt og gömul hús standa í og við Grjótáporpið sem afmarkast meðal annars af Aðalstræti og Vesturgötu.

Elsta timburhús Reykjavíkur stendur við Aðalstræti 10 og er verið að gera það upp. Bryggjuhúsið gamla við Vesturgötu 2 markaði enda Aðalstrætisins og við það stóð borgarhliðið þar sem meðal annars var tekið á móti Kristjáni IX í heimsókn hans árið 1907 og var Aðalstrætið borðum skreytt af því tilefni. Bryggjuhúsið er nú orðið að Kaffi Reykjavík. Aðalstræti 2 var krambúð konungsverslunarinnar frá 1870. Eitt þekktasta húsið er þó án efa Unuhús sem stendur við Garðastræti 15. Það er nefnt eftir Unu Gísladóttur sem uppi var á árunum 1855 til 1924. Hún hafði kostgangara og leigði út herbergi í húsi sínu. Fæðið var ódýrara hjá henni en annars staðar og húsnæðið líka, því dróst fólk að húsinu sem lítil auraráð hafði og átti hvergi höfði sínu að halla. Erlendur, sonur Unu, hélt uppi merkinu eftir hennar dag og Unuhús varð meðal annars þekkt aðsetur ungra skálda og listamanna. Má þar nefna Stefán frá Hvítadal, Þórberg Þórðarson og Halldór Kiljan Laxness. Bæði Þórbergur og Halldór hafa gert Erlend í Unuhúsi ódauð-



Einar Már segist þó ekki ætla að halda sérstaklega upp á sextugsafmæli Bowies. „Ég er ekki nógu hátíðlegur til þess,“ segir hann og hlær. Ég hlusta á menn allt árið um kring og það er varla að maður haldi upp á afmælið hjá sjálfum sér. Það er oft mikið gert úr afmælisdegi persóna en það er reyndar öðruvísi þegar menn eru lifandi. Ég vil frekar að menn haldi mönnum á lofti á milli afmælisdaganna. Ef ég ætti að votta mönnum virðingu mína sem ég hef mætur á þá væri þetta allt ein samfelld afmælisveisla,“ bætir hann við í léttnum dúr.

Einar Már segir að Bowie sé einn af þeim allra stærstu í tónlistarbransanum. „Hann hefur í gegnum tíðina skapað afgerandi verk sem eru mjög minnisstæð og lifa áfram. Hann er allt í senn góður tónlistarmaður og laga- og

textahöfundur. Hann ögrar dálítið sjálfum sér og fer sínar eigin leiðir. Það hefur fallið misvel í kramið en gæði eru mjög afstæð.“

David Bowie hefur komið fyrir í fleiri verkum Einarss Máss heldur en í fyrrnefndu ljóði. Í annarri ljóðabók sinni stilti hann honum t.d. upp við hlið ljóðskáldsins T.S. Eliott og í Englum alheimsins minnst Páll á Bowie. „Það er fyrst og fremst þessi innlifun Bowie í það sem hann er að segja og syngja sem hefur höfðað til mín. Hinn melódíski Bowie höfðar mest til mín og hann er líka með svolítið kraftmikla texta. Þar sé ég mann í miklum átökum við heiminn. Hann er mjög huglægur en það er ekki alltaf hægt að segja að textarnir séu um eitthvað sérstakt,“ segir Einar Már. „Hann gerir þemaplötur og kannar einhverja hlið mannlífsins og Bowie vinnur á mörgum plötum sem ljóðskáld eða söguhöfundur.“

Einar vill meina Bowie sé á stalli með stóru nöfnunum á borð við Elvis, Dylan og Lennon. „Hann hefur dregið

svo margt skemmtilegt fram í dagsljósið. Hann átti sinn þátt í endurkomu Lou Reed og Iggy Pop og pönkararnir gátu aldrei horft framhjá Bowie þótt þeim fyndist hann tilheyrja öðrum tíma. Þeir gátu ekki gengið framhjá svona stórveldum eins og David Bowie sem hafa stungið sér í djúpu laugina á því sem er að gerast. Hann er þannig með fingurinn á púlsi veruleikans.“

Poem for David Bowie

David Bowie
þegar ég hlusta á þig
langar mig til að yrkja ljóð
þar sem orðið ég kemur
45 sinnum fyrir.

„Þetta er svolítið tvíeggjað. Sumir myndu skilja þetta sem sjálfsdýrkun, sem er til staðar í rokkatónlistinni og Bowie er ekki laus við, og hins vegar sem óð til þeirra sem þora að tala í fyrstu persónu og Bowie er einn af þeim mönnum,“ segir Einar Már um ljóðið.

freyr@frettabladid.is



Þegar andlát ber að
Alhliða útfararþjónusta í 16 ár
Símar: 567 9110 & 893 8638
www.uttatir.is • utt@uttatir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



Okkar ástkæri
Indriði Guðmundsson
klæðskeri

verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 11. janúar kl. 11.00.

Bryndís Marteinsdóttir
Íris Indriðadóttir
Sigrún Guðmundsdóttir
Sigurður Guðmundsson
Freygerður Guðmundsdóttir
Sif Guðmundsdóttir
Guðný Nanna Guðmundsdóttir
Haraldur G. Magnússon

Per Olsen
Sigríður Sverrisdóttir
Vífill Sigurðsson
Steen Norberg Larsen
Dagmar Róbertsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,
Sigrún Gunnarsdóttir
Frá Eiði, Eyrarsveit, Rósaríma 2, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Hringbraut að morgni 2. janúar. Útförin fer fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 9. janúar kl. 13.00.

Bryndís Theodórsdóttir
Pröstur Theodórsson
Lilja Theodórsdóttir
Hrönn Theodórsdóttir
Freyja Theodórsdóttir
Sveinn Theodórsson
og barnabörn.

Guðni E. Hallgrímsson
Áslaug Árnadóttir
Birgir Guðmundsson
David Heiðberg

Ellen María Þórólfsdóttir

Á vegum úti á Íslandi

Ferðagrein um Ísland er meðal þeirra vinsælustu á ferðavef bandaríska dagblaðsins The New York Times. Hringferð ferðalangsins Mark Sundeen er í niunda sæti yfir þær greinar sem voru mest sendar með tölvupósti á síðasta ári hjá lesendum ferðasiðunnar en hann kom hingað ásamt tveimur vinum sínum síðasta sumar. Stór mynd af íslenskum sveitabæ þrýðir listann sem birtist á gamlársdag en í efsta sæti er ferðalag um sextán Evrópuborgir.

Greinarhöfundurinn Sundeen er þekktur fyrir greinar sínar um afskekktu staði og segir meðal annars í grein sinni að þess vegna hafi Ísland verið kjörið land. „Ísland er eins og smækkuð útgáfa af Bandaríkjunum og ef þér leiðist við eitt náttúruundrið þá er ekki nema nokkrir klukkutímar í það næsta,“ skrifar Sundeen. Hring-

ferð þremenninganna tók eina viku og hófst í Reykjavík en félagarnir höfðu lesið um skrautlegt næturlíf höfuðborgarinnar í ferðatímari. Þeir uppgötva aftur á móti fljótlega að fátt markvert gerist á þeim vettvangi á mánudegi auk þess sem Sundeen lætur þess getið að áfengisverðið sé svo hátt að ef þeir hefðu ílengst yrði ferðasjóðurinn fljótur að hverfa.

Sundeen segir þjóðveg eitt ekki vera fljótan yfirferðar, hann sé mjór og mikið um einbreiðar brýr og því krefjist það þolinmæði að fara yfir. Greinarhöfundur greinir frá kynnum sínum af enskum víkingi sem starfi hjá Eiríksstöðum og heldur vart vatni yfir náttúrufergurð Mývatns en það minni á Miðgarð úr Hringadróttinssögu Tolkiens. Mjólkurbú systkinanna Leifs og Þóru Hallgrímsbarna við Hraunborgir



SUNDEEN Er vel kunnur fyrir ferðaskrif sín um afskekktu staði.

verður einnig á vegi þeirra en ferðalagið heldur áfram framhjá Vatnajökli og niður á Vík í Mýrdal þar sem ferðalangarnir verða vitni að fjölskrúðugu fuglalífi á Reynisfjalli. „Þar hefði ég getað verið til eilíðarnóns,“ skrifar Sundeen í lok greinar sinnar.

- fgg



Tvíburarnir Snorri og Viðar virtust hressir en við hjartað leyndist lífshættulegur galli sem kallaði á tafarlaust inngrip. Endurhæfing á Reykjalundi hefur fært þeim nýjan styrk til að takast á við verkefni lífsins.

takk

fyrir að skila okkur báðum út í lífið á ný

Happdrætti SÍBS byggir upp endurhæfingu að Reykjalundi sem gerir þúsundum kleift að leika við lífið á ný eftir áföll. Fáðu þér miða, veldu happanúmerið þitt. Verðlaunin geta orðið ógleymanlegur vinningur.

Það er auðvelt að fá sér happanúmer

Hringdu í síma **552 2150** eða kaupðu á vefnum www.sibs.is

Drögum á föstudag

Yfir hálfur milljarður í pottinum 2007

Honda CR-V
lúxusútgáfa í janúar

60 Honda Jazz
á árinu



HAPPDRAETTI



...fyrir lífið sjálft



22.911 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð 1000 kr.



HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

Óskað er eftir tilnefningum til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins sem veitt verða í annað sinn 22. febrúar nk.

Til greina koma allir sem hafa lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk sem á skilið að fá hraustlegt klapp á bakið og er þess verðugt að fá slík verðlaun. Allir koma til greina, allt frá óþekktum einstaklingum til félagasamtaka eða þjóðþekktra karla og kvenna sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum til fyrirmyndar.

Samfélagsverðlaunin verða veitt í sex flokkum:

1. Hvunndagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur einstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

2. Uppfræðari ársins

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar og aðrir uppfræðarar sem hafa skarað framúr og látið gott af sér leiða.

3. Framlag til æskulýðsmála

Félagasamtök sem hafa sinnt börnum af sérstökum metnaði og alúð.

4. Til atlögu gegn fordómum

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

5. Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem hefur helgað líf sitt baráttu fyrir betra samfélagi.

6. Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Sendið tilnefningar með því að fara inn á [vísir.is](http://visir.is), með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is eða bréfleiðis merkt **Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík**. Frestur til að skila inn tilnefningum rennur út **23. janúar**. Dómnefnd mun taka allar innsendar tillögur til skoðunar. Verðlaunahafar verða kynntir og verðlaun afhent við hátíðlega athöfn **22. febrúar**.



STUÐ MILLI STRÍÐA Hinir hæfustu lifa af

ÞÓRGUNNUR ODDSDÓTTIR VERÐUR UNDIR Í LÍFSBARÁTTUNNI Á ÚTSÖLUNUM



Útsölurnar eru byrjaðar. Fyrir suma eru það gleðifréttir en fyrir mér er það ábending um að ég eigi að forðast Kringluna og Smáralind á næstunni. Ég er með ofnæmi fyrir útsölum og jafnvel verslunum yfir höfuð. „Það vantar í mig verslunargenið,“ segi ég stundum í gamni og uppsker þá undarlegt augnarád fólks sem mælir mig út til að fullvissa sig um að ég sé örugglega kvenkyns. Það er nefnilega sagt að konur elski að versla. Mér líður sjaldan jafn illa og þegar ég neyðist til þess að fara í búðir. Í utanlandsferðum veit ég fátt leiðinlegra en að versla. Hugtakið

verslunarferð er ekki til í mínum orðaforða og mig hryllir við þeirri tilhugsun að það sé í alvörunni til fólk sem nýtur þess að fara til annarra landa gagngert til þess að skoða í búðir. Einu sinni var ég stödd í London og hætti mér á útsölu í Top Shop. Minningin kallar fram martraðir enn í dag. Kvenfatadeildin var á neðri hæðinni og í miðjum rúllu-stiganum fóru að renna á mig tvær grímur. Mér leið eins og ég væri að síga niður til helvítis. Hjartað fór að slá örur og svitinn spratt fram á enninu. Þvílíkur óhugnaður sem blasti við. Ekkert var á sínum stað og innan um nærbuxur á niðursettu verði og ódýra stuttermaboli æddu kynsystur mínar í tugatali um gólf-

ið, æpandi og skrækjandi, með hendur á lofti eins og í leiðslu. Nú er ég enginn mannfræðingur en ég hugsa að stemningin í fornöld þegar konurnar, safnarar heimilisins, fóru út á sléttuna í leit að mat handa fjölskyldunni hafi verið nákvæmlega sú sama. Þær rifu flíkurnar úr höndum hverrar annarar, gripu eins mikið í fangið og þær gátu borið og virtust þess fullvissar að á morgun yrðu engar tiskuvöruverðslanir til. Það var á þessari stundu sem ég áttaði mig á því að hefði ég verið uppi 20 þúsund árum fyrr og þurft að safna fæðu til heimilisins hefði ég líklega drepist á fyrsta degi. Hinir hæfustu lifa af – líka á útsölunum.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgian

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Barbara Walters reynir að lægja öldurnar

Rimman á milli Donalds Trump og Rosie O'Donnell, einnar þáttarstýru morgunþáttarins The View, lifir enn. Þegar Barbara Walters, framleiðandi og annar þáttastjórnandi The View, sneri aftur til vinnu í vikunni eftir langt frí, sá hún sig knúna til þess að fjalla um deiluna.

O'Donnell réðst harkalega að Trump í The View, eftir að hann hafði skorið úr um að Ungfrú Bandaríkin fengi að halda titli sínum þrátt fyrir að

ORÐLIJÓTUR AUÐKYFINGUR Donald Trump hefur kallað O'Donnell öllum illum nöfnum undanfarið.



hegðun hennar væri ekki til fyrirmyndar. Trump hótaði O'Donnell meiðyrðamáli og kallaði sjónvarpskonuna svo ýmist ógeðslega, feita eða ljóta í fjölmiðlum. Trump klykkti svo út með því að tilkynna að Barbara Walters hefði trúað sér fyrir því að ráðning Rosie O'Donnell hefði verið reginmistök, og að hún þyldi ekki samstarfskonu sína.

Það varð því óumflýjanlegt að Walters þyrfti að blanda sér í deiluna. Hún þykir hafa tekið afstöðu með samstarfskonu sinni, en Walt-



ers tók sérstaklega fram í þættinum að sú staðhæfing Trumps, að hún sæi eftir því að hafa ráðið O'Donnell, væri kolröng. Walters las svo upp úr tilkynningu frá sjónvarpsstöðinni ABC, þar sem sagði að Donald Trump hefði aldrei lýst sig gjaldþrota. Hún lauk máli sínu hins vegar með því að útskýra fjarvist

O'Donnell með því að

NÝTUR STUÐNINGS WALTERS Barbara Walters þótti taka afstöðu með Rosie O'Donnell.



BARBARA WALTERS Var í frí á meðan rifrildið milli Trump og O'Donnell stóð sem hæst.

hún væri í langþráðu fríi, en yrði tekið fagnandi þegar hún sneri aftur.

Trump hefur ekki látið í sér heyra eftir útspil Walters. Miðað við málgleði hans síðustu vikur er þó ekki ólíklegt að Barbara Walters eigi von á orði í eyra frá auðkýfingnum.



MEÐ GÍTARINN Þórður (annar frá hægri) tekur við gítarnum með bros á vör.

Vann gítar

Þórður Rafn Guðjónsson vann sér inn glæsilegan rafmagnsgítar af gerðinni Paul Reed Smith frá Tónastöðinni eftir að hann var dreginn út í lukkupotti hjá X 977-netsamfélaginu sem er staðsett á heimasíðunni minnsirkus.is.

Þórður Rafn var að vonum hæstánægður með gítarinn þegar hann tók við honum úr höndum starfsmanna X-ins.



ÞÓTTI EKKI HEILLANDI SMS-skilaboðin frá Federline þóttu ekki geðsleg í herbúðum Lohan, sem vildi ekkert með hann hafa.

K-Fed reynir við Lindsay

Kevin Federline reyndi við Lindsay Lohan á dögnum, samkvæmt Us Weekly. Federline, sem Britney Spears sparkaði eins og kunnugt er í lok síðasta árs, sendi leikkonunni SMS-skilaboð þess efnis að þau ættu að hittast. Lohan fannst boðið víst ekki geðslegt. Hún ku hafa svarað skilaboðunum og beðið um eina góða ástæðu fyrir því að þau ættu að hittast. Þá fauk í Federline sem hefndi sín með því að kalla Lohan „firecrotch“, eða eldklofið. SMS-skilaboð eiga greinilega ekki vel við Federline, en sagt er að Britney hafi slitið hjónabandi þeirra með slíkum boðum.



THE DEPARTED DiCaprio (lengst til vinstri) var aftur tilnefndur fyrir hlutverk sín í Blood Diamond og The Departed.

DiCaprio og Mirren sig-urstrangleg

Kvikmyndirnar Babel, Dreamgirls og Little Miss Sunshine hafa verið tilnefndar til þrennra Screen Actors Guild-verðlauna hvor í Bandaríkjunum.

Leonardo DiCaprio og Helen Mirren fengu hvort um sig tvær tilnefningar. DiCaprio var tilnefndur fyrir leik sinn í Blood Diamond og The Departed á meðan Mirren var tilnefnd fyrir hlutverk sín í The Queen og í sjónvarpsmyndinni Elizabeth I. DiCaprio hafði áður verið tilnefndur til Golden Globe-verðlaunanna fyrir sömu hlutverk.

Á síðasta ári hlaut myndin Crash aðalverðlaun hátíðarinnar en hún fékk nokkru síðar Óskarinn sem besta myndin. Verðlaunin verða afhent þann 28. janúar.



Brilljantín kynnrir POWER OF LOVE (Hið fullkomna deit)
Verkið er aðeins sýnt í viku. **Frumskýning** Sun 14. jan kl. 20 /
Mið 17. jan kl. 20 / Fim 18. jan kl. 20 / Fös 19. jan kl. 20 /
Lau 20. jan kl. 20 / Sun 21. jan kl. 20

Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is



FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress e. STRAVINSKY
Frumskýning fös. 9. feb. kl. 20 - örfá sæti laus
2. sýn. sun 11. feb. kl. 20 – 3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20
Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ (ekki á frumsýningu)
Ingibjörg Eyþórsdóttir, tónlistarfræðingur hefur umsjón með kynningunni

FÁAR SÝNINGAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX
ATH! ALLIR 25 ÁRA OG YNGRI FÁ 50% AFSLÁTT AF MIÐAVERÐI Í SAL

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.



Stóra sviðið kl. 20:00

STÓRFENGLEG! eftir Peter Quilter
Lau. 13/1 nokkur sæti laus, lau. 20/1, lau. 27/1.

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Lau. 13/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 14/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 20/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 21/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 27/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 28/1 kl. 14:00 örfá sæti laus.

BAKKYNJUR eftir Evrípides
6. sýn. fim. 11/1 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 12/1 nokkur sæti laus, 8. sýn. fim. 18/1.

Smíðaverkstæðið kl. 20:00

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
Fös. 12/1 kl. 16:30 nokkur sæti laus, lau. 13/1 örfá sæti laus, þri. 16/1 kl. 20:00 **uppselt**, mið. 17/1 kl. 14:30 **uppselt**, lau. 20/1, mið. 24/1 kl. 14:30 **uppselt**.
Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvisun skólaskirteinis.

Kúlan

SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímssdóttur
Lau. 13/1 kl. 11:00 örfá sæti laus, kl. 12:15 og kl. 14:00 **uppselt**, sun. 14/1 kl. 11:00 örfá sæti laus, kl. 12:15 og kl. 14:00 **uppselt**, lau. 20/1 kl. 11:00 **uppselt**, kl. 12:15 nokkur sæti laus og kl. 14:00 **uppselt**.

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.



Stórfengleg

„KLUKKUSTUND Í ÓSKILUM INNIHELDUR GRÍÐARLEGA ORKU.“
ÓFAGRA VERÖLD

ÓFAGRA VERÖLD	DAGUR VONAR
Fös 12/1 kl. 20 3. sýning Rauð kort Sun 21/1 kl. 20 4. sýning Græn kort Fös 26/1 kl. 20 5. sýning Blá kort Sun 28/1 kl. 20	Mið 10/1 kl. 20 Forsýning UPPS. Fim 11/1 Afmælisssýning UPPS. Fös 12/1 kl. 20 Fim 18/1 kl. 20 Sun 21/1 kl. 20 Fös 26/1 kl. 20 Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýning er hafin.
VILTU FINNA MILLJÓN?	AMADEUS
Lau 13/1 kl. 20 Fös 19/1 kl. 20 Fim 25/1 kl. 20 Fös 2/2 kl. 20	Sun 14/1 kl. 20 Lau 20/1 kl. 20 Síðustu sýningar
SAN FRANCISCO BALLETTINN	FOOTLOOSE
Samstarfsverkefni Listahátiðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.	Fim 11/1 kl. 20 Fim 18/1 kl. 20 Lau 27/1 kl. 20 Síðustu sýningar
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20 Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 14 Lau 19/5 kl. 20 Sun 20/5 kl. 14 Sun 20/5 kl. 20 Miðaverð 4.800	RONJA RÆNINGJADÓTTIR
MEIN KAMPF	Sun 14/1 kl. 14 Sun 21/1 kl. 14 Sun 28/1 kl. 14
Sun 14/1 kl. 20 AUKAS. Lau 20/1 kl. 20 AUKAS. Lau 27/1 kl. 20 AUKAS. Síðustu sýningar	ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
	Lau 13/1 kl. 20 Fös 19/1 kl. 20 Fim 25/1 kl. 20 Síðustu sýningar
Miðasala 568 8000 www.borgarleikhus.is	BORGARLEIKHÚSIÐ





Kl. 12.30
Hönnuðirnir Brynhildur Pálsdóttir og Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir fjalla um mat sem efnivið hönnuða og kynna helstu matarhönnuði dagsins í dag, á fyrirlestri á vegum Opna listaháskólans, en saman reka þær matarhönnunarfyrirtækið Borð-ið. Fyrirlesturinn flytja þær í húsaýnnum Lista-háskólans í Skipholti 1.



menning

menning@frettabladid.is

Kveðið um tangó

Kristín Bjarnadóttir, leikkona og ljóðskáld, féll fyrir tangónum fyrir nokkrum árum og hefur ekki verið söm síðan. „Tangó er meira en spor; hann er það sem syngur/ í fólki og það sem bærast þess á milli,“ segir hún í nýrri bók sem kom út í blábyrjun ársins: *Ég halla mér að þér og flýg – Engin venjuleg ferðasaga*, inniheldur fimm frásagnarljóð sem lýsa píla-grímsferð dansarans til borgarinnar Buenos Aires.

Kristín byrjaði að dansa tangó 1996. Ferðina til Buenos Aires fór hún 2002. Hún segir „frásagnarljóðin“ lýsa bæði tangónum sem fyrirbæri og ferðinni suður. Kristín birti í fyrra smásöguna Heimsins besti tangóari í tvítyngdri útgáfu. Aðspurð hvort menn verði helteknir af dansinum svarar hún dræmt: „Já sumir.“ Hún segir afar skiptar skoðanir á hvenær menn verði tækir í dansinn þegar spörin eru komin á hreint í aðalatriðum. Sumir kennarar segi nemendur ekki tæka í dansinn fyrir en eftir einhver ár, fram að því sé bara að æfa. Aðrir hvetji nýgræðinga til að dansa sem mest. Kristín hefur um árabíluð á vesturströnd Svíþjóðar.

Kristín gefur bókina út sjálf og ætlar sér að selja hana á samkomum tangódansara hér í borg og víðar: á *milongum*, en þar stíga tangódansarar fetið af mikilli fimi flestir og hnykkjum. Verður sá næsti í Alþjóðahúsi á miðvikudag kemur og svo aftur um miðj-



HEILLUÐ AF TANGÓDANSI Kristín Bjarnadóttir skáldkona gefur út ljóðabók sem lýsir ferð til dansborgarinnar Buenos Aires.

an mánuðinn. Verða tíðindi af *milongum* á www.tango.is fyrir dansfúsa ljóðaunnendur og dansfælna. Stóllur Kristínar úr danssveit tangókvenda lofa skáldskap hennar á kápu kversins: „Hnyttin, skemmtileg og raunsönn ferðasaga til tangóborgarinnar Buenos Aires,“ segir Bryndís Halldórsdóttir: „perla handa tangóunnendum.“ Linda Vilhjálmssdóttir skáldkona segir bókina einkennast af „sterkri hrynjandi“, þetta sé „mikil saga – og mögnuð undiralda sem vekur upp þrá og trega í senn“.

Kvæðabók Kristínar er 50 blaðsíður, saumuð kilja, prentuð í Litrófi. Hún er einnig væntanleg í nokkrar bókabúðir miðborgarinnar í Reykjavík.

- pbb

Fleiri leggja við hlustir

Það færir í vöxt að hljóðbækur séu nú eingöngu gefnar út á netinu og komi ekki á markað á föstu formi nema vinsældir þeirra séu þeim mun meiri. Í frétt bandaríska dagblaðsins New York Times er fjallað um heimasíðuna Audible.com sem er ein marga síðna þar sem lesendur geta sótt sér efni til hlustunar hvort heldur skáldverk eða rit almenns eðlis. Þar kemur fram að ólíkt svokölluðum rafbókum, sem lesa má af tölvuskjá og aldrei nutu sérstakrar hylti, séu hljóðbækur nú vinsælli sem aldrei fyrr, einkum og sér í lagi vegna iPod-spílara sem komnir eru í almenna eigu.

Í greininni er vísað til talna frá sambandi hljóðbókaútgefenda þar í landi sem segja að niðurhölum bókum hafi fjölgað um 50% milli ára og sala þeirra nemi nú um 9% af heildarsölu hljóðbóka. Áskrifendum af þjónustu Audible.com hefur enn fremur fjölgað um 54%.

Með því að gera efni sitt aðgengilegt á netinu spara útgefendur heilmikinn kostnað sem fólgin er í fjölföldun, þökkun og flutningum en vegna lægri framleiðslukostnaðar hefur útgefnum ritum fjölgað gífurlega. Vinsældir niðurhalsins eru síðan orðinn mælikvarði á hvaða verk fást útgefin á geisladiskum eða öðru áþreifanlegu formi.

Einn vaxtarbroddurinn er í útgáfu á erótískum sögum því eins og greinarhöfundur bendir á þarf



LÍTA BÆKUR FRAMTÍÐARINNAR SVONA ÚT? Sífellt fleiri rit koma fyrst út á netinu þar sem áhugasamir lesendur sækja það efni sem þeir kjósa að hlusta á.

þá vart að fela smárit og glansblöð í skúffubotnum lengur ef efnið er myndlaust og á stafrænu formi. Vinsælasti titillinn Audible.com í fyrra var stórvirkið „Between the Sheets“ en sú kræsilega lesning kom ekki út á geisladiski fyrr en í fyrra, fjórum árum eftir að það var hljóðritað upprunalega. Sjó titlar af þeim tíu söluhæstu hjá síðunni í fyrra voru af sama meidi og þar sannast enn á ný hversu hvetjandi klámiðnaðurinn er fyrir tækniþróun og nýmiðlun. Hins vegar eru aðstandendur síðunnar uggandi yfir því að um 53% notenda síðunnar segjast einkum hlusta á efnið þegar þeir eru að keyra bílana sína.

- khh

> Ekki missa af ...

fyrirlestraröð **Sagnfræðinga-félags Íslands** sem hefur aftur göngu sína eftir jólafrí. Fyrirlestrarir fara fram í **Þjóðminjasafninu** og riður Sverrir Jakobsson á vaðið næstkomandi þriðjudag.

Ijósmyndasýningunni **Chernobyl** í galleríinu Auga fyrir auga á Hverfisgötu.

jólasýningu **Þjóðleikhússins** sem sýnir **Bakkynjur** eftir Evrípides í leikstjórn **Giorgos Zamboulakis**.

Framhaldslíf stjarnanna

Stórstirnið smáa Daniel Radcliffe sem þekktastur er, enn sem komið er, fyrir hlutverk sitt á hvíta tjaldinu sem galdraunglingurinn Harry Potter, hefur stigið mikilvægt skref á leikferli sínum. Pilturinn mun verða í sviðsljósinu á West End á næstunni þar sem hann leikur aðalhlutverkið, mjög svo ráðvilltan og heltekinn hestasvein, í einu þekktasta leikriti Peters Shaffers, Equus, sem sett verður upp í Gielgud-leikhúsinu í febrúar.

Radcliffe hefur áður leikið á sviði, til dæmis í verkinu The Play What I Wrote sem kollegi hans úr Potterheiminum, Kenneth Branagh, leikstýrði árið 2002.

Á fréttavef dagblaðsins Guardian er Radcliffe spáð frama í leikhúsinu enda sé þar heilmikið efni á ferð. Leikarinn verður 18 ára á þessu ári.

Á LEIÐ Á LEIKSVIÐIÐ

Leikarinn ungi Daniel Radcliffe fer með titilhlutverkið í Equus eftir Peter



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

5 6 7 8 9 10 11

Mánudagur

■ ■ SÝNINGAR


□ 09.00 í **Hallgrímskirkju** stendur yfir sýningin **Mynd mín af Hallgrími** þar sem 28 íslenskir listamenn sýna andlitsmyndir sínar af sálmaskáldinu. Sýningarstjóri er **Jón Reykdal** en **Listvinafélag** kirkjunnar stendur fyrir henni.

□ 10.00 Á sýningunni **Uncertain States of America** í **Listasafni Reykjavíkur** sýna 45 vonarstjórnar bandarískrar samtímalistar það besta sem er að gerast í bandarískri samtímalist í dag. Sýningarstjórar eru **Hans Ulrich Obrist** og **Daniel Bimbaum**. Sýningin stendur til 21. janúar.

□ 11.00 Sýningin **Frelsun lítarins/ Regard Fauve** í **Listasafni Íslands** geymir verk frönsku expressjónistanna frá upphafi 20. aldar. Sýningin kemur frá Musée des beaux-arts í Bordeaux í Frakklandi, 52 verk eftir þrettán listamenn, þar á meðal meistarana **Renoir** og **Matisse**. Sýning á verkum **Jóns Stefánssonar** listmálara má sjá í sal tvö en hann var nemandi Matisse.

□ 12.00 Galleríð **Art Iceland**, com stendur fyrir **smámynda-sýningu** í húsaýnnum sínum á **Skólavörðustíg 1a**. Tuttugu listamenn taka þátt í sýningunni sem stendur til 14. janúar og er opin milli 12-18.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE



ÞETTA ER ÞINN
HAPDRÆTTISMIDI

NÝTT ÁR
NÝ DAGSKRÁ



STÖÐ 2


Stöð 2 og Stöð 2 bið á
ÁSKRIFTARTILBOÐ
aðeins 4.999 kr. á mánuði*

Þitt háppanúmer: 1000000

HAPPANÚMERIÐ ÞITT ER Í BÆKLINGI STÖÐVAR 2 SEM FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á MORGUN!

KYNNTU ÞÉR SKEMMTILEGUSTU JANÚARDAGSKRÁ STÖÐVAR 2 FRÁ UPPHAFI

BÆKLINGURINN ER EINNIG HAPDRÆTTISMIDI. ÞÚ GÆTIR UNNIÐ 42" PLASMA SJÓNVARPSTÆKI FRÁ BRÆÐRUNUM ORMSSON.





HEFNDARENGILL Mel B var ekki hrifin af að vera dömpað í beinni útsendingu og ætlar nú að ná fram hefndum á Eddie Murphy.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Faðernis-próf í beinni

Hin yfirgefna Mel B áformar að kynna niðurstöðuna úr faðernis-prófi ófæddis barns hennar í beinni útsendingu í sjónvarpi. Fyrrum Kryddstúlkan vill þannig ná fram hefndum á Eddie Murphy, sem hætti með henni í viðtali í hollenskum sjónvarpsþætti í lok síðasta árs. Murphy tilkynnti skömmu síðar að hann færi fram á að barn Mel B, sem hún segir vera hans, myndi gangast undir faðernispróf. Mel B. var skiljanlega ekki vel við að vera dömpað í beinni, og ætlar með þessu að leyfa Murphy að setja sig í spor hennar.

Það var mikið um dýrðir á nýja veitingastaðnum Boston um áramótin þar sem fatahönnuðurinn Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir og tónlistarmaðurinn Jón Atli Helgason blésu til heljarinnar veislu í tilefni áramótanna.

Veislan var hin glæsilegasta og gestalistinn eftir því. Söngkonan Björk Guðmundsdóttir lét sig ekki vanta frekar en annað fyrirfólk meðal miðbæjarrottna. Meðal veislugesta voru leikaraparið Atli Rafn Sigurðarson og Brynhildur Guðjónsdóttir og Björn Hlynur Haraldsson og Rakel Garðarsdóttir létu sjá sig. Gestir veislunnar pössuðu vel við glæsilegar innréttingar staðarins enda skörtuðu flestir sínu finasta þússi. Plötusnúðurinn Margeir þeytti skífum við góðar undirtektir og var dangólfíð fullt fram undir morgun á fyrsta degi ársins 2007.



DANSINN DUNADI Telma Pormarsdóttir, ein af flottustu fyrirsætum landsins, er búsett í New York en lét sig ekki vanta í síðasta partí ársins á Boston.



ÁRAMÓTAGRÍMUR OG GLINGUR Anna Sígga, eigandi hárstofunnar Gel, var hin glæsilegasta með flotta grímu í tilefni dagsins og í bakgrunni er Gyða Bergs flugnemi hress að vanda.



MIKIL GLEÐI Eins og sjá má á andliti þessarar ungu snótar var gleðin í hámarki í veislunni.



GLAÐIR GESTGJAFAR Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir og Jón Atli Helgason stóðu sig með þrýði í gestgjafahlutverkinu og buðu veislugestum upp á gin í tilefni dagsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/MAGNÚS UNNAR



LEDJA ORÐIN BOSTON Ragnar bassaleikari í hljómsveitinni Botnleðju á mikinn heiður að glæsilegum innréttingum Boston staðarins og klæddist hann frábærum áramótajakka.



NÁMSKEIÐ Á VORÖNN 2007

Tungumál

10 vikna námskeið
20 kennslustundir
Áhersla á talmál
Kennt er í byrjenda
– framhalds –
og talæfingaflokkum

ENSKA
DANSKA
SÆNSKA
FRANSKA
ÍTALSKA
SPÆNSKA

Íslenskunámskeið

8 vikna námskeið
30 kennslustundir

ÍSLENSKA
fyrir útlendinga I

ÍSLENSKA
fyrir útlendinga II

ÍSLENSKA
fyrir útlendinga III

Verklegar greinar

BÓKBAND

FRÍSTUNDAMÁLUN

GLERBRENNSLA

LOPAPEYSUPRJÓN

SILFURSMÍÐI

SKRAUTRITUN

TRÉSMÍÐI

ÚTSKURÐUR

Tölvunámskeið

FINGRASETNING

VEFSÍÐUGERÐ
Front Page

TÖLVUGRUNNUR

TÖLVUGRUNNUR
Framhald:

WORD
Ritvinnsla

Saumanámskeið

BÚTASAUMUR

CRAZY QUILT

FATASAUMUR /
BARNAFATASAUMUR

AÐ ENDURSAUMA FÖT
OG HANNA AÐ NÝJU

ÞJÓÐBÚNINGUR -
SAUMAÐUR

SKRAUTSAUMUR
Baldering
Skattering

Matreiðslunámskeið

GÓMSÆTIR BAUNA –
PASTA – OG
GRÆNMETISRÉTTIR

GÓMSÆTIR HOLLIR
SUÐRÆNIR RÉTTIR FRÁ
MIÐJARÐARHAFSLÖND-
UNUM

HRÁFÆÐI

MATARMIKLAR SÚPUR
OG
HEIMABAKAÐ BRAUÐ

MATARGERÐ
FYRIR KARLMENN I
Grunnnámskeið

MATARGERÐ
FYRIR KARLMENN II
Framhaldsnámskeið

SPENNANDI BÖKUR

Garðyrkjunámskeið

GARÐURINN ALLT ÁRIÐ

MAT – OG KRYDDJURTIR

TRJÁKLIPPINGAR

TRJÁRÆKT Í SUMAR-
BÚSTAÐALANDINU

Ýmis námskeið
BÓKHALD
SMÆRRI FYRIRTÆKJA
Grunnatriði í bókhaldi



INNLIFUN Söngvari Gavin Portland söng af mikilli innlifun hvern rokkslagarann á fætur öðrum.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Rokkað af innlifun

Pönksveitin Gavin Portland hélt útgáfutónleika á Grand Rokki síðastliðið fimmtudagskvöld í tilefni af útkomu fyrstu plötu sinnar, III: Views of Distant Towns.

Platan hefur fengið mjög góðar viðtökur gagnrýnenda sem sögðu hana eina af bestu rokkplötum síðasta árs. Var hún m.a. valin áttunda besta plata ársins í Fréttablaðinu og fékk fjórar stjörnur hjá gagnrýnanda blaðsins. Hljómsveitin Rökkurró steig fyrst á svið á útgáfutónleikunum en eftir það tók Gavin Portland við og spilaði nýju plötuna eins og hún lagði sig. Forgardur helvítis endaði síðan kvöldið með djöflarokki af bestu gerð.



HLUSTAÐ AF ATHYGLI Áhorfendurnir á Grand Rokki hlustuðu af athygli á tóna Gavin Portland og virtust sáttir við sitt.



SIGGI PÖNK Söngvari Forgards helvítis, sem steig á svið á eftir Gavin Portland, var í góðu stuði.

OG NÚ ER FJÖR

rýmum fyrir nýjum vörum

Spring Air Never Turn

Dýna botn og lappir
Queen kr. 109.900,-
King kr. 139.900,-



Sængurver

15-30% afsláttur



Hægindastólar

25-30% afsláttur



Gaflar og náttborð

15-50% afsláttur

Svefnsófar

15-30% afsláttur



Gravity Zero

Stillanleg rúm á
ótrúlegu tilboði



Tempur Premium

Örfá eintök af þessu
frábæra stillanlega rúmi
á kr. 360.000,-



Crown heilsurúm

160x200 með botni
og löppum á aðeins
kr. 84.900,-

Lítið útlitsgölluð rúm

á ótrúlegum afslætti - takmarkað magn



Faxafeni 5
Reykjavík
Sími 588 8477
www.betrabak.is
Opð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

Vörubær
Tryggvabraut 24
Akureyri
Sími 462 1410

Nýtt í bíó

„Myndin var skemmtileg og plöttið kom á óvart“
SV Morgunblaðið

„Fléttan er snjöll“
SV Morgunblaðið

„Spenndi afþreying“
SV Morgunblaðið

„Máli hikaust með myndinni“
SV Morgunblaðið

„Leikurinn í heild er virkilega góður“
SV Morgunblaðið

„Framvinða sögunnar er þáttug og góð“
KV Dagblaðið

„Góð og vönduð“
JH Dagblaðið

„Myndin var frábærlega vel leikin“
Hugablaðið



KÖLD SLÓÐ

★★★★★
VJV TOPPSÍS



LITTLE MISS SUNSHINE

Óborganleg og bráðfyndin perla sem hefur farið siguför um heiminn.

Ath: Ekkert hlé á myndum Græna ljóssins.

FRÉTTABLAÐIÐ

7

græna ljósið

ÞEGAR MYRKRIÐ SKELLUR Á... HEFST ÆVINTÝRIÐ!



ERAGON

FRÁBÆR ÆVINTÝRAMYND FÖR ALLA FJÓLSKYLDUNA!

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

LITTLE MISS SUNSHINE	Kl. 3.40, 5.50, 8 og 10.10 B.I. 7 ÁRA
KÖLD SLÓÐ	Kl. 3.30, 5.45, 8 og 10.15 B.I. 12 ÁRA
SYND Í LUXUS	Kl. 3.30, 5.45, 8 og 10.15
ARTÚR OG MÍNÍMOARNIR ÍSL. TAL	Kl. 3.45 og 5.50
ERAGON	Kl. 3.30, 5.45 og 8 B.I. 10 ÁRA
CASINO ROYALE	Kl. 10.15 B.I. 14 ÁRA
BORAT	Kl. 10.20 B.I. 12 ÁRA
MYRIN	Kl. 8 B.I. 12 ÁRA

REGNBÖGINN Sími 551 9000

LITTLE MISS SUNSHINE	Kl. 5.50 , 8 og 10.10 B.I. 7 ÁRA
KÖLD SLÓÐ	Kl. 5.50, 8 og 10.15 B.I. 12 ÁRA
ARTÚR OG MÍNÍMOARNIR ÍSL. TAL	Kl. 6
TENACIOUS D	Kl. 8 og 10.10 B.I. 12 ÁRA
CASINO ROYALE	Kl. 8 B.I. 14 ÁRA
MYRIN W. ENGLISH SUBTITLES	Kl. 5.50 B.I. 12 ÁRA

Borganbío Sími 462 3500

KÖLD SLÓÐ	Kl. 8 og 10 B.I. 12 ÁRA
ARTÚR OG MÍNÍMOARNIR ÍSL. TAL	Kl. 6
TENACIOUS D	Kl. 8 og 10 B.I. 12 ÁRA
ERAGON	Kl. 6 B.I. 10 ÁRA

450 kr. í bíó!
Gæði á öllum spjöldum í borgum og sveitum með reðu

mid.is

mid.is

mid.is

mid.is

mid.is

mid.is

mid.is

mid.is

BÍÓJS – allt á einum stað

Sími 553 2075

X EGO GEGGJUD GRÍNMYND Employee of the Month FRÁ FRAMLEIÐENDUM WEDDING CRASHERS Sýnd kl. 6, 8 og 10.10	LAUGARÁS BÍÓ • bara lúxus TENACIOUS D IN THE PICK OF DESTINY GEGGJUD TÓNLIST Sýnd kl. 6, 8 og 10.10 bj. 12
MYND EFTIR LUC BESSON ARTÚR OG MINNI GÆTTIR Sýnd kl. 6 ÍSL TAL	the Holiday Sýnd kl. 8 og 10.30

www.laugarasbio.is

Björk heiðrar Joni Mitchell

Mikil eftirvænting ríkir í kringum plötu til heiðurs Joni Mitchell en Björk Guðmundsdóttir er meðal tólf tónlistarmanna sem heiðra kanadísku tónlistarkonuna. Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu er félagsskapur Bjarkar ekki af verri endanum;



JONI MITCHELL

Íslandsvinurinn Sufjan Stevens, Prince, Elvis Costello og K.D Lang, Björk mun flytja lagið Boho Dance sem kom út á plötunni The Hissing of Summer Lawns en þetta verður að teljast mikill heiður fyrir íslsku söngkonuna enda Mitchell meðal virtustu tónlistarmanna samtans og verið kölluð kvenkynsút-gáfa af Bob Dylan. Lagið sjálf fjallar um listformið Boho Dance sem rithöfundurinn Tom Wolfe gerði að

umtalsfni í bók sinni *The Painted Word* og kemur það val vart á óvart enda Björk verið áberandi í lista-heiminum að undanfögnu ásamt unnusta sínum, Matthew Barney.

Samkvæmt fréttasíðunni Pitchfork.com er áætlað að þetta safn komi út þegar nær dregur vori en samkvæmt heimildum vefsins er Joni hvergi af baki döttin og fréttist af henni í París við að taka upp nýtt efni.

-fgg



Fjölskylda úti að aka

Little Miss Sunshine er bandarísk þjóðvegamynd af annarri gerð en við eigum að venjast. Hún fjallar hvorki um byssuglaða bílstjóra í ránsferð né húsmæður á barni örvæntingar, heldur heila fjölskyldu þar sem flestir meðlimirnir eru uppfullir af örvæntingu. Það er að segja allir fyrir utan afann og hana Olive litlu (Abigail Breslin) sem ætlar sér stóra hluti í fegurðarsamkeppni matælpna, Little Miss Sunshine pageant.

Til að styðja við bak unga keppendans halda foreldrar hennar (Toni Colette og Greg Kinnear) í langferð, ásamt afa (Alan Arkin) sem er orðið sama um allt, samkynhneigðum frænda í sjálfsmorðshugleiðingum (Steve Carell) og þunglyndum unglingi-bróður (Paul Dano) á gömlu, gulu „rúgbraudi“ í átt að Kaliforníuríki þar sem keppinn fer fram. Á leiðinni lenda þau í margvíslegum upptökum sem gefa áhorfendum kleift að kynnst þessari skrautlegu fjölskyldu vel.

Það er ekki annað hægt að segja en að frumraun leikstjórnanna Jonathans Dayton og Valerie Faris, hafi heppnast einstaklega vel enda sló myndin rækilega í gegn á síðustu Sundance- kvikmyndahátíð. Húmorinn minnir töluvert á stemninguna í Happiness eftir Todd Zolonds. Kaldhæðinn er um leið manneskjulegur og ríkur af skilningi á eðli mannfólksins. Kannski svoltið „danskur“ ef svo mætti að orði komast.

Leikaraval og persónusköpun
tekst hreint þrýðilega og hver
leikarinn er öðrum betri í tulkun
sinni. Sérstaklega tekur Greg
Kinnear sig vel út sem örvænting-
arfullur lífbjálfi með misheppn-

Margrét Hugrún Gústavsdóttir

KVIKMYNDIR

LITTLE MISS SUNSHINE

LEIKSTJÓRAR: Jonathan Dayton og Valerie Faris
ÞÁÐHLUTVERK: Greg Kinnear, Toni Collette, Steve Carell o.fl.

★★★★

Stórkostlega skemmtilegur og hjartnæmur farsi sem sendir áhorfendur brosandí út úr salnum.

aðar viðskiptaáætlanir og yfirlýsinguna um að það sé aðeins tvenns konar fólk til í heiminum; þeir sem sigrar og þeir sem tapa, sem hann heimfærir upp á fegurðarsamkeppnina sem sjö ára dóttir hans ætla sér að taka þátt í.

Steve Carell er einnig góður í hlutverki gáfada, niðurdregna hommans og skemmtilegra frábruggðinn því sem fólk sé í The Office og 40 Year Old Virgin. Það sama má segja um aðra leikara í myndinni sem eru í raun hver öðrum betri – þar með talinn Abigail Breslin litla sem er sérlega sjarmerandi sem hin patta-ralega og metnaðarfulla Olive.

Þó að Little Miss Sunshine virðist kannski óþólitísk og einföld á yfirborðinu er töluverð ádeila og dýpt í henni líka sem ætti að höfða til marga. Og þá kannski sérstaklega þeirra sem hafa takmarkað þol fyrir yfirborðsmennsku og tilgerð. Flestir geta því gulltryggt sér góða stund með því að skella sér á myndina, en á lokaspretti- um nær hún ógleymanlegum hápunkti sem sendir áhorfendur skælbrosandi og með gott lag á heilanum aftur út í skammdag.

12 Tónar bjóða upp í dans!

STÖR útsala

á skólavörðustíg 15
Hefst í dag kl. 10:00

Allir diskar á útsölu

klassískir geisladiskar frá kr. 200

20-90% afsláttur!

12 Tónar

Skólavörðustíg 15 • 511 5656
Fíolstræde 26 • 3336 5656
www.12tonar.is

Nám til framtíðar kvikmyndaskoli.is

Wili FerrellMaggie GyllenhaalDustin HoffmanQueen LatifahEmma Thompson

Stranger than Fiction

„Stranger than Fiction er bæði ótrúlega fyndin, falleg og snúðug mynd.Wili Ferrell fer á kostum í mest krefjandi hlutverki ferlisins og samnar að þar fer enginn trúður.“

★★★★

FRÁBÆRLEGA FYNDIN OG SNÍÐUG GAMANMYND...
...SEM KEMUR ÖLLUM Í GOTT SKAP Á NÝJU ÁRI

Dane CookJessica SimpsonDax Shepard

GEGGJUÐ GRÍNMYND

Employee of the Month

FRÁ FRAMLEIÐENDUM WEDDING CRASHERS

2

FRÉTTABLAÐIÐ

KÖLD SLÓÐ

SÝND Í HÁSKÓLABÍÓ

Mynd eftir Óskarsverðlaunahafann Clint Eastwood.

Flags of our Fathers

★★★★

SV. MBL

★★★★

ÞJÓRÞEYJS

★★★★

PJ. FBL

Sannkallað meistaraverk sem víðamyndað var að mestum hluta á Íslandi.

EKKI MISSA AF MEST SLÁANDI OG EINNI ÁHRIFAMESTU KVÍKMYND ÁRSINS.

★★★★

TJ. MBL

★★★★

RÍS 2

Children of men

1

FRÉTTABLAÐIÐ

HAPPY FEET

MINGSTAFUND ER HAFIÐ!

1

HÁSKÓLABÍÓ

DENZEL WASHINGTONVAL KILMER

DEJAVU

★★★★

KVÍKMYND

the Holiday

Garrett DuneKate WinsletJack LowJack Black

Háskólabíó					
KÖLD SLÓÐ	kl. 5:50 - 8 - 10:10	BL 16	DÉJÁ VU	kl. 8 - 10:30	BL 12
THE CHILDREN OF MEN	kl. 5:30 - 8 - 10:30	BL 16	THE DEPARTED	kl. 7:40 - 10:30	BL 16
FLAGS OF OUR FATHERS	kl. 6 - 9	BL 16	BOSS OF IT ALL	kl. 5:30	BL 7
FRÁIR FÆTUR	M/- Ísl. tal. kl. 5:40	LEYFÞ			

SAMBÍÓ / ÁLFABAKKA				SAMBÍÓ / KRINGLUNNI				SAMBÍÓ / KEFLAVÍK				SAMBÍÓ / AKUREYRI			
EMPLOYEE OF THE MONTH	kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20	LEYFÞ	FRÁIR FÆTUR	M/- Ísl. tal. kl. 3:20 - 5:40	LEYFÞ			EMPLOYEE OF THE MONTH	kl. 8 - 10:10	LEYFÞ		STRANGER THAN FICTION	kl. 6 - 8 - 10	LEYFÞ	
STRANGER THAN FICTION	kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:30	LEYFÞ	FRÁIR FÆTUR	VIP kl. 3:20 - 5:40				THE CHILDREN OF MEN	kl. 10:20	BL 16		HAPPY FEET	M/- Ísl. tal. kl. 6	LEYFÞ	
STRANGER THAN FICTION.. VIP	kl. 8 - 10:30		HAPPY FEET	M/- Ensks tal. kl. 3:20 - 5:40	LEYFÞ			FRÁIR FÆTUR	M/- Ísl. tal. kl. 5:40	LEYFÞ	DIGITAL	FLAGS OF OUR FATHERS	kl. 8 - 10:30	BL 16	
FLAGS OF OUR FATHERS	kl. 8 - 10:30	BL 16	DÉJÁ VU	kl. 8 - 10:30	BL 12			HAPPY FEET	M/- Ensks tal. kl. 5:40 - 8	LEYFÞ	DIGITAL				
THE CHILDREN OF MEN	kl. 5:40 - 8 - 10:20	BL 16	SKOLAD Í BURTU	M/- Ísl. tal. kl. 3:20	LEYFÞ			DÉJÁ VU	kl. 10:30	BL 7	DIGITAL				
								THE HOLIDAY	kl. 8	BL 7					

www.SAMbio.is

575 8900

Skráðu þig á

SAMBIO.is

MOBY Tónlistarmaðurinn Moby er ósáttur við aftöku Saddams Hussein.

Ósáttur við aftökuna

Tónlistarmaðurinn og grænmetisætan Moby hefur gagnrýnt aftöku Saddams Hussein, fyrrum Íraksforseta. Moby segist vera andvígur dauðarefsingum og finnst undarlegt að fólk skuli fagna dauða hans.

„Mér finnst alltaf dapurlegt þegar ég les um að fólk fagni dauða annarrar manneskju,“ sagði Moby. „Saddam var vondur maður og harðstjóri. Það að fagna dauða hans segir samt ákveðna hluti um þær manneskjur sem það gera. Ég er á móti dauðarefsingum, aðallega vegna þess að þær bera merki um skort á þroska og samúð af okkar hálfu.“

RADIOHEAD Greenwood safnaði saman uppáhalds regglögum sínum vegna nýrrar safnplötu á vegum Trojan.

Gefur út safnplötu

Johnny Greenwood, gítarleikari Radiohead, ætlar að gefa út safnplötu með regglögum næsta vor á vegum plötufrirtækisins Trojan.

Fyrirtækið bað Greenwood um að safna saman uppáhalds regglögum sínum í tilefni af fjórutíu ára afmæli hans. Tók hann sér sex mánuði í að finna réttu lögina úr safni Trojan.

Platan kemur út 6. mars og á henni eru sautján lög, með listamönnum á borð við Lee Perry, King Tubby og Scientist.

David Bowie sextugur

Enski tónlistarmaðurinn David Bowie er sextugur í dag. Bowie er einn virtasti lagahöfundur allra tíma og hefur jafnframt verið þekktur fyrir að feta nýjar slóðir á ferli sínum.

David Bowie kom fyrst fram á sjónarsviðið árið 1969 þegar plata hans Space Oddity komst á lista yfir fimm vinsælustu plötur Bretlands.

Það var þó með persónunni Ziggy Stardust sem hann festi sig rækilega í sessi þremur árum síðar er hann sendi frá sér plötuna The Rise and Fall of Ziggy Stardust and the Spiders From Mars. Hafði hún meðal annars að geyma smáskífulagið vinsæla Starman.

Þó að persónan Ziggy Stardust hafi verið heldur skammlíf markaði hún upphafið að merkum ferli Bowies þar sem nýjungagirni var í fyrirrúmi með ríkri áherslu á sjónræna þáttinn.

Vinsældir í Bandaríkjunum

Árið 1975 náði Bowie vinsældum í Bandaríkjunum með smáskífulaginu Fame og plötunni Young Americans. Á plötunni breytti Bowie um stíl og fetaði sig meira í átt að sálartónlist, sem margir aðdáendur hans í Bretlandi voru ekki hrifnir af.

Árið 1977 stóðst hann aftur á móti væntingar beggja megin Atlantshafsins þegar hann gaf út hina lágstemmdu Low, með aðstoð upptöku-stjórans Brian Eno sem hann átti eftir að vinna með á nýjan leik. Næstu plötu, Heroes, var einnig vel tekið og sér í lagi titillaginu.

Þekktir dúettar

Bowie hélt áfram að gefa út plötur og fara í tónleikaferðalög um allan heim og var einnig duglegur við að breyta til og vinna með hinum ýmsu tónlistarmönnum. Má þar nefna Iggy Pop,

MEÐ GÍTAR Í HENDI David Bowie með gítar í hendi á tónleikum í Radio City Music Hall í New York í september árið 2005.

John Lennon, Mick Jagger, Bing Crosby, Pat Metheny og Philip Glass, auk hljómsveitarinnar Queen í hinu vinsæla lagi Under Pressure.

Á meðal fleiri verka Bowie má nefna plötuna Let's Dance frá árinu 1983 þar sem hann breytti enn um gír og skeltti sér í dansskóna. Smáskífulögin China Girl, Modern Love og titillagið náðu öll miklum vinsældum.

136 milljónir seldar

Talið er að Bowie hafi selt um 136 milljónir platan á ferli sínum og er hann á meðal tíu söluhæstu listamanna í breskri poppsögu. Hefur hann gefið út 26 hljóðversplötur, þar á meðal tvær með hljómsveitinni Tin Machine, sem hlutu misjafnar viðtökur. Auk þess hefur hann leikið í hinum ýmsu kvikmyndum og samið tónlist við þær margar. Bowie lenti í 39. sæti yfir mestu listamenn allra tíma hjá tímaritinu Rolling Stone árið 2004.

MEÐ TWIGGY Fyrirsætan Twiggy með Bowie á umslagi plötunnar Pin Ups sem kom út 1973.

RAUTT HÁR David Bowie með lítað rautt hár, hatt og í gulum jakkafötum árið 1974.

TÍU LÖG

- China Girl (1983)
- Let's Dance (1983)
- Heroes (1977)
- Young Americans (1975)
- Fame (1975)
- Diamond Dogs (1974)
- Starman (1972)
- Changes (1971)
- The Man Who Sold the World (1970)
- Space Oddity (1969)

TÍU MYNDIR

- The Prestige (2006)
- Zoolander (2001)
- Basquait (1996)
- Twin Peaks: Fire Walk With Me (1992)
- The Last Temptation of Christ (1988)
- Labyrinth (1986)
- Absolute Beginners (1986)
- Yellowbeard (1983)
- Just a Gigolo (1979)
- The Man Who Fell To Earth (1976)

> Dómarar ósáttir við KSÍ

Fram kom í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær að bestu knattspyrnudómarar landsins væru samningslausir og þeir myndu ekki dæma leiki á vegum KSÍ fyrr en búið væri að semja á ný. Fram kom í fréttinni að dómarar væru verulega óánægðir með áhugaleysi KSÍ á sínum málum sem og kjör sín sem þeir telja ekki nægileg og hafa þeir farið fram á verulega kauphækkun. Því var einnig slegið fram í fréttinni að reyndir dómarar væru að íhuga að hætta vegna málsins og ef rétt reynist stefnir í óefni í dómaramálunum enda þó nokkrir reyndir dómarar hættir og aðrir að íhuga að hætta.

sport
sport@frettabladid.is



KR BUMBAN: ÆFÐI TVISVAR EN EKKI EINU SINNI Í SÍÐUSTU VIKU FYRIR LEIKINN GEGN GRINDAVÍK

Jacobson á ættir að rekja til Íslands

„Við æfðum tvisvar sinnum í síðustu viku en ekki einu sinni eins og venjan er. Þannig að ég vil meina að menn séu komnir í toppform,“ sagði Böðvar Guðjónsson, formaður körfuknattleiksdeildar KR, og leikmaður með KR Bumbunni, B-liði Vesturbæjar-liðsins. Bumban mun í kvöld heimsækja Grindvíkinga í Lýsingarbíkar karla en liðið á harma að hefna þar sem Grindvíkingar lögðu það að velli í keppninni á síðasta ári. „Grindavík hefur tapað fimm leikjum í röð og sjötti tapleikurinn bætist við. Við ætlum okkur að hafa tvö lið frá KR í Höllinni þann 17. febrúar,“ sagði Böðvar sem er reyndar á meiðslalistanum. „Menn eru nokkuð vel á sig komnir en ég sjálfur er reyndar meiddur eftir að hafa snúið mig í leik. Það er náttúrulega skarð fyrir skildi þegar sjálfur formaðurinn getur ekki verið með. Ég verð samt þeim til handar



á bekknum og gef góð ráð. Við ætlum að reyna að halda þessum leik eins hægum og hægt er. Reyndar erum við með leikmenn eins og Steinar Kaldal og Óla Orms sem geta enn hlaupið.“ Bumban gerði tilraunir til að fá til sín þekkt bandaríska leikmenn eins og til dæmis Dennis Rodman en án árangurs. Liðið hefur þó fengið til sín útlending, ef útlending skyldi kalla. „Ameríski leikmaðurinn okkar, Ben Jacobson, kom til landsins á laugardagsmorgun og við fundum það út að hægt er að rekja ættir hans hingað til Íslands. Hann smellpassar því algjörlega inn í hópinn og er nú kallaður Benedikt Jakobsson. Hann er mjög brattur, þetta er leikmaður sem reyndi að komast að hjá liðum í NBA en lenti í bakmeiðslum,“ sagði Böðvar Guðjónsson. Leikur Grindavíkur og KR Bumbunnar hefst klukkan 19.15 í kvöld og er óhætt að lofa góðri skemmtun fyrir íþrótta-áhugamenn.

Kunnuglegur höfuðverkur

Ísland og Danmörk skildu jöfn, 28-28, í lokaleik liðanna á æfingamóti í Danmörku. Ísland leiddi allan leikinn en döpur markvarsla í síðari hálfleik hleypti Dönum inn í leikinn. Leikur Íslands í heild sinni lofar þó góðu.

HANDBOLTI Ísland missti niður unninn leik gegn Dönum í Brøndby í gær. Ísland leiddi frá upphafi en kunnuglegur höfuðverkur liðsins, markvarslan, varð því að falli í síðari hálfleik en þá vörðu markverðir liðsins aðeins fjögur skot sem er engan veginn ásættanlegt. Fyrri hálfleikur hjá íslenska liðinu var í einu orði sagt frábær. Það gekk nánast allt upp hjá liðinu. Bæði varnarafbrigðin, 5/1 og 6/0, gengu mjög vel og fyrir aftan var Hreiðar Guðmundsson í fantaformi en hann varði tólf skot í hálfleiknum. Samvinna varnar og markvarðar var einnig með söma en vörnin varði sjálf nokkra bolta þar sem Sverre og Sigfús voru öflugir. Logi Geirsson virðist vera orðinn byrjunarliðsmaður í skyttunni vinstra megin hjá Alfreð og hann sýndi af hverju í fyrri hálfleik með afburða leik í vörn og sókn. Vítin hjá Loga voru einnig örugg. Sóknarleikurinn var fjölbreyttur og mörk Íslands voru í öllum regnbogans litum.

Boltinn gekk hratt og það var mikið öryggi og yfirvegum í leik liðsins. Danir vissu vart sitt rjúkandi ráð og voru í vondum málum í leikhléi, heilum fimm mörkum undir, 11-16. Gátu reyndar þakkað fyrir að vera ekki fleiri mörkum undir því íslenska liðið fór illa með nokkur dauðafæri.

Alfreð stokkaði nokkuð spilin í upphafi síðari hálfleiks, setti Björgvin Pál í markið og í sókninni fengu Arnór, Ragnar og Ásgeir Örn tækifæri. Það riðlaði leik Íslands talsvert og Danir voru fljótir að minnka muninn.

Þegar staðan var orðinn 17-18 tók Alfreð leikhlé og skipti mönnum af bekknum á ný og Ísland hélt þar með yfirhöndinni þrátt fyrir að



HAFÐI HÆGT UM SIG Ólafur Stefánsson hefur verið að hvíla öxlina í Danmörku og skaut aðeins þrisvar að marki í gær.

Danir önduðu ofan í hálsmálið hjá þeim.

Það er skemmst frá því að segja að Arnór og Ásgeir nýttu tækifæri sín í leiknum ekki vel en Ragnar átti ágæta innkomu og fiskaði tvö víti. Björgvin Páll fann sig engan veginn í markinu og varði aðeins eitt skot. Það var reyndar dæmt víti eftir að hann varði sitt eina skot og úr vítinu skorðu Danir.

Hreiðar kom aftur inn undir lok leiksins og varði mikilvægt skot á lokamínútunni. Hann hefur líklega tekið forystu í keppni um þriðja markvarðarsætið eftir þennan leik.

Þegar tvær mínútur lifðu leiks var staðan 28-28 og hvorugt liðanna náði að skora á síðustu

tveim mínútunum og jafntefli því niðurstaða í leik þar sem Danir komust aldrei yfir.

Varnarleikur liðsins var lengst-um mjög öflugur og vörnin varði svipað mörg skot í síðari hálfleik og markverðirnir. Sóknarleikurinn gekk mjög vel þegar byrjunarliðið var inni á vellinum en eðlilega munar heilmikið um að Ólafur Stefánsson sé að hlífa öxlinni og skjóti því vart á markið.

Það var margt mjög jákvætt við leik liðsins í gær og það getur betur. Það segir sitt um hversu góð spilamennskan var að það sé hreinlega svekkjandi að hafa „aðeins“ fengið jafntefli á útivelli gegn einu besta liði heims.

henry@frettabladid.is



Á RÉTTRI LEIÐ Alfreð Gíslason er sáttur við liðið ellefu dögum fyrir brottför til Þýskalands.

Alfreð Gíslason:

Ég er mjög sáttur við leikinn

HANDBOLTI Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari var tiltölulega sáttur eftir leikinn í gær.

„Ég var mjög sáttur við þennan leik. Vörnin og markvarslan datt nokkuð niður í síðari hálfleik en í heildina er ég mjög sáttur,“ sagði Alfreð sem var eðlilega mjög ánægður með hinn frábæra fyrri hálfleik liðsins. „Ég var mjög ánægður með vörnina og Hreiðar fyrir aftan sem stóð sig frábærlega. Við vorum líka að spila góðan sóknarleik. Ef Hvidt hefði ekki varið þessi dauðafæri þá hefðum við leitt með tíu mörkum í hálfleik.“

Logi Geirsson er stífur í kálfunum og gat því ekki leikið mjög mikið en strákarnir sem komu af bekknum voru ekki allir að skila sínu.

„Við erum ekki með sömu breidd og mörg önnur lið og við þurfum meira frá strákunum á bekknum. Það munar gríðarlega um að fá framlag af bekknum,“ sagði Alfreð sáttur, einum ellefu dögum áður en liðið heldur utan til Þýskalands.

„Ég er ánægður með standið á liðinu á þessum tímamarki. Miðað við skandalaleikinn gegn Norðmönnum þá var ánægjulegt hversu vel gekk í hinum tveimur og við munum halda áfram að slípa okkar leik í vikunni.“

Þungavigtarbardagi:

Peter fór illa með Toney

BOX Þeir Samuel Peter og James Toney mættust í hringnum í umdeildum bardaga í september síðastliðnum sem leiddi til þess að ákveðið var að halda nýjan bardaga því menn voru ekki á eitt sáttir um hvor hefði átt að sigra.

Það var enginn vafi um helgina hver sigraði því Peter fór mjög illa með Toney og sendi hann meðal annars í fyrsta sinn í strigann síðan 1994 þegar Roy Jones sló hann niður.

Peter fær því að berjast um meistaratitil gegn Peter Maskae og sigurvegarinn þar mætir líklega Wladimir Klitschko.



11 DAGAR Í HM Í ÞÝSKALANDI

Lauritz Knudsen Cup: Ísland í öðru sæti

HANDBOLTI Íslenska landsliðið hafnaði í öðru sæti á LK-Cup í Danmörku með þrjú stig.

Norðmenn sigruðu mótið með sex stig en þeir unnu alla sína leiki. Pólverjar urðu síðasta fórnarlambið í gær þegar Norðmenn lögðu þá með fjórum mörkum, 34-30. Það er ljóst að Norðmenn verða talsvert sterkari á HM en í fyrstu var talið ef mið er tekið af úrslitum liðsins um helgina.

Pólverjar urðu í þriðja sæti með tvö stig en Danir ráku lestina með aðeins eitt stig. Árangur Dana veldur þeim vafalítið verulegum áhyggjum en til mikils er ætlast af danska liðinu á HM í Þýskalandi. Það mátti vel sjá af Ulrik Wilbek, þjálfara danska liðsins, í gær að mótlætið er farið að pirra hann og vildu einhverjir sem sáu leikinn meina að hann væri að fara á taugum.

Svo má geta þess að Þýskaland og Ungverjaland skildu jöfn í Ungverjalandi í gær, 23-23.

- hbg

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Vináttulandsleikur:

DANMÖRK-ÍSLAND	28-28 (11-16)
Mörk Íslands (skot): Logi Geirsson 8/5 (10/6), Snorri Steinn Guðjónsson 7/3 (13/3), Guðjón Valur Sigurðsson 4 (7), Alexander Peterson 4 (7), Róbert Gunnarsson 2 (2), Ólafur Stefánsson 2 (3), Sigfús Sigurðsson 1 (2), Ásgeir Örn Hallgrímsson (3), Arnór Atlason (2).	
Varin skot: Hreiðar Guðmundsson 15, Björgvin Páll Guðavsson 1.	
Hraðauppflaup: 7 (Alexander 3, Guðjón 2, Sigfús, Logi).	
Fiskuð víti: 9 (Alexander 2, Róbert 2, Ragnar 2, Guðjón 2, Vignir).	
Utan vallar: 10 mínútur.	
Mörk Dana: Lasse Boesen 9, Lars Rasmussen 6/2, Michael Knudsen 3, Per Leegaard 3, Lars Jørgensen 2, Jesper Jensen 1, Bo Spellerberg 1, Mikkel Aagaard 1, Jesper Noddesbo 1, Lars Christensen 1/1.	
Varin skot: Kasper Hvidt 13, Henriksen 3.	
Hraðauppflaup: 9 (Boesen 2, Rasmussen 2, Jørgensen 2, Leegaard, Noddesbo, Knudsen).	
Fiskuð víti: 4 (Knudsen 2, Jensen, Leegaard.)	
Utan vallar: 8 mínútur.	
Enski bikarinn:	
MAN.UTD-ASTON VILLA	2-1
1-0 Henrik Larsson (55.), 1-1 Milan Baros (74.), 2-1 Ole Gunnar Solskjær (90.)	
EVERTON-BLACKBURN	1-4
0-1 Derbyshire (5.), 0-2 Pedersen (21.), 0-3 Gallagher (38.), 1-3 Johnson, víti (69.), 1-4 McCarthy (90.).	
SHEFF. WED.-MAN. CITY	1-1
0-1 Samaras, víti (78.), 1-1 MacLean (79.).	
CARDIFF-TOTTENHAM	0-0

Mikil dramatík í leik Man. Utd og Aston Villa í enska bikarnum í gær:

Larsson og Solskjær sáu um Villa

FÓTBOLTI Hinn 35 ára gamli sænski framherji, Henrik Larsson, byrjaði stuttan feril sinn hjá Man. Utd með glans í gær þegar hann skoraði í sínum fyrsta leik. Larsson kom United yfir í leiknum en annar Norðurlandabúi, Ole Gunnar Solskjær, tryggði United sigurinn í leiknum með marki í uppbótartíma eftir að Milan Baros hafði jafnað fyrir Aston Villa.

„Ég tel okkar hafa átt sigurinn skilinn,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd., sem var ánægður með Larsson og Solskjær. „Við urðum að sjá hvernig formi Larsson var í. Þessi leikur var gott tækifæri til þess og ég var mjög sáttur við hans frammistöðu. Hann hefur staðið sig frábærlega á æfingum og hefði hæglega getað skorað þrjú til fjögur mörk í þessum leik. Hvað



HENRIK LARSSON Fagnar hér marki sínu með United gegn Villa í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

varðar Ole þá telur maður alltaf að hann skori þegar hann kemst í slík færi. Að hann skuli vera búinn að skora níu mörk í vetur er gríðarlegt afrek sem enginn átti von á.“

Sigurmarkið skrifast að hluta

til á Gabor Kiraly, markvörð Villa, sem hefði getað gert betur. Martin O'Neill, stjóri Villa, tjáði sig um Larsson en hann var þjálfari hans um tíma hjá Celtic.

„Margir veltu því fyrir sér hvort hann gæti orðið öflugur markaskorari utan Skotlands og ég sagði alltaf engin spurning svo lengi sem hann fengi þjónustu. Hann er í gríðargóðu formi og mun skora fyrir liðið,“ sagði O'Neill en Larsson sjálfur var kátur.

„Ég hefði átt að gera betur með færin mín í fyrri hálfleik en það var ljúft að skora. Það er alltaf stressandi að spila sinn fyrsta leik með liði en um leið og ég kom út og heyrði í áhorfendum leið mér vel. Það eru frábærir leikmenn í þessu liði sem gaman verður að spila með á næstu vikum.“

- hbg



KLÚÐUR Tony Romo nær ekki að halda boltanum á örlagastundu.

FRÉTTABLAÐID/GETTY IMAGES

Úrslitakeppni NFL: Seahawks og Colts unnu

NFL Indianapolis Colts og Seattle Seahawks tryggðu sér farseðilinn í aðra umferð úrslitakeppni NFL í skrautlegum leikjum.

Colts lenti í vandræðum með sóknarleikinn gegn Kansas þar sem stórstjarnan Peyton Manning kastaði þremur boltum frá sér. Hin slaka vörn liðsins steig þá óvænt upp og vann leikinn fyrir Colts sem endaði 23-8. Colts sækir Baltimore heim í næsta leik.

Leikur Seattle og Dallas Cowboys var dramatískur í meira lagi en nýliðaleikstjórnandi Dallas, Tony Romo, sem kom liðinu í úrslitakeppnina, endaði þátttöku þeirra einnig þegar honum mistókst að halda boltanum í 19 metra vallarmarkstilraun þegar skammt var eftir. Klúðrið skilaði Seattle í næstu umferð en liðið vann leikinn með einu stigi, 21-20. Seattle getur mætt New Orleans eða Chicago í næstu umferð.

- hbg

NBA-deildin í fyrrinótt: Cleveland er á miklu skriði

KÖRFUBOLTI Leikmenn Cleveland Cavaliers eru fullir sjálfstrausts um þessar mundir en liðið er á sannkallaðri sigurbraut. Nýliðin vika var sú besta hjá liðinu í næstum fjórtán ár en það vann fjóra leiki á fimm dögum, lagði San Antonio, Boston, Milwaukee og svo New Jersey í fyrrinótt. LeBron James skoraði nítján stig í 96-91 sigri á New Jersey auk þess sem hann hirti þrettán fráköst.

Meðal annarra úrslita í fyrrinótt voru þau að Utah Jazz gerði góða ferð til Denver og vann 96-84 sigur. Liðið er efst í sínum riðli með 24 sigurleiki og tíu tapleiki.

- egm

Figo hefur skrifað undir: Fer til Al Itti-had í sumar

FÓTBOLTI Lið Al Itti-had í Sádi-Arabíu tilkynnti í gær að það hefði gert átján mánaða samning við Luis Figo fyrir óuppgefna upphæð. Samningur Figo tekur gildi 1. júlí og fær hann víst hærri upphæðir en hann hefur áður fengið á sínum ferli. Þessi 34 ára portúgalski leikmaður er hjá Inter á Ítalíu en samningur hans við félagið rennur út í lok tímabilsins.

„Viðræðurnar við Figo tóku næstum þrjá mánuði. Það tekur sinn tíma að fá leikmann í þessum gæðaflokki,“ sagði Rafat Turki, stjórnarformaður Al Itti-hat. Figo hóf sinn feril hjá Sporting Lissabon og lék með Portúgal á HM 2006. Hann lék með Barcelona og Real Madrid áður en hann gekk til liðs við Inter fyrir síðasta tímabil.

- egm

Stóru liðin mæta ekki nógu sterk til leiks eftir áramót á Spáni:

Jafnt hjá Barca og Real tapaði

FÓTBOLTI Barcelona missti af gullnu tækifæri til að hrista Real Madrid aðeins af sér þegar það varð af tveim stigum í leik gegn Getafe en skömmu síðar lagði Deportivo la Coruna lið Real Madrid.

Barcelona má hugsanlega þakka fyrir stigið þegar upp var staðið því leikmenn liðsins voru heillum horfnir nánast allan leikinn og leikmenn Getafe fengu fjölda færa til að gera út um leikinn. Þeir nýttu aðeins eitt og það færi var í boði mexíkóska miðvarðarins Rafael Marquez en hann átti skelfilega sendingu til baka sem Guiza komst inn í og hann

þakkaði pent fyrir með að skora. Xavi bjargaði síðan stigi fyrir Barca með glæsilegu marki 20 mínútum fyrir leikslok.

Eiður Smári var í byrjunarliði Barca og átti dapran dag. Hann fékk gult spjald þar sem dómariinn taldi hann reyna að fiska víta-spyrnu.

Real Madrid var ekki mikið betra en Barca þegar liðið lá gegn spræku liði Deportivo á Riazor, 2-0, með mörkum frá Capdevila og Hidalgo.

- hbg

EIÐUR SMÁRI Lendir hér í samstuði við markvörð Getafe.

FRÉTTABLAÐID/GETTY IMAGES



Vandræðagangur Chelsea: Tekur Hiddink við í sumar?

FÓTBOLTI Guus Hiddink segist vera tilbúinn að hætta með rússneska landsliðið ef honum býðst að taka við Chelsea. Ensku blöðin í gær voru uppfyll af fréttum þess efnis að sá orðrómur er orðinn ansi hávær að Jose Mourinho láti af störfum sem knattspyrnustjóri Englandsmeistaranna. Hiddink fer ekki leynt með það að hann og Abramovich, eigandi Chelsea, séu góðir vinir.

„Abramovich hefur gert frábæra hluti fyrir fótboltann hér í Rússlandi og fyrir stuttu áttum við langar samræður um framtíð í landinu. Við náðum mjög vel saman,“ sagði Hiddink.

- egm

TONVINNSLUSKOLI.IS • SKRÁNINGARSÍMI: 534 9090



DREYMR ÞIG STÓRA DRAUMA?

KOMDU Á NÁMSKEIÐ HJÁ TÓNVINNSLUSKÓLANUM, KENNSLA FER FRAM Í FOLDASKÓLA OG SNÆLANDSSKÓLA

TONVINNSLUSKOLIÞORVALDAR BJARNA

BARNA- OG UNGLINGANÁMSKEIÐ HALLA OG HEIÐA KENNA

Frábært námskeið fyrir krakka sem vilja læra söng og leik, framsögn og framkomu, dans og samhæfingu söngva og dansa. Heiða úr Idolinu og Halla Vilhjálms úr X-factor kenna. Námskeiðinu lýkur með upptöku í hljóðveri. 10 vikur, verð 39.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).

SKRÁNING ER HAFIN

SELMA OG VALGERÐUR KENNA ÞÉR AÐ SYNGJA

Söng- og framkomunámskeiðið er tilvalið fyrir alla sem langar til að læra söng og fagmannlega framkomu. Selma Björns og Valgerður Guðna-dóttir kenna, en námskeiðinu lýkur með upptökum í hljóðveri. 10 vikur, verð 59.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).

SKRÁNING ER HAFIN

GÍTARNÁMSKEIÐ MEÐ VIGNI OG GUNNARI

Erum með gítarnámskeið fyrir byrjendur, lengra komna, leikskólakennara og foreldra. Markmið námskeiðanna eru að nemendur læri undirstöðuatriði gítarleiks og öll helstu gítargripin. Leiðbeinendur eru Vignir Snær (Írafár), Gunnar Þór Jónsson (Söldög) o.fl. Nánari upplýsingar á www.tonvinnsluskoli.is.

SKRÁNING ER HAFIN

BLUES- OG JAZZSÖNGUR MEÐ ANDREU GYLFA

Námskeiðið er sérsníðið fyrir þá sem hafa einhverja reynslu af söng og vilja læra eitt-hvað nýtt. Andrea Gylfa kennir en meðal hljóðfæraleikara eru Kjartan Valdemarsson og Vignir Snær. Námskeiðinu lýkur með hljóðrituðum tónleikum. 10 vikur, verð 59.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).

SKRÁNING ER HAFIN

TÓNLISTARSKÖPUN BARNA OG UNGLINGA

Tónlistarsköpun og hljóðritun með heimilistölvu. Barna- og unglinganámskeið. Kennir er á Reason tónlistarforritið sem nota má í flestum heimilistölvum og er jafnframt vinsælt meðal tónlistarmanna. Eftir námskeiðið geta krakkarnir bæði samið, tekið upp og unnið tónlist í sinni eigin tölvu heima við. 12 vikna námskeið, 39.900,-

SKRÁNING ER HAFIN

SKRÁNING ER HAFIN

SÖNG-, HLJÓÐFÆRA- OG LAGASMÍÐANÁMSKEIÐ BARNA OG UNGLINGA FARA FRAM BÆÐI Í FOLDASKÓLA OG SNÆLANDSSKÓLA

KÍKTU Á TONVINNSLUSKOLI.IS OG VELDU ÞÉR NÁMSKEIÐ

> GILLIAN ANDERSON

Fæddist í Chicago í Bandaríkjunum þann 9. ágúst 1968. Hún hóf feril sinn með áhugaleikhópi og fann sig strax vel. Hún útskrifaðist úr leiklistarskóla í New York og fékk stóra tækifærið þegar henni var boðið hlutverk Dönu Scully í X-Files. Hún er langfrægust fyrir það hlutverk en lék í fyrsta sinn í kvikmynd þegar hún fór með hlutverk í The Turning árið 1992 en meðal annarra mynda má nefna Playing by Heart frá 1998. Í X-Files myndinni Fight of Future leikur Gillian stórt hlutverk en myndin verður sýnd á Stöð 2 í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ **SVAVAR HÁVARÐSSON** VARÐ UM MARGT FRÓÐARI Á 16 MÍNÚTUM

Kallið mig Lubba Túngötu

Menningarvitar halda því oft fram að tími fyrir framan sjónvarpið sé tímaeyðsla; heilalaus dægrastytting sem sauðsvartur almúginn velur sér af því hann nennir ekki að gera eitthvað uppbyggilegra. Sem væntanlega er að lesa bækur sem færa þeim skemmtun og upplýsingu á öllum sviðum mannlífs, langt umfram það sem sjónvarpsgláp getur nokkurn tímann gert. Ég fullyrði að þeir hafa rangt fyrir sér. Ég hef nýlega sannað með lítilli tilraun að hvaða sjónvarpsefni sem er skilar áhorfandanum á örskotsstundu viðtækum fróðleik sem eflir lífsleikni hans á öllum sviðum, og gerir hann færari um að takast á við daglegt líf langt umfram það sem bóklestur getur nokkurn tímann gert. Tilraun mín fólst í því að horfa í fjórar mínútur á fjórar sjónvarpsstöðvar og skrá hjá mér niðurstöður og hugleiðingar. Hér birti ég þær óbreyttar:

1. BBC Food. Þáttur um matarmenningu. Siðurinn



að skála er aldagömul hefð til að virkja öll skilningarvitin við vín-drykkju. Að sjá lit vins, finna ilm þess og bragð auk snertingar við glasið. Þá var heyrnin ein eftir.

2. CNN. Þáttur um George Bush. Hann hefur það í hyggju að Kaninn fari aftur til tunglsins. (Vissi ekki að það væri olía á tunglinu. Skoða betur).

3. Discovery. Hákarlar. Brjálaði hákarlaveiðarinn Quinn í Jaws var til og heitir Frank Mundus. Skrifaði bók sem heitir 50 years a Hooker. (Lesi).

4. Skjár einn. Will & Grace. Bandarískir klæðskiptingar velja sér nafn með því að kalla sig eftir fyrsta gæludýri sem þeir eignuðust og fyrstu götunni sem þeir bjuggu við. (Miðað við þetta er ég Lubbi Túngata. (Halda leit að nafni áfram.) Ég geri mér grein fyrir að tilraun mín fellur ekki undir skilgreiningu á vísindalegri aðferð en hún nær sama takmarki. Ég tel mig hafa aukið skilning á fyrri rannsóknum á mannlegu eðli og heiminum sem við búum í.

EKKI MISSA AF



► 19.40 Jamie Oliver Stöð 2



► 20:05 Maó (1:4) RÚV



► 20:30 Janice Dickinson Sirkus



► 21:15 Spænsku mörkin Sýn



► 23:20 Jay Leno Skár einn



SJÓNVARPIÐ

16.40 Helgarsportið (e)
17.05 Leiðarljós
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Myndasafnið
18.01 Fyndin og furðuleg dýr (6:26)
18.08 Bú! (16:26)
18.16 Lubbi læknir (42:52)
18.30 Ástfangnar stelpur (4:13)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
► 20.05 Maó (1:4) (Mao - A Life) Fransk-ur heimildamyndaflokkur í fjórum þáttum um Maó Zedong, fyrrverandi formann kín-verska kommúnistaflokksins.
21.05 Örpífaráð (1:3) (Last Rights) Bresk framhaldsmynd í þremur þáttum. Sagan gerist í náinni framtíð þegar skýtingarleysi almennings um stjórnmál hefur náð hættulegu stigi og þeir sem völdin hafa vilja binda endi á lýðræðið. Leikstjóri er Bill Anderson og meðal leikenda eru Charles Dance, Ashley Walters, Sonnel Dadral, Philip Glenister og Keira Malik. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
22.00 Tíufréttir
22.25 Vestfjarðavíkingurinn 2006 Mynd um árlegt aflraunamót á Vestfjörðum sem haldið var í fjórtánda sinn í fyrsumar. Að þessu sinni var keppt á norðanverðum Vestfjörðum. Keppnin hófst á Ísafirði, en leikurinn barst til Flateyrar, Suðureyrar, Þingeyrar, að Dynjanda í Amarfirði og loks aftur til Ísafjarðar.
23.25 Kastljós
23.55 Dagskrárlök



BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06:00 Innocence (Sakleysi)
08:00 2001: A Space Travesty
10:00 The Haunted Mansion (Drauga-húsið) Hrollvekja fyrir alla fjölskylduna.
12:00 Dante's Peak (Tindur Dantes)
14:00 Innocence (Sakleysi)
16:00 2001: A Space Travesty
18:00 The Haunted Mansion
20:00 Dante's Peak (Tindur Dantes)
22:00 Paycheck Bönnuð börnum.
00:00 The Firm Bönnuð börnum.
02:30 Superfire Bönnuð börnum.
04:00 Paycheck



06:58 Ísland í bitíð
09:00 Bold and the Beautiful
09:20 Íínu formi 2005
09:35 Oprah.
10:20 Ísland í bitíð (e)
12:00 Hádegisfréttir
12:40 Neighbours
13:05 Valentína
13:50 Sisters
14:40 Listen Up (7:22)
15:05 George Lopez (23:24)
15:30 Ljónagrín (Father of the Pride)
15:50 Tvíburasysturnar (4:22)
16:13 Skrímslasplið (34:49) (Yu Gi Oh)
16:33 Animaniacs
16:53 Smá skrítnir foreldrar
17:18 Véla-Villi
17:28 Bold and the Beautiful
17:53 Neighbours
18:18 Íþróttir og veður
18:30 Fréttir, íþróttir og veður
19:00 Ísland í dag
► 19:40 Jamie Oliver - með sínu nefi (12:26)
20:05 Extreme Makeover: Home Edition (23:25)
21:30 Grey's Anatomy (7:22)
22:15 Crossing Jordan (13:21)
23:00 X-Files: Fight the Future
00:55 Afterlife (4:8) Bönnuð börnum.
01:45 The Last Ride
03:05 Grey's Anatomy (7:22)
03:50 Ísland í bitíð e
05:25 Fréttir og Ísland í dag
Fréttir og Ísland í dag endursýnt frá því fyrr í kvöld.
06:35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ



SIRKUS TV

12:00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV
18:00 Insider (e)
18:30 Fréttir, íþróttir og veður
19:00 Ísland í dag
19:30 Seinfeld (7:24) (e) Jerry fer í fjör-umar við húðsjúkdómalækni til að hjálpa George að villa um fyrir nýja vinnuveitand-anum.
20:00 Entertainment Tonight (e)
► 20:30 Janice Dickinson - NÝTT Janice Dickinson er fyrsta ofurmódel heims... að eigin sögn. Eftir að hafa verið dómari í þátt-unum America's Next Top Model í nokkur ár fannst Janice kominn tími til að breyta til. Hún ákvað því að opna sína eigin umboðs-skrifstofu og til að gera verkefnið enn meira spennandi lætur hún taka allt ferlið upp fyrir sjónvarpið. Meira en 500 manns mættu í opnar prufur sem Janice hélt. Aðeins nokkr-ir þeirra munu komast áfram og eiga séns á að komast að hjá Janice.
21:00 Tekinn Brot af því besta og Auðdi fær Unni Birnu til liðs við sig þegar hann hrekkir sjálfan Hemma Gunn.
21:30 Star Stories - NÝTT Gamanþætt-ir þar sem gert er grín að stjörnunum og lífi þeirra. Þættirnir eru byggðir upp eins og þættir þar sem skyggnst er á bak við tjöld-in hjá frægu fólki. Allar sögumar í þáttunum eru sannar en það eru leikarar sem stíga í fótspor raunverulega fólksins og gera grín að lífi þeirra.
22:00 Trading Spouses - NÝTT Er grasið grænna hinumegin? Nokkrar fjölskyldur taka sig til og prófa nýtt líf. Er líf þeirra ekki nógu gott eða eru þau vanpakklát? Við fylgjumst með nokkrum fjölskyldum þar sem mæður og fedur skipta um fjölskyldur. Í hverri viku mun einn húsráðandi skipta um hlutverk við annan húsráðanda. Þau munu ala upp börn þeirra, hugsa um heimili þeirra og fá þannig að upplifa annað líf.
22:50 Insider
23:15 Twenty Four (5:24) (e)
00:00 Twenty Four (6:24) (e)
00:45 Seinfeld (7:24) (e)
01:10 Entertainment Tonight (e)
01:35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV



SJÓNVARP NORDURLANDS

Fréttapátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15



OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



SKJÁREINN

07:15 Beverly Hills 90210 (e)
08:00 Rachael Ray (e)
08:55 Venni Páer (e)
15:40 What I Like About You (e)
16:05 Game tívi (e)
16:35 Beverly Hills 90210
17:20 Rachael Ray
18:15 Melrose Place
19:00 Everybody loves Raymond (e)
19:30 Just Deal Bandarísk unglingasería.
20:00 One Tree Hill
21:00 Heroes - NÝTT Bandarísk þátta-röð sem hefur slegið í gegn og er vinsæl-asta nýja þáttaröðin í bandarísku sjónvarpi í vetur. Hún hefur fengið frábæra dóma og gríðarlegt áhorf. Heroes er fersk og spenn-andi þáttaröð um venjulegt fólk með óvenjulega hæfileika. Aðalsöguhetjumar héldu að þær væru eins og allir aðrir þar til þær vöknudu einn daginn með yfírátturu-lega hæfileika. Í fyrstu virðist fátt sem teng-ir þetta fólk en smám saman tvinnast sögur þess saman.
22:00 Law & Order Bandarískur þáttur um stórf rannsóknarlögreglumanna og sak-sóknara í New York. Kona sem sá um inn-ritanir í einkaskóla finnst myrt og lögreglan finnur hótanir frá svektum foreldrum á sím-svara hennar.
22:50 Everybody loves Raymond
► 23:20 Jay Leno
00:10 Boston Legal - NÝTT (e)
01:10 Beverly Hills 90210 (e)
01:55 Melrose Place (e)



SKJÁR SPORT

18:00 Liverpool - Bolton (frá 1. jan)
20:00 Fulham - Watford (frá 1. jan)
22:00 Sheff. Utd. - Arsenal (frá 30. des)
00:00 Dagskrárlök

www.minnsirkus.is/tv

BYRJAR 8. JANÚAR
MÁNUDAGINN KL. 21:00

JANICE DICKINSON
MODELING
AGENCY



SIRKUS TV

90% heimila ná Sirkus TV á ADSL kerfinu, Breiðbandinu, Digital Ísland en einnig er hægt að ná Sirkus TV með venjulegu UHF loftneti

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21:30

Grey's Anatomy

Vinsælasti þátturinn vestanhafs þar sem nú ríkir mikið Grey's Anatomy æði. Þættirnir fengu þar á ofan flestar tilnefningar til Golden Globe-verðlauna; alls fjórar tilnefningar. Þátturinn er tilnefndur sem besti sjónvarps-þátturinn í dramaflokki. Ellen Pompeo sem leikur Meredith Grey og Patrick Dempsey sem leikur Derek Shephers, eru tilnefnd sem bestu leikarar í aðalhlutverki og Katherine Heigl sem leikur Izzie er tilnefnd sem besta leikkonan í aukahlutverki. Í þætti kvöldsins reynir rækilega á samvinnu kvennanna á skurðstofu Grace spítalans í Seattle þegar karlarnir taka sig til og fara saman í útilegu. Neyðast þær þá til að útkljá ýmis óþppgerð persónuleg mál sín á milli - því ekki gengur að láta þau þvælast fyrir því mikilvæga starfi sem þær gegna á spítalanum.



► VIÐ MÆLUM MED **HEROES** Á SKJÁEINUM KL. 21.00

Heroes er fersk og spennandi þátta-röð um venjulegt fólk með óvenju-lega hæfileika, og er vinsælasta nýja þáttaröðin í bandarísku sjónvarpi í vetur. Aðalsöguhetjurnar héldu að þær væru eins og allir aðrir þar til þær vöknðu einn daginn með yfirmáttur-lega hæfileika. Í fyrstu virðist fátt sem tengir þetta fólk en smám saman tvinnast sögur þess saman. Þessi þáttaröð hefur slegið í gegn í Banda-ríkjunum og á eflaust eftir að falla í kramið hjá íslenskum áhorfendum.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.45	Veðurfregnir	6.50	Bæn	7.00	Fréttir	16.13	Hlaupanótan
7.05	Morgunvaktin	8.00	Fréttir	9.00	Fréttir	17.00	Fréttir
9.05	Laufskálinn	9.45	Morgunleikfimi			17.03	Viðsjá
10.00	Fréttir	10.03	Veðurfregnir	10.13		18.00	Kvöldfréttir
	Stefnumót	11.00	Fréttir	11.03	Samfélagið í nærmynd	18.24	Auglýsingar
						18.25	Spegillinn
						18.50	Dánarfregnir og auglýsingar
						19.00	Vitinn
						19.30	Laufskálinn
						20.10	Söngvamá
						21.00	Fagrar heyrðir ég raddirnar
						21.55	Orð kvöldsins
						22.00	Fréttir
						22.10	Veðurfregnir
						22.15	Úr tónlistarlífinu
						0.00	Fréttir
						0.10	Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Lítt Bylgjan / Tónlist og affreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og affreying **FM 97,7 X-10** / Enginn viðbjóður

SYN

15:25 FA Cup 2006 (Man. Utd. - Aston Villa)

17:05 Spænski boltinn (Getafe - Barcelona)

18:45 NFL - ameríska ruðningsdeildin (Philadelphia - NY Giants)

20:45 Ensku bikarmörkin 2007 Helstu tilprifin og mörkin úr síðustu umferð í ensku bikarkeppninni í knattspyrnu.

►21:15 Spænsku mörkin

22:00 Coca Cola mörkin Hér er farið yfir allt það helsta sem gerðist í liðinni umferð í ensku 1. deildinni í knattspyrnu.

22:30 Football Icons Enskur raunveruleikabáttur þar sem ungir knattspyrnumenn keppa um eitt sæti í herbúðum Englands-meistara Chelsea. Sjó þúsund samningslausir knattspyrnumenn á aldrinum 16-18 ára skráðu sig til leiks og fjórtán eru valdir til þess að taka þátt í þessum vikulegu þáttum. Einn dettur út í hverjum þætti þar til þeir eru eftir í lokabættinum.

23:25 World Poker Tour Bad Boys

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

21.00 Einbýlishús – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

22.00 Fjölbýli og hæðir – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

23.00 Nýjar eignir e.

0.00 SMS eignir – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

DR 1

11.40 Debatten 12.20 Udefra: Det politiske drivhus 13.20 Mysteriet om Danmark Ekspeditionen 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med vejret 14.10 Dawsons Creek 15.00 Hjerteflimmer 15.30 Boogie Update 16.00 Landulven og byulven 16.05 Yu-Gi-Oh! 16.30 Trøldspejlet 17.00 Den hvide sten 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.55 Dagens Danmark 18.25 TV Avisen 18.30 Genbrugsguld 19.00 Med Kløvedal på rejse langs Grønlands vestkyst 20.00 TV Avisen 20.25 Horisont 20.50 SportNyt 21.00 Hun så et mord 22.25 Kongeligt bedrag 23.15 Viden om 23.45 Boogie Update

NK1

11.55 Tom og Jerry 12.00 Siste nytt 12.05 Schrödingers katt 12.30 Arbeidsliv 13.00 Siste nytt 13.05 Norge rundt 13.30 Åpen himmel: Gudstjeneste i Storsalen menighet i Oslo 14.00 Siste nytt 14.05 lan tar regien 14.30 Den blåsandens hemmelighet 15.00 Siste nytt 15.03 Nådlanding 15.30 Ekspedisjon årken 16.00 Siste nytt 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 Tid for tegn 16.40 Minid-TV - Samisk barne-tv 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Harry med båtta full av dinosaurer 17.10 Gubben og Katten 17.25 Vennene på Solflekken 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Puls 18.55 Faktor: Petter Northug - tåff i skallen 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.30 Dok I: Et liv med hiv 21.30 Smith og Jones: godt og blandet 22.00 Kveldsnytt 22.10 Store Studio 22.50 Detektimen: Poirot: Kom til meg, død

SVT 1

11.05 Agenda 12.00 Sportspegeln 12.50 Gösta Berlings saga 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Garage - Ålska film! 16.30 Krokodill 17.00 Små Einsteins 17.30 Zoé Kézako 17.45 Klister 18.00 Lilla sportspegeln 18.30 Rapport 19.00 Mästerverket 20.00 Plus 20.30 Kobra 21.00 Supernatural 21.45 Rapport 21.55 Kulturmyhetema 22.05 Bingo Royale 22.50 Humorlabbet 23.20 Sändning från SVT24

SVAFST ÞÚ VEL Í NÓTT?



ÚTSALA

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR



HeilsuRúm



Dýnur



Gjafavara



Svefnsófar



Stólar



Sófar

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18 og laugardaga: 11–16

Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954

Reykjavík: Mörkín 4, sími: 533 3500

Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504

HRÓSIÐ ...

...fær Stúdentaléikhúsið, sem leggur land undir fót og gefur Norðlendingum tækifæri á að sjá sýninguna vinsælu Þú ert enginn Johnny Depp.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2 þvogl 6 frá 8 fæða 9 þrjónavarningur 11 hróp 12 málum 14 rökkur 16 í röð 17 andi 18 utan 20 tveir eins 21 faðmlag.

LÓÐRÉTT 1 svall 3 samtök 4 matjurt 5 þunnur vökvi 7 óframfærinn 10 arinn 13 suss 15 heila 16 töf 19 núna.

LAUSN

1. þvogl 6 frá 8 fæða 9 þrjónavarningur 11 hróp 12 málum 14 rökkur 16 í röð 17 andi 18 utan 20 tveir eins 21 faðmlag.

LÓÐRÉTT 1 svall 3 samtök 4 matjurt 5 þunnur vökvi 7 óframfærinn 10 arinn 13 suss 15 heila 16 töf 19 núna.

LAUSN

1. þvogl 6 frá 8 fæða 9 þrjónavarningur 11 hróp 12 málum 14 rökkur 16 í röð 17 andi 18 utan 20 tveir eins 21 faðmlag.

LÓÐRÉTT 1 svall 3 samtök 4 matjurt 5 þunnur vökvi 7 óframfærinn 10 arinn 13 suss 15 heila 16 töf 19 núna.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8

1

Engeyjar RE 1.

2

Pólverjar.

3

Hanni og Halli Bachmann.

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Upplýsingar í síma 560 2525

Textavarp: Stöð 2 • 150-153

RÚV • 281, 283 og 284

Lotto

Vinningstölur laugardaginn 06.01.2007

11 14 15 26 30

Einfaldur 1. vinningur næsta laugardag

Bónus tala 12

Jóker

Jóker 9 8 4 7 4

1. vinningur gekk ekki út

VÍKINGA

Lotto

Alltaf á miðvikudögum

Vinningstölur miðvikudaginn 03.01.2007

Aðaltölur 2 17 21 34 39 40

Bónustölur Ofurtala 6 44 42

Einfaldur 1. vinningur næsta miðvikudag

Jóker 3 6 0 2 3

1. vinningur gekk ekki út

Gísli ekki spenntur fyrir endurkomu Geira

„Hér gilda ákveðnar reglur um hvað megi þrífast innan borgarmarkanna og ég held að borgarbúar séu ánægðir með að vera lausir við strippstaðina,“ útskýrir Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, þegar hann er innntur eftir því hvort til standi að breyta reglum um súlustaði í miðborg Reykjavíkur. Eins og greint var frá í DV hefur Ásgeir Davíðsson, oftast kenndur við súlustaðinn Goldfinger í Kópavogi, keypt Ullarhúsið við Austurstræti og hafa sögusagnir spunnist um að þar ætli hann opna strippstað. Gísli segir margt breytt eftir að nýr meirihluti tók við völdum í Ráðhúsinu en leyfi fyrir súlustöðum séu ekki inni í

plönunum í náinni framtíð. „Ég hygg að áherslan á fjölskylduvænan, hreinan og fallegan miðbæ sé enn meiri en áður,“ útskýrir Gísli. „Ég fékk húsið á ágætis kjörum en hef ekki tekið neinar ákvarðanir um hvers konar starfsemi verður rekin þarna,“ segir Ásgeir sem vildi ekki gefa upp kaupverðið en samkvæmt fermetraverði í miðborginni getur verðmæti hússins hlaupið á allt að tvö hundruð milljónum í núverandi mynd. „Ákveðin eignaskipti áttu sér stað og ég lét frá mér stórt og veglegt einbýlishús í Vogahverfinu og húseign á Laugaveginum,“ segir Ásgeir. Súlustaður er vel inni í myndinni hjá Ásgeiri enda finnst honum sem stripp hafi aldrei verið bann-

að nema hjá sér. Hann upplýsir jafnframt að fjölmargir góðborgarar hafi lýst því yfir við sig að þeir sakni hins veglega whiskey-safns sem eitt sinn prýddi Maxim á Hafnarstrætinu. „Auðvitað er ég með eitthvað af því á Goldfinger en stærsti hlutur lagersins er í geymslu og biður eftir nýjum stað,“ segir Ásgeir en safnið vakti þó nokkra athygli út fyrir landsteinana og var um það fjallað í erlendum tímaritum. - fgg

ÁSGEIR DAVÍÐSSON Skipti á húseignum sínum í Vogahverfinu og Laugaveginum fyrir Ullarhúsið en þar hyggst hann opna nýjan skemmtistað.



ÁRMANN ÞORVALDSSON: GLÆSILEG ÁRAMÓTAVEISLA Í HAMPTON COURT

Duran Duran lék fyrir dansi

„Þetta er rétt en ég vil ekki tjá mig um málið að öðru leyti,“ segir Ármann Þorvaldsson, forstjóri Kaupþings í London, en ’80 hetjurnar í Duran Duran léku nokkur lög í árlegu einka-áramótapartí Ármanns í London þar sem viðskiptavinir hans, fjölskylda og vinir skemmtu sér langt fram á nótt. Teitið var að sjálfsögðu vel sótt en Ármann vildi lítið segja um hverjir það hefðu verið sem stigu trylltan dans við mörg af vinsælustu lögum níunda áratugarins. Veislan var haldin í glæsilegum salarkynnum Hampton Court Palace.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru stjörnur á borð við Duran Duran ekkert áfjáðar í að spila í einkateitum á borð við veislu Ármanns og hækka oftast verðmiðann þegar slík tilboð berast. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst þá hefur kostnaðurinn við þessa „litlu“ einkatónleika því ekki verið undir þrjátíu og fimm milljónum íslenskra króna.

Veislur Ármanns í London hafa oftan en ekki ratað á forsíður blaðanna fyrir glæsileika sinn og fræga skemmtikrafta. Vakti mikla athygli þegar sjálfur Tom Jones tróð upp í fyrra og söng nokkra velvalda slagara fyrir gesti forstjórans og hljóp kostnaðurinn þá á nokkrum tugum milljóna. Ríkti því töluverð eftirvænting hjá gestum kvöldsins hvað Ármann drægi upp úr hatti sínum en ekki verður annað sagt en að hann hafi komið flestum í opna skjöldu með nærveru glys-sveitarinnar.

Duran Duran ætti að vera flestum Íslendingum að góðu kunn því auk þess að vera ein af táknmyndum níunda áratugarins kom hljómsveitin hingað til lands sumarið 2005 og spilaði fyrir

DURAN DURAN Ein frægasta hljómsveit síðari ára og tók ekki undir 35 milljónum fyrir stutta sveiflu í Hampton Court Palace.



HAMPTON COURT PALACE Glæsilegur vettvangur fyrir áramótaveislu Ármanns.

fullri Egilshöll við góðar undirtektir.

Bloggarinn Steingrímur Sævarr Ólafsson greindi fyrst frá þessu á blogg sínu sinni, saevarr.blog.is, á laugardagskvöldinu en þá stóð veislan sem hæst. Samkvæmt Steingrími vissu gestir varla hvaðan á sig stóð veðrið þegar Simon Le Bon og félagar birtust öllum að óvörum. Sagði einn gestanna að menn hefðu lítið hver á annan og spurt hvað myndi gerast á næsta ári. Gestir Ármanns sungu síðan með hástöfum þegar hljómsveitin flutti uppklappslagið Girls on Film.

- fgg



ÁRMANN ÞORVALDSSON Gerði betur heldur en í fyrra og fékk sjálfar ’80 hetjurnar í Duran Duran til að leika fyrir dansi.

Mýrin slær aðsóknarmet

Kvikmyndin Mýrin eftir Baltasar Kormák sló aðsóknarmet um helgina þegar gestur númer 82.265 greiddi aðgangseyri. Þar með velti hún Englum alheimsins úr sessi sem aðsóknarmesta íslenska mynd frá því mælingar hófust en alls sáu 82.264 manns þá síðarnefndu um árið.

„Þetta er bara frábært, ánægjulegt að fá svona góðar móttökur,“ segir Baltasar Kormákur. Spurður hvort hann hafi þorað að vonast eftir svo góðri aðsókn segist Baltasar alltaf leyfa sér að dreyma um velgengni. „En það er ekki alltaf hægt að reikna með henni. Það er ekki til nein uppskrift að vinsælum myndum, auðvitað sakar ekki að hafa vinsæla bók til að byggja á en það hefur líka snúist í höndunum á mönnum. Það er ekkert gefið í þessum efnun.“

Baltasar segir þetta líka sýna svo ekki verður um villst að

Íslendingar vilji sjá myndir sem gerast í og fjalla um þeirra umhverfi. „Þeir eru ekki að leita að ameríkanseringu, heldur vilja fá íslenskt bragð. Sömu sögu má segja um Engla alheimsins, þar sem efnistökin voru mjög íslensk.“

Mýrin hefur verið sýnd í kvikmyndahúsum í innan við þrjá mánuði og aðsóknin er ennþá góð. „Myndin er komin ansi langt og fer vonandi aðeins lengra. Ég vona að þeir sem ætla að sjá hana en hafa ekki komist ennþá drífi sig áður en sýningum fækkar.“ Baltasar er ekki síður ánægður með að myndin hafi líka verið sýnd með enskum texta. „Þeir sem eru ekki altalandi á íslensku hafa því getað séð hana líka. Þaðir minn flutti hingað til lands á sínum tíma þannig að það stendur mér nærri að fá innflytjendur líka í bío á íslenskar myndir.“ - bs





BALTASAR KORMÁKUR Segist alltaf vonast eftir velgengni en það sé ekki hægt að reikna með henni.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hefur netið verið morandi í kjaftasögum um ástæður þess að **Magni Ásgeirsson** og Eyrún Haraldsdóttir slitu samvistum, sú lífseigasta snerti meint samband söngvarans við fyrrum keppinaut sinn í Rock Star:Supernova, **Dil-önu**. Magni svaraði þessum ásökunum í Fréttablaðinu í gær og vísaði þeim til föðuhrúsanna. Á opinberri aðfærda-síðu Magna, magni-ficent.com, hefur þræði sem gekk út á þessar grúsögur nú verið eytt algjörlega en þar gengu menn svo langt að falska frétt með útliti fréttastofunnar CNN.

Um Duran Duran tónleika **Ármanns Þorvaldssonar** má lesa um hér til hliðar en forstjóri Kaupþings í London hélt veglega áramótaveislu í Hampton Court Palace. Tónleikahaldarar biða nú örugglega margir spennir við símann því samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er ekki óalgengt að þekkti menn úr viðskiptalífnum hringi í þá og vilja gera betur en Ármann. Sagðist einn tónleikahaldarinn hafa fengið ein þrjú símtöl frá þekktum athafnamönnum hér á landi í fyrra sem vildu fá stærri listamenn en **Tom Jones** til að troða upp hjá sér.

Björn Ingi Hrafnsson heldur áfram að skrifa um „meintan“ branda ritstjórnar Múrsins sem bera æviminningar Margrétar Frimannsdóttur saman við raunir Telmu Ásdísardóttur. Hann vitnar í borgarfulltrúann **Svandís Svavarsdóttur** sem í Silfri Egils gerði litla tilraun til að verja þennan hómur. „Jafnframt eru þessi viðbrögð mjög í ósamræmi við viðbrögð Múrsins og varaformanns VG, sem í stað þess að biðjast forláts og sýna iðrun yfir augljósum mistökum af stærra taginu, reyna að bera fyrir sig tæknilegar útskýringar, svo sem þá að í raun hafi spjótunum verið beint að **Jóni Baldvin Hannibalssyni**“ skrifar borgarfulltrúinn.



Samkeppni í 3 ár



Atlantsolía hefur í dag staðið í samkeppni við gömlu olíufélögin í 3 ár.

Hvað telur þú að verð á bensíni væri í dag ef Atlantsolía hefði ekki hafið starfsemi fyrir þremur árum og þannig stuðlað að samkeppni við gömlu olíufélögin?

☐

115 kr / lítra

☐

125 kr / lítra

☐

150 kr / lítra

☐

200 kr / lítra


ATLANTSOLÍA

Sími: 591-3100 og www.atlantsolia.is



BAKÞANKAR
PRÁINS BERTELSSONAR

Húsbændur og hjú

Sumir halda að manneskjan sé Skóróna sköpunarverksins og efsti hlekkurinn í fæðukeðjunni samkvæmt vilja Guðs og/eða þróunarkenningu Darwins vegna þess að manneskjan kann ýmislegt sem aðrar dýrategundir hafa ekki enn komist upp á lag með, svo sem að smíða verkfæri, kveikja eld og segja brandara. Ennfremur teljum við að hver manneskja hafi svonefnda samvisku og sé þess vegna sjálfkjörin til að fara með einræðisvald á jörðinni – einnig í málum sem snerta aðrar dýrategundir. Jafnvel okkar nánustu kunningjar svo sem hundar, kettir, kindur, kýr, hross, mýs og skrautfiskar verða að sætta sig við að allar ákvarðanir hérna á plánetunni eru teknar af manneskjum án minnsta samráðs við aðrar greinar á lífsins tré.

Á MÓTI þessu meinta misrétti má benda á að öll önnur dýr en manneskjan njóta skattfrelsis. Og ekki nóg með það heldur eru þau undanþegin lögum og reglum. Það þýðir að ekki er hægt að fara í skaðabótamál við hest sem fleygir manni af baki, hund sem bítur mann eða kött sem drepur verðmætan selskapspáfagauk sér til gamans. Í fljótu bragði virðist hinn meðvitaði maður, homo sapiens, hafa komið ár sinni vel fyrir borð hérna á plánetunni. En þegar að er gáð er manneskjan ekki lengur efsti hlekkurinn í fæðukeðjunni né kóróna sköpunarverksins.

FYRIR OFAN okkur trónir vera sem er hvorki af holdi né blóði og er tilfinninga- og samviskulaus. Engu að síður er hún lögaðili og getur sótt mál og varið. Það er hægt að sekta hana en útilokað er að hafa hendur í hári hennar eða setja hana í fangelsi. Hún hefur ekki atkvæðisrétt en hún hefur málfrelsi og tillögurétt og henni hefur tekist að sannfæra manneskjuna um að mannlegir hagsmunir séu í besta falli númer tvö hérna á jörðinni.

ÞESSI VOLDUGA óáþreifanlega skepna sem hefur leyst manneskjuna af hólmi sem kóróna sköpunarverksins heitir FYRIR-TÆKI. Tungumál þessa ofjarls okkar er enska, gjaldmiðillinn er evra. Stuttu herraveldi mannsins á jörðinni er lokið. Það stóð mun skemur en blómaskeið risaæðlanna. Við lifum á öld fyrirtækjanna. Þeirra er mátturinn og dýrðin. Gleðilegt ár.



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ flugfelag.is

Það eru 3.990 kr. hingað og þangað



Afmælistilboð til allra áfangastaða

Flugfélag Íslands heldur upp á 10 ára afmæli sitt á árinu og lætur alla landsmenn njóta þess með sérstöku afmælisfargjaldi til allra áfangastaða innanlands, þegar bókað er á netinu:
Aðeins 3.990 krónur aðra leið.

Afmælisfargjaldið er í boði á leiðum félagsins frá Reykjavík til Ísafjarðar, Akureyrar, Egilsstaða og Vestmannaeyja og frá Akureyri til Grimseyjar, Vopnafjarðar og Þórshafnar.

Nánari upplýsingar á www.flugfelag.is.
Til að byrja með verða yfir 20.000 sæti í boði á þessum frábæru kjörum.

Ungt flugfélag með sjötíu ára reynslu.

SHARP

Í FREMSTU RÖÐ FRUMKVÖÐLA LCD-VEGGSJÓNVARPANNA

SAMSUNG

EINN FRAMSÆKNASTI RAFTÆKJAFRAMLEIÐANDI HEIMS Í DAG

Pioneer

MEÐ FULLKOMNA FORYSTU Í PLASMA-SJÓNVARPSTÆKJUM

LOEWE.

MARGVERÐLAUNUÐ OG AFAR GLÆSILEG HÖNNUN

VEGGSJÓNVÖRÐ

Glæsilegt úrval!

ORMSSON

SÍÐUMÚLA • SMÁRALIND • AKUREYRI • KEFLAVÍK • ÍSAFIRÐI • AKRANESI
SELFOSI • NESKAUPSTAÐ • REYÐARFIRÐI • EGILSSTÖÐUM